


skoðun 16

2 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur





**Sprengitilboð**
**Blaðsíða 11**
DEWALT
SINDRI



# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
**8. apríl 2011**
82. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
10 ÁRA
2001-2011




**Óttast flótta**
*Laufey Guðjónsdóttir segir óvissu ríkja um kvikmyndagerð á Íslandi.*
**föstudagsviðtalið 12**

**Íþróttahúsið við Strandgötu á afmæli**
*Opnunarleikur FH og Hauka endurtekinn 40 árum síðar.*
**tímamót 24**



**Á ferð og flugi**
*Rokksveitin Who Knew spilar á Hróarskelduhátíðinni í sumar.*
**fólk 36**

**veðrið í dag**




**HLÝNANDI** Suðvestan 5-10 m/s með dálítilli vætu SV- og V-til. Annars víða bjart veður. Hiti yfirleitt á bilinu 5-13 stig.
**VEÐUR 4**

# Fylgi við Sjálfstæðisflokk og Vinstri græn eykst lítillega

**18 prósent myndu sitja heima eða skila auðu yrði kosið til Alþingis nú samkvæmt könnun Fréttablaðsins. Um 15 prósent segjast óviss um hvað þau myndu kjósa. Fylgi Framsóknarflokksins og Samfylkingar dalar.**

**KÖNNUN** Sjálfstæðisflokkur og Vinstri græn bæta við sig fylgi en stuðningur við Samfylkinguna og Framsóknarflokkinn dalar samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins.

Um 55 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar, en þriðjungur þeirra sem hringt var í sagðist óákveðinn, eða sagðist myndu skila auðu eða sitja heima í kosningum.

Alls sögðust 15 prósent þeirra sem hringt var í óviss um hvað þau myndu kjósa yrði boðað til kosninga. Tæplega 18 prósent sögðust myndu sitja heima eða skila auðu. Um 11 prósent gáfu ekki upp afstöðu sína. Þetta bendir til þess að enn sé mikil óánægja með stjórnmálaflokka og stjórnmálamenn meðal almennings.

Sjálfstæðisflokkurinn fengi samkvæmt könnuninni 44 prósent atkvæða og 29 þingmenn yrði kosið nú. Stuðningur við flokkinn mældist 41,2 prósent í könnun Fréttablaðsins 24. febrúar síðastliðinn.

Samfylkingin fengi 24,8 prósent atkvæða og 16 þingmenn. Fylgið dalar heldur frá síðustu könnun Fréttablaðsins, þegar það mældist 26 prósent.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar njóta Vinstri græn stuðnings 17,7 prósenta landsmanna, sem myndi skila flokknum 12 þingmönnum. Stuðningur við flokkinn hefur aukist frá síðustu könnun, þegar 15,7 prósent sögðust styðja Vinstri græn.

Framsóknarflokkurinn mælist nú með stuðning 9,4 prósenta landsmanna, og fengi sex þingmenn yrðu það niðurstöður kosninga. Stuðningur við flokkinn mældist 11,7 prósent í febrúar og hefur því fylgið dalað talsvert.

Hreyfingin fengi 4,1 prósent atkvæða og næði ekki inn þingmanni yrðu það niðurstöður kosninga. Alls sögðust 3,6 prósent styðja flokkinn í febrúar og því lítil breyting á stuðningi við hann.

- bj / sjá síðu 10

**Fylgi stjórnmálaflokkanna**

Skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 dagana 23. og 24. febrúar 2011 - fjöldi þingmanna og fylgi (%)




Samkvæmt könnun Fréttablaðsins 5. og 6. apríl 2011



**KR SIGUR** KR-ingar tryggðu sér sæti í úrslitum Íslandsmóts karla í körfubolta í gærkvöldi þegar þeir lögðu Keflvíkinga að velli, 105-89. Stuðningsmenn KR voru að vonum ánægðir. - **Sjá síðu 40**

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nýr safngripur á Reðasafnið:

## Safnið loksins fullkomnað

**FÓLK** Sigurður Hjartarson, safnstjóri Hins íslenzka reðasafns á Húsavík, mun formlega fullkomna safn sitt á reðrum íslenskra spendýra í dag.



**SIGURÐUR HJARTARSON**

Hann mun þá stilla upp eintaki sem Páll Arason ánafnaði safninu að sér látnum.

Í samtali við Fréttablaðið sagðist Sigurður telja að nýjasta viðbótin muni auka aðsókn á safnið.

„Þetta er síðasta eintakið sem mig vantaði í íslensku spendýrafánuna og ég hef ekki trú á öðru en að þetta bæti safnið og styrki það.“

- þj

Már Guðmundsson seðlabankastjóri segir efnahagshorfur fara batnandi:

## Nei getur sett strik í reikninginn

**EFNAHAGSMÁL** Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði á ársfundi Seðlabankans í gær að Íslendingar stæðu á krossgötum í efnahags- og peningamálum. Þar átti hann við að nú væri óstöðugleiki og samdráttur að víkja fyrir betra jafnvægi og efnahagsbata.

Már sagði einnig að Icesave-kosningarnar gætu sett strik í reikninginn.

„Verði niðurstaðan já munu haftaafnám og lántökur ríkissjóðs ganga fram eins og áformað er. Ef Icesaves-samningunum verður hafnað eru hins vegar vísbendingar um að stóru bandarísku matsfyrirtækin tvö ákveði að setja lánshæfismat ríkisstjóðs niður í spákaupmennskuflokk. Óvissa er hins vegar um hversu sterk og langvinn þessi áhrif yrðu.“

Í ræðu sinni sagði Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, að Seðlabankinn hefði ekki enn gefið nægileg svör við því sem aflaga fór fyrir hrun.

Málflutningur bankans sé enn „í fjötrum persónuverndar þáverandi formanns bankastjórnar“. Hann lagði aukinheldur mikla áherslu á að þjóðin tæki höndum saman við endurreisn landsins.

- þj








„Ótrúlega grípandi.“
Now
Ný bók eftir Dorothy Koomson, höfund Dóttir hennar, dóttir mín og Góða nótt, yndið mitt
www.forlagid.is



## SPURNING DAGSINS



*Heiður, er þá gróðrarvon á Íslandi eftir allt saman?*

Já, svei mér þá, hér er fólk stöðugt að græða og græða.

Heiður Agnes Björnsdóttir, tómstundaræktandi segir alla geta ræktað mat- og kryddjurtir á Íslandi, jafnvel utandyra.

Lögregla rannsakar enn gögn úr tölvubúnaði grunaðra kynferðisbrotamanna:

# Framlengt á föður og frænda

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjaness framlengdi í gær gæsluvarðhald yfir tveimur mönnum, sem grunaðir eru um kynferðisbrot gegn dreng á áttunda árinu, til 14. apríl næstkomandi. Úrskurðurinn er á grundvelli rannsóknarhagsmuna, en lögreglan mun eiga eftir að rannsaka talsvert magn gagna sem fundust í tölvum mannanna.

Annar mannanna kærði úrskurðinn til Hæstaréttar en óvíst var með hinn.

Mennirnir tveir sem um ræðir eru faðir og frændi litla drengsins. Þeir eru grunaðir um gróf brot gegn honum. Við húsleit hjá þeim eftir handtökur fannst marijúana og kókaín. Þeir hafa sætt yfirheyrslum en báðir hafa neitað sök. - jss



**FYRIR DÓMARA** Mennirnir voru leiddir fyrir dómara í gær.

Málaferli gegn Geir Haarde:

# Kosta 113,4 milljónir í ár

**ALÞINGI Áætlaður kostnaður við landsdóm á þessu ári er 113,4 milljónir króna. Þetta kemur fram í svari Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins.**

**Meirihluti Alþingis ákvað á síðasta ári að höfða bæri mál gegn Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra og formanni Sjálfstæðisflokksins, fyrir landsdómi fyrir vanrækslu í starfi í aðdraganda bankahrunsins.**

# Tímamótadómur yfir Baldri Guðlaugssyni

**Fyrsti dómurinn í máli á vegum sérstaks saksóknara markar tímamót. Niðurstaðan er tveggja ára fangelsi yfir einum valdamesta manni landsins fyrir hrun. Brotið þykir stórfellt. Milljónirnar 192 sem hann sveik út eru gerðar upptækar.**

**DÓMSMÁL** Baldur Guðlaugsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gærmorgun dæmdur í tveggja ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir innherjasvik. Þetta er fyrsti dómurinn sem fellur í máli á vegum sérstaks saksóknara og í fyrsta sinn sem sakfellt er fyrir innherjasvik á Íslandi.

Baldur var einn æðsti embættismaður landsins þegar hann seldi hlutabréf sín í Landsbankanum tveimur vikum fyrir bankahrunið haustið 2008. Um hann sagði Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra, í skýrslutöku hjá rannsóknarnefnd Alþingis: „Baldur var mjög valdamikill maður í þessari ríkisstjórn, kannski valdamesti maðurinn af okkur öllum.“

Ákæran byggði nær eingöngu á því að Baldur hefði átt sæti í samráðshópi þriggja ráðuneyta, Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins um fjármálastöðugleika, og hefði þar öðlast mjög viðkvæmar upplýsingar um slæma stöðu bankakerfisins, einkum Landsbankans.

Þessu mótmælti Baldur á öllum stigum málsins. Hann hélt því fram að upplýsingarnar sem fram komu á fundunum hefðu verið þess eðlis að allir sæmilega upplýstir borgarar hefðu getað nálgast þær með léttum leik. Þær gætu því ekki talist innherjaupplýsingar.

Þessar fullyrðingar fengu hins vegar takmarkaða stoð í framburði vitna, sem töldu upplýsingarnar mikið trúnaðarmál og að þær hefðu getað valdið áhlaupi á bankakerfið.

Guðjón Marteinsson héraðsdómari hafnar skýringum Baldurs og segir í niðurstöðu dómsins að fimm af þeim sex atriðum sem talin eru upp í ákæru séu sannarlega innherjaupplýsingar, þvert á neitun Baldurs.

Í niðurstöðunni er meðal annars vitnað til orða Bolla Þórs Bollasonar, fyrrverandi ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneytinu, og Tryggva Pálssonar úr Seðlabankanum, sem báðir sátu í samráðshópnum og töldu sig því ekki geta selt bréf sín í bönkunum. Það hafi þó ekki ráðið úrslitum í málinu.

Segir í dómnum að brot Baldurs sé stórfellt og að hann hafi misnotað aðstöðu sína sem opinber starfsmaður. Milljónirnar 192 eru gerðar upptækar.

Saksóknarinn Björn Þorvaldsson segir að fallist hafi verið á allar kröfur ákæruvaldsins í málinu. „Ég átti alveg eins von á því,“ segir hann. Hann segir að það sé undir Baldri eða ríkissaksóknara komið hvort málinu verður áfrýjað til Hæstaréttar. Næsta víst þykir að svo verði, enda um fordæmisgefandi mál að ræða. Ekki náðist í Karl Axelsson, verjanda Baldurs, í gær.

stigur@frettabladid.is



**ÁFRÝJAR LÍKLEGA** Baldur var einn æðsti embættismaður landsins fyrir hrun. Fyrrverandi ráðherra sagði hann líklega valdamesta manninn í ríkisstjórninni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ari Teitsson er varaformaður:

# Salvör fer fyrir stjórnlagaráði

**STJÓRNARSKRÁ** Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands, var í gær kjörin formaður stjórnlagaþings á öðrum fundi ráðsins.

Salvör varð hlutskarpari í kjöri á milli hennar og Þorvalds Gylfasonar, sem urðu efst í kjöri á milli þeirra átta stjórnlagaráðsmanna sem gáfu kost á sér í formennskuna.

Ari Teitsson bóndi var kjörinn varaformaður.

Samkvæmt starfsreglum sem samþykktar voru um kosninguna máttu formaður og varaformaður ekki vera af sama kyni. - sh



**SALVÖR NORDAL**



**ARI TEITSSON**

Eftirskjálfti í Asíu:

# Engin flóðbylgja á leið til Japans

**JAPAN, AP Engar meiriháttar skemmdir urðu af snörpum jarðskjálfta sem reið yfir norðurhluta Japans í gær, Skjálftinn, sem mældist 7,1 stig á Richterkvarða, er sá harðasti af fjölmörgum eftirskjálftum sem hafa orðið eftir hamfarirnar þann 11. mars síðastliðinn sem kostuðu allt að 25.000 manns lífið og leiddu til geislamengunar.**

**Flóðbylgjuviðvörun var gefin út eftir skjálftann í gær en var síðar dregin til baka.**

**Rafmagnslaust varð í hluta landsins en engin hætta myndaðist við kjarnorkuver landsins.** - þj



**HVERGI BANGINN** Leifur ætlar að toga sig áfram uns takmarkinu er náð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Leifur Leifsson stefnir hátt:

# Ætlar í hjólastól upp á Hnúkinn

**FÓLK** Leifur Leifsson þjónustufulltrúi ætlar ekki að láta lömun í fótum stöðva sig í því að komast á Hvannadalshnúk, hæsta tind landsins. Þangað stefnir hann í lok maí eða byrjun júní í sérútbúnum stól sem verið er að þróa og smíða. „Ég ký mig sjálfur upp á eigin handafli,“ segir hann.

Ferðafélagar Leifs eru úr Flugbjörgunarsveit Reykjavíkur og hafa farið leiðina áður. Þeir munu færa akkeri með spili um 250 metra í senn fram fyrir Leif og hann síðan toga sig áfram í átt að því. - gun / sjá Allt í miðju blaðsins

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Hraðakstur á steypubíl

Lögreglan á Egilsstöðum stöðvaði í gær ökumann á steypubíl á tæplega 80 kílómetra hraða á vegarkafla innanbæjar þar sem er 50 kílómetra hámarkshraði. Maðurinn reyndist vera með útrunnið meirapróf. Hann fær sekt fyrir vikið.

### Hörð aftanákeyrsla

Hörð aftanákeyrsla varð um þrjúleytið á gatnamótum Nýbýlavegar og Þverbrekku. Nýbýlavegur var lokaður á tímabili til austurs vegna þessa.






Skilanefnd þrotabús Landsbankans hefur sett Iceland Foods í söluferli:

# Gæti hreinsað út Icesave-skuld

**VIÐSKIPTI** Skilanefnd gamla Landsbankans reynir nú að fá 1,8 til 2 milljarða punda, eða 333 til 370 milljarða króna, fyrir verslanakeðjuna Iceland Foods í Bretlandi.

Þetta er fullyrt á vef Financial Times. Skilanefnd þrotabúsins hefur þó aðeins staðfest að hún sé byrjuð að kanna hvaða möguleikar eru á að selja Iceland Foods. Eignin er þar með komin í söluferli og á næstu vikum verður rætt við ýmsar fjármálastofnanir um ráðgjöf við söluna. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er um að ræða margar af stærstu fjármálastofnunum heims.

Fáist um 2 milljarðar punda fyrir Iceland Foods, líkt og Financial Times heldur fram, væri Icesave-skuld bankans, samkvæmt þeim samningi við Breta og Hollendinga sem borinn verður undir þjóðina á morgun, í reynd úr sögunni og kostnaður ríkissjóðs þar af leiðandi enginn.

Eignarhlutur þrotabúsins í Iceland Foods er tæp 67 prósent þannig að úr sölunni gætu fengist 220 til 250 milljarðar króna. Hlutur Tryggingarsjóðs innstæðueigenda af þessari fjárhæð væri 112 til 126 milljarðar króna, sem er 52 til 66 milljörðum meira en gert var ráð fyrir að Tryggingarsjóðurinn myndi fá af þeim 117 milljörðum sem skilanefndin hafði reiknað með að fengist samtals út úr allri hlutabréfaeign þrotabúsins, þar með töldum hlutabréfum í Iceland Foods. - gb




**ICELAND Í BRETLANDI** Verslunarkeðjan er að stórum hluta í eigu þrotabús Landsbankans.

# Hvers vegna segja þau NEI?

**Á vefsíðunni www.advice.is má finna fjölmargar greinar eftir sérfræðinga sem og áhugamenn um málið. Greinarnar fjalla um málið frá ýmsum hliðum, þar á meðal viðskiptafræði, lögfræði, hagfræði, siðfræði. Hér er vitnað í nokkrar þeirra.**



**Ísland hefur sýnt sanngirni í Icesave málinu**

„Með neyðarlögunum færðum við þeim 600 milljarða, en með Icesave-samningunum tökum við á okkur alla áhættuna, sem þeim fylgir, hvort sem er vegna ólögmætis laganna eða bótakrafna almennra kröfuhafa bankanna á hendur ríkinu vegna tjóns sem af þeim hlaust. Bretar og Hollendingar, hins vegar, njóta alls ábatans.“

*- Jón Gunnar Jónsson LLM í lög- og hagfræði*



**Að hengja bakara fyrir smið**

„Talað er um, að til þess að vinna traust verði Íslendingar að standa við skuldbindingar sínar. Það eiga Íslendingar að sjálfsögðu að gera – eins og aðrar þjóðir. En þjóðin hefur ekki skuldbundið sig til þess að greiða skuldir af þessu tagi. Það hefur heldur aldrei aukið virðingu nokkurs manns, karls eða konu – því síður heillar þjóðar – að láta undan hótunum, svo ekki sé sagt hótunum yfirgangsmanna.“

*- Tryggvi Gíslason fyrrverandi skólameistari MA*



**Icesave séð frá Bretlandi**

„Að hafna Icesave sendir skýr skilaboð um að almenningur sættir sig ekki lengur við spillt og ofvaxin fjármálakerfi. Þorri fólks erlendis sem fylgist með þessum málum mun fagna því ef Íslendingar hafna Icesave.“

*- Sveinn Valfells eðlisfræðingur og hagfræðingur*



**Bretar og Hollendingar axla enga ábyrgð samkvæmt samningnum**

„Fyrirliggjandi samningur gerir ekki ráð fyrir að Bretar og Hollendingar axli neina ábyrgð. Þrátt fyrir það liggur ljóst fyrir að eftirlitsaðilar þessara ríkja fengu upplýsingar um uppbyggingu innstæðutryggingakerfisins áður en útibú Landsbankans voru stofnuð í þessum löndum.“

*- Aðalsteinn Jónasson, hæstaréttarlögmaður*



**Dómstólaleiðin er betri**

„Mikið er þessa dagana rætt um hvort fara skuli „dómstólaleiðina“ í stað þess að samþykkja Icesave III samningana, sem svo eru nefndir. Ég tel einsýnt að fara skuli dómstólaleiðina enda höfum við ekki miklu að tapa, en höfum allt að vinna.“

*- Reimar Pétursson, hæstaréttarlögmaður*



**Nennum við að standa á rétti okkar?**

„Þjóð sem ekki nennir eða treystir sér til að standa á rétti sínum gagnvart ólögmætum kröfum annarra þjóða á sér ekki bjarta framtíð.
Það er því fagnaðarefni að íslenska þjóðin skuli fá tækifæri til að hafna fyrirliggjandi IceSave-samningi þann 9. apríl.“

*- Ásta Hrund Guðmundsdóttir, námsmaður og móðir*



**Nei er jákvætt**

Víst er það skrýtið, virðist mér,
sem vilja jámenn ná fram:
Að hafa Icesave yfir sér
áfram!

Þetta viðhorf vel ég ei,
viti og rökum fáklætt.
Við skulum segja nei nei nei.
Nei er jákvætt.

*- Þórarinn Eldjárn rithöfundur*



**Losnar ekki við böggið**

„Að samþykkja samninginn er eins og að giftast leiðinlega gæjanum til að hann hætti að bögga þig. En ofan á allt saman ætlar hann að flytja inn til þín.“

*- Lára Björg Bjarnadóttir, sagnfræðingur*



**Kostnaður við dómstólaleið iðulega ofreiknaður**

„Fylgjendur samningsins tala um mörg hundruð milljarða aukakostnað við synjun í tilfelli verstu mögulegu niðurstöðu dómsmáls, en gleyma að segja frá mörg hundruð milljarða endurheimtum sem myndu fást á móti. Þetta útskýrir þann mikla mun sem er á útreikningum mögulegrar niðurstöðu frá nei og já hliðinni.“

*- Esther Anna Jóhannsdóttir, viðskiptafræðingur*

## Taktu upplýsta ákvörðun.
## Fellum Icesave 9. apríl!

ADVICE www.advice.is

ADVICE hópurinn telur hagsmunum Íslands best borgið með því að fella Icesave-lögin þann 9. apríl.
Auglýsingar og annað starf hópsins er greitt með frjálsum framlögum og vinnuframlagi sjálfboðaliða. Tölvupóstur: advice@advice.is

## GENGIÐ 07.04.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,28 | 113,82 |
| Sterlingspund | 184,98 | 185,88 |
| Evra | 161,56 | 162,46 |
| Dönsk króna | 21,663 | 21,789 |
| Norsk króna | 20,629 | 20,751 |
| Sænsk króna | 17,844 | 17,948 |
| Japanskt jen | 1,3325 | 1,3403 |
| SDR | 179,69 | 180,77 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
215,9296

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hæstiréttur dæmdi mann í þriggja ára fangelsi og til greiðslu miskabóta:

# Braut gegn fötluðum bróðurbörnum

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur dæmt karlmann í þriggja ára fangelsi fyrir mjög gróf kynferðisbrot gegn fötluðum bróðurbörnum sínum. Þá var hann dæmdur til að greiða stúlkunni sem hann braut gegn eina milljón króna í miskabætur og bróður hennar hálfa milljón. Auk þessa var maðurinn sakfelldur fyrir vörslu á miklum fjölda af grófum myndum sem sýndu börn á klámfenginn og kynferðislegan hátt.

Héraðsdómur Norðurlands eystra hafði áður dæmt manninn í fjögurra ára fangelsi og til þess að greiða stúlkunni 1,5 milljónir og bróður hennar eina milljón.

Manninum var gefið að sök að hafa haft í frammi kynferðislegar athafnir gagnvart stúlkunni, látið piltinn horfa á og síðan neytt systkinin til að endurtaka athafnirnar.

Í dómi Hæstaréttar segir að maðurinn eigi sér engar málsbætur. Hann hafi brotið gegn fötluðum bróðurbörnum sínum sem báru traust til hans og honum hafði verið trúað fyrir. Jafnframt hafi brot hans verið til þess fallin að hafa slæm áhrif á geðheilsu stúlkunnar. - jss



**HÆSTIRÉTTUR** Stytti fangelsirefsingu manns sem misnotaði fötluð bróðurbörn sín.

Hagversávextir innkallaðir:

# Smádýr fundust í ávöxtum

**HEILBRIGÐISMÁL** Ákveðið hefur verið að innkalla af markaði blandaða ávexti í poka frá Hagveri þar sem lifandi smádýr, svokallaðir mítlar, fundust í einum poka.

Vegna þessa telst varan óhæf til neyslu og því ákváðu Nathan & Olsen í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að innkalla alla þá vöru sem er með lotunúmerið LO246. Þeir sem kunna að eiga umrædda vöru í fórum sínum eru beðnir um að farga henni eða skila til Nathan & Olsen hf. - jss

Lilja og ellefu aðrir þingmenn:

# Vilja skýr mörk milli pólitíkur og stjórnsýslu

**ALÞINGI Tólf þingmenn, að undirlagi Lilju Mósesdóttur, hafa lagt fram tillögu til þingsályktunar um að settar verði reglur um störf pólitískt ráðinna starfsmanna í stjórnsýslunni. Vilja þau að skýr skil séu milli stjórnsýslulegra starfa viðkomandi og starfa pólitísks eðlis.**



LILJA MÓSESDÓTTIR

**Reglunum er einnig ætlað að tryggja að pólitískar skammtímaráðningar verði ekki grundvöllur fastráðningar.**

**Þá er lagt til að gerð verði úttekt á störfum, starfssviði og ábyrgð pólitískt ráðinna starfsmanna í stjórnsýslunni.** - bþs

Hætt við niðurskurð:

# Ekki fækkað á dvalarheimili

**FÉLAGSMÁL** Dvalarrýmum á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Barmahlíð á Reykhólum verður ekki fækkað eins og boðað hafði verið.

Ríkisstjórnin ákvað þetta á fundi sínum á Ísafirði á þriðjudag. Þetta er eitt sextán verkefna um verndun og eflingu byggðar og atvinnuskópunar á Vestfjörðum.

Velferðarráðuneytið hafði tilkynnt hjúkrunarforstjóra heimilisins í febrúar að fækka yrði öldrunarrýmum úr fjórtán í tólf á árinu. Reykhólahreppur sagði að rekstrargrundvöllur heimilisins myndi með því bresta. - þeb

# Jóhanna sló á „sáttahönd atvinnulífsins“

## Forsætisráðherra hafnaði sáttatillögu Samtaka atvinnulífsins í sjávarútvegsmálum með afgerandi hætti í gær. Formaður SA undrast málflutning ráðherra.

**KJARAMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sló sáttatillögu Samtaka atvinnulífsins um lausn í sjávarútvegsmálum út af borðinu með afgerandi hætti á aðalfundi samtakanna í gær. Vilmundur Jósefsson, formaður SA, lýsti furðu sinni á afstöðu ráðherra en samtökin hafa sett niðurstöðu í sjávarútvegsmálum sem skilyrði fyrir gerð kjarasamninga.

Jóhanna sagði í ávarpi sínu að krafa SA um að stjórnvöld leystu áratuga langan ágreining um sjávarútvegsmál óbilgjarnar og sagði grundvallaratriði að „festa ekki í sessi forgang núverandi kvótahafa í lokuðu kerfi næstu áratugina og koma í veg fyrir að þeir geti fénýtt sér þessa sameign landsmanna sem fiskimiðin eru“. Hún sagði að útspil SA í málinu, sáttatillöguna, staðfesta að „himinn og haf“ séu á milli stjórnvalda og LÍÚ. „Því verður vart trúað að samstaða sé um það milli allra aðildarfélaga SA að setja það sem skilyrði og hótun fyrir því að kjarasamningar náist að þetta áratuga deilumál verði leyst meira og minna á forsendum LÍÚ, annars gangi menn frá borði,“ bætti Jóhanna við.

Vilmundur Jósefsson, formaður SA, brást illa við ræðu Jóhönnu í viðtali við Fréttablaðið og sagði samtökin ekki hvika frá þeirri kröfu að sjávarútvegsmálin yrðu leyst áður en skrifað væri undir kjarasamninganna.

Vilmundur viðurkenndi að ræða Jóhönnu væri köld kveðja inn í yfirstandandi kjaraviðræður og henni fylgdi mikil óvissa og sagðist efast um að Jón Bjarnason, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, valdi málinu. „Ég segi það í því ljósi að hann hefur verið með málið í fanginu frá því í september 2010 og ekkert hefur gerst. Við höfum ekki fengið að sjá frumvarpið eða beina aðkomu að málinu, sem er einfaldlega fáránlegt,“ segir Vilmundur. svavar@frettabladid.is



**KALDAR KVEÐJUR** Jóhanna var afdráttarlaus í sinni ræðu og hafnar sáttatillögu SA í sjávarútvegsmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Sáttatillaga SA sett fram þann 5. apríl

Sáttatillaga SA í sjávarútvegsmálum var sett fram 5. apríl. Eftirfarandi texti fylgdi yfirlýsingu samtakanna:

Samtök atvinnulífsins hafa kynnt ríkisstjórninni og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tillögu til sátta um efnislega útfærslu samningaleiðar í sjávarútvegi. Tillagan felur í sér grundvallarbreytingar á stjórn fiskveiða frá því sem nú er og komið er verulega til móts við sjónarmið stjórnarflokkanna í þessum efnum. SA telja að nú sé einstakt tækifæri til að ná nauðsynlegri sátt um málefni sjávarútvegsins. Samtök atvinnulífsins hafa fulla trú á að ríkisstjórnin muni taka í útrétta sáttahönd atvinnulífsins í þessum efnum.

Fékk sex mánaða fangelsi:

# Þjálfari þuklaði á stúlku í ferð

**DÓMSMÁL** Fyrrverandi framkvæmdastjóri og þjálfari íþróttafélags hefur verið dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn sextán ára stúlku.

Maðurinn var með hópi ungmenna í keppnisferðalagi erlendis þegar hann braut gegn stúlkunni. Á gististað hópsins fékk hann betri og breiðari dýnu en aðrir. Hann bauð stúlkunni að sofa hjá sér á dýnunni, sem hún þáði, og tók síðan að þukla á henni innanklæða.

Maðurinn neitaði sök en dómurinn taldi framburð stúlkunnar trúverðugan. Maðurinn var einnig dæmdur til að greiða henni 400 þúsund í skaðabætur. - jss

Gagnrýnir Öryggisráðið:

# Forseti Haíti segir einblínt um of á hernað

**HAÍTI, AP René Préval, fráfarandi forseti Haítí, segir Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna einblína allt of mikið á hernaðaraðgerðir í stað þróunar og uppbyggingar í þeim samfélögum sem hafa þurft á alþjóðlegri friðargæslu að halda.**



RENÉ PRÉVAL

**Á fundi með ráðinu í fyrradag sagðist hann hafa lagt áherslu á það strax árið 2006 að í stað skriðdreka og hermanna sendu Sameinuðu þjóðirnar skurðgröfur, verkfræðinga, lögreglukennara og lögfræðinga.**

**Á það hafi samt ekki verið hlustað og nú hafi erlent herlið verið í landinu í ellefu ár, þótt ekkert stríð hafi geisað þar þennan tíma.** - gb




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**HITABYLGJA Á MORGUN?** Það lítur út fyrir allt að 18 stiga hita á Norðausturlandi á morgun í þurru og nokkuð björtu veðri. Heldur síðra veður suðvestan til um helgina með stífri sunnanátt, vætu og 8-12 stiga hita.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 23° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 16° |
| Billund | 10° |
| Frankfurt | 19° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Gautaborg | 9° |
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 20° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 12° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 13° |
| París | 20° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | 11° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




## GRÍSAKÓTELETTUR MEÐ EPLUM fyrir 4

*að hætti Rikku*

- 4 grísakótelettur
- 1 msk smjör
- 2 skalottlaukar, sneiddir
- 2 græn epli, afhýdd, fræhreinsuð og sneidd
- 150 ml granat- og hindberjasafi
- 3 msk balsamedik
- salt og nýmalaður pipar

Steikið grísakóteletturnar í 2 - 3 mínútur á hvorri hlið og takið frá. Steikið skalottlaukinn ásamt eplunum þar til að laukurinn er mjúkur í gegn. Bætið kótelettunum út á pönnuna, hellið safanum saman við og látið malla í 15-20 mínútur. Bætið balsamedikinu út í og kryddið með salti og pipar. Gott er að bera réttinn fram með bökuðum sætum kartöflum og góðu salati.

NÆRINGARGILDI LDS*
Kcal: 217/ 11% LDS
Prótein: 16.6 g/33% LDS
Fita: 12 g/ 18% LDS
Kolvetni: 11 g/ 4% LDS
C-vítamín: 28.9 mg/ 48% LDS
B6-vítamín: 0.3 mg/ 16% LDS

*Leiðbeinandi dagsskammtur (LDS) miðast við 2.000 kcal (hitaeininga) orkuþörf.




**Club steikarsamloka** með bernaisesósu

**Lambafile með fitu** ferskt

**Veislulæri Hagkaups** marinerað

**Heill kjúklingur** ferskur










24 Hagkaup **OPIÐ** ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

Gildir til 10. apríl á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP** *Ein ferð betra verð*

**ICESAVE:** Umræður forystumanna flokkanna

## Úr umræðum og svörum við fyrirspurnum

Tryggvi Þór Herbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði að ef Icesave yrði fellt og lánshæfismat Íslands færi í ruslflokk myndi það þýða aukinn kostnað upp á allt að 210 milljörðum. Spurði hann Birki Jón því hvers vegna hann teldi minni áhættu af því að segja nei en já. Svaraði Birkir því til að samþykkt gæti kostað 300 milljarða fari allt á versta veg en hann haldi því hins vegar ekki fram að nei-ið sé áhættulaust. Tryggvi sagði jafnframt að Þór Saari færi vísvitandi með rangt mál þegar hann segði ríkissjóð þurfa að borga 26 milljarða króna vaxtagreiðslu. Peningarnir kæmu úr Tryggingarsjóði innstæðueigenda, þar sem til væru 20 milljarðar en ríkið lánaði sjóðnum þá sex sem upp á vantaði. Þór sagði þetta sama vasann og bað vinsamlegast um spurningar frá öðrum en þingmönnum. Hlaut hann gott klapp fyrir.

Þór sagði síðar Hreyfinguna alltaf hafa verið þeirrar skoðunar að ábyrgð á Icesave yrði skipt milli ríkjanna og að Hollendingar og Bretar fengju þrotabú Landsbankans til umráða. Bjarni sagði það ekki vera hægt þar sem íslenska ríkið ætti ekki búið heldur kröfuhafar. Því gæti ríkið ekki ráðstafað því að vild.

Birkir Jón furðaði sig á að áhættan væri öll Íslendinga. Steingrímur sagði það rangt, Bretar og Hollendingar borguðu næstum jafn mikið og Íslendingar þar sem þeir borguðu reikningshöfum umfram trygginguna.

Steingrímur var spurður að því úr sal hvort stefna ríkisstjórnarinnar í ýmsum málum væri ekki mun skaðlegri efnahagslífinu heldur en Icesave og hefði skapað meiri óvissu. Hann svaraði því til að mikil óvissa hefði skapast við hrunið en hún hefði minnkað stig af stigi. Hann vildi halda áfram að eyða óvissu.

Bjarni sagði mikilvægt að í samningunum segðu Bretar og Hollendingar sig frá öðrum hugsanlegum kröfum sem þeir gætu haft uppi gegn Íslendingum vegna málsins.

Birkir Jón sagði að yrðu lögin samþykkt þýddi það skattahækkanir og niðurskurð þar sem ríkið væri að taka á sig milljarða skuldbindingu.

Spurt var hvort rétt væri að til hafi staðið að greiða Bretum og Hollendingum í einni greiðslu. Steingrímur sagði það rangt, hins vegar hafi um tíma verið rætt um að greiða áætlaðan vaxtakostnað í einni greiðslu til að ná honum niður. Á endingu hefði verið samið um mjög lága vexti og því horfið frá þeirri hugmynd.

Spurt var líka – og vitnað í samninginn – hvort rétt væri að ensk lög giltu um málið og að Íslendingar hefðu afsalað sér lögsögu í því. Bjarni sagði það rangt, kæmi til málshöfðunar yrði stefnt fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Hins vegar væri kveðið á um að ef ágreiningur risi um túlkun á samningnum yrði farið með hann fyrir alþjóðlega dómstóla og dæmt eftir enskum lögum. Steingrímur bentu á að þau væru jafnan notuð í samningum milli ríkja og alþjóðlegra fyrirtækja.

Jóhanna sagðist óttast að fari málið fyrir dóm yrði mismunun á jafnræðisreglunni tekin upp. Íslendingar hafi fengið allt sitt en Bretar og Hollendingar ekki. Hún og Steingrímur sögðu pólitísku stöðuna metna á sunnudag, eftir atkvæðagreiðsluna. Stjórnmálaleiðtogarnir fimm ætla allir að greiða atkvæði og upplýstu Steingrímur og Birkir að þeir væru þegar búnir að því.



**ÍBYGGNIR** Forystumenn flokkanna voru alvörugefnir á fundi um Icesave í Háskóla Íslands. Fjöldi fólks, nemendur og kennarar, hlýddi á mál þeirra og spurði margs. Jóhanna, Steingrímur og Bjarni ætla að segja já en Þór og Birkir nei. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sólin kemur áfram upp

**Þótt forystumenn stjórnmálaflokkanna séu ekki allir sammála um ágæti Icesave-samninganna og þrír ætli að segja já og tveir nei eru þeir sammála um að sólin muni áfram koma upp, hvernig sem atkvæðagreiðslan á morgun fer.**

Efnt var til opins fundar um Icesave með forystumönnum flokkanna í Háskóla Íslands í gær.

Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra og formaður Samfylkingarinnar, tók fyrst til máls. Sagði hún að í sínum huga hefði málið frá upphafi snúist um að finna skástu lausnina fyrir land og þjóð út úr þessu erfiða máli. Kvaðst hún sammála þeim sem teldu að þeim mun lengur sem það væri óleyst, þeim mun dýrara og skaðlegra yrði það fyrir þjóðina. Sagði hún að vegna lánshæfismats hefðu erlendar lántökur og endurfjármögnun sveitarfélaga, orkufyrirtækja og ríkissjóðs verið nær ómöguleg en við blasti að úr muni rætast með samþykkt málsins. Nefndi hún sem dæmi að fjármagnskostnaður af 1.350 milljarða skuldum sem ríkið þurfi að endurfjármagna á næstunni gæti hækkað um allt að 216 milljarða yrði málið fellt. „Menn verða að hafa kjark til að horfast í augu við þær efnahagslegu afleiðingar sem blasa við ef ekki tekst að ljúka Icesave-deilunni með sátt,“ sagði Jóhanna. Hún kvað atvkæðagreiðsluna aðeins snúast um lífskjör, ekki ríkisstjórnina, ekki einstaka flokka eða forystumenn þeirra, ekki um ESB, ekki um EES og ekki um AGS.

### Ekkert nýtt komið fram

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagðist frá fyrsta degi hafa staðið frammi fyrir mikilli óvissu um málið og því talið að rétt væri að leita samninga. Hann hafi verið óánægður með fyrri samninga en með nýrri nálgun hefði náðst niðurstaða sem hann teldi viðunandi. Fjármögnunarkostnaðurinn við núgildandi samning væri miklum mun minni en í fyrri samningum.

Bjarni upplýsti að oft í samningaferlinu sem stóð allt síðasta ár hefði legið við að upp úr slitnaði.

Hann sagðist ekki halda að það yrðu ragnarök þó málið yrði fellt en því fylgdi hins vegar mikil óvissa. Hún væri úr sögunni með samningi.

Sagði hann ekkert nýtt hafa komið fram í málinu frá því að það var samþykkt á Alþingi sem breytti afstöðu hans til þess. Hann ætlaði að greiða því atkvæði sitt í þjóðaratkvæðagreiðslunni.

### Gætum fengið allt til baka

Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra og formaður VG, lagði áherslu á að málið hyrfi ekki með nei-i. Nú ætti þjóðin kost á að ljúka þessu ólánsmáli með viðráðanlegum hætti. Vaxtakjör samninganna væru allt önnur og betri en öðrum ríkjum byðist núna.

Hann sagði flesta sammála um að þetta væri síðasta tækifærið til að ljúka málinu með samkomulagi.

Steingrímur gerði fréttir af sölu Iceland-verslanakeðjunnar að umtalsefni og benti á að ef allt þróaðist á besta veg gætu Íslendingar ekki aðeins fengið allan höfuðstólinn til baka heldur líka vaxtakostnaðinn. „Hvað er þá unnið með nei-i?“ spurði hann. Nei, væri vissulega tjáning en fólk þyrfti að hugleiða vel hvort sú tjáning væri þess virði að leggja út í nýjan óvissuleiðangur.

Steingrímur sagði að Ísland myndi ekki sökkva þó málið yrði fellt en allt yrði erfiðara enda allir í vandræðum og háðir þeim kjörum sem bjóðast á lánsfjármörkuðum. Boðaði hann jafnframt að ríkið myndi sækja á alþjóðlega skuldabréfamarkaði á næstu vikum ef lögin verða samþykkt á morgun.

### Áhrifin ofmetin

Birkir Jón Jónsson, varaformaður Framsóknarflokksins, sagðist ekki fella sig við að Íslendingar bæru einir alla efnahagslega áhættu ef illa færi. Að því leyti væri samningurinn óhagstæður. Alltof mikil einföldun væri að tala um að samningarnir kostuðu 30 milljarða, óvissan væri mikil og kostnaðurinn gæti á endanum numið um 200 milljörðum króna. Engu yrði lokið við atkvæðagreiðsluna, óvíst væri um heimtur úr búinu, greiðslur úr því og gengisþróun.

Birkir Jón sagði líka að áhrif Icesave-málsins á efnahagsumhverfið væru ofmetin, skuldatryggingaálagið hefði til dæmis lækkað frá því að forsetinn synjaði lögunum staðfestingar. Þá sagði hann fólk sem hann hitti á erlendri grund ekki kannast við þetta mál. Að endingu kvaðst Birkir hafna málflutningi þeirra sem segi sólina ekki koma upp verði málið fellt.

### Opinn tékki

Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar, sagði Íslendingum ekki bera lagaleg skylda til að borga og að ósanngjarnt væri að velta kostnaðinum á fólkið í landinu. Samningurinn væri í raun opinn tékki inn í framtíðina og þó að nú um stundir benti til að hann yrði ekki mjög hár gæti hann farið í rúma 230 milljarða króna á endanum.

Þór sagði að ef málið yrði samþykkt þyrfti ríkið strax á mánudag að borga 26 milljarða vaxtagreiðslu. Sú fjárhæð væri ekki til og því þyrfti að skera niður ríkisútgjöld til að standa undir henni. „Ef það verður sagt nei þá verður bara samið um þetta með sanngjörnum hætti,“ sagði Þór.

Björn Þór Sigbjörnsson
bjorn@frettabladid.is



## Samningagerðin kostaði yfir 300 milljónir króna

Kostnaður Íslands af gerð nýjustu Icesave-samninganna er yfir 300 milljónir króna. Mikill meirihluti þeirrar fjárhæðar er tilkominn vegna ráðgjafar og vinnu erlendra sérfræðinga en innlendi kostnaðurinn nemur fáeinum tugum milljóna.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra upplýsti þetta á Alþingi í gær. Ráðherrann hefur fram til þessa verið ófáanlegur til að svara fyrirspurnum fjölmiðla um málið og meðal annars borið fyrir sig að fram hafi komið fyrirspurn um efnið í þinginu sem beri að svara áður en fjölmiðlum sé svarað.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, spurði Steingrím út í málið á þingi í gær. Furðaði hann sig á að kostnaðurinn væri ekki opinberaður, ekki síst þar sem samninganefndin hefði lokið störfum í desember. Vildi hann jafnframt vita hvort einhver kostnaður hefði bæst við eftir að samningarnir voru frágengnir. Steingrímur kvað svo ekki vera, samninganefndarmenn fengju ekki greitt fyrir það sem þeir legðu til umræðunnar um málið í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar á morgun. Sagði hann langhæstu reikningana frá lögfræði- og ráðgjafarstofunum Hawkpoint og Ashurst, Lee C. Buchheit aðalsamningamanni og Don Johnston, fyrrverandi framkvæmdastjóra OECD.



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

**Málstofa um mótun peningastefnu**

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið, í samvinnu við Seðlabanka Íslands og Háskóla Íslands, efnir til málstofu um mótun framtíðarstefnu í peningamálum.

**Málstofan fer fram í Háskóla Íslands, sal HT-102, þriðjudaginn 12. apríl kl. 15-17, og er öllum opin.**

**Dagskrá:**
15:00 Þórólfur Matthíasson prófessor, forseti Hagfræðideildar, setur málstofuna

15:05 Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur SÍ: **Peningastefna eftir höft**

15:30 Friðrik Már Baldursson prófessor: **Valkostir í peningamálum**

15:45 Yngvi Örn Kristinsson hagfræðingur: **Þjóðhagsvarúð, er það lausnarorðið?**

**16:00 Almennar umræður**

Fundarstjóri: Björn Rúnar Guðmundsson, skrifstofustjóri í efnahags- og viðskiptaráðuneyti

SEÐLABANKI ÍSLANDS

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE

Kostnaður við **JÁ** og **NEI** í milljörðum króna. **Athugið að möguleikinn „EKKI BORGA NEITT" er ekki til nema við segjum JÁ.**

# Hvað kostar ICESAVE?




**32:** Mat samninganefndar á kostnaði sem að lokum fellur á ríkissjóð miðað við síðustu áramót.

**135:** Lánshæfismat Íslands mun lækka ef samningurinn verður felldur. Ef síðan tekst að ljúka málaferlunum á 5 árum verður kostnaðurinn a.m.k. 135 milljarðar – og hækkar ef málin dragast.

Útreikningar Tryggva Þórs Herbertssonar hagfræðings *(FB.01.04.2011.)* sýna að aukin vaxtabyrði þjóðarbúsins verður á bilinu 135–216 milljarðar. Hér eru neðri mörkin notuð.

Hér vantar margvíslegan kostnað og tekjuskerðingu ríkisins, fyrirtækja og almennings á þessu erfiða tímabili sem framundan væri og nefnt hefur verið Fimm ára frostið.

**306:** Hér bætist við munurinn á fyrirliggjandi samningsvöxtum og þeim sem gætu staðið til boða í kjölfar dóms.

Samvæmt upplýsingum unnum fyrir Lárus Blöndal, hrl., fulltrúa stjórnarandstöðunnar í samninganefndinni er munurinn á 5,55% vöxtum og fyrirliggjandi samningsvöxtum Íslendinga miðað við sama höfuðstól 171 milljarður.

Hér er mjög varfærið mat og miðað við 5,55% á meðan samningsvextir Íra vegna neyðarlána eru t.d. 5,8%.

**456:** Hér bætist enn við aukinn vaxtakostnaður vegna tæplega 500 milljarða hækkunar á höfuðstól.

Samkvæmt upplýsingum Lárusar Blöndal, hrl. og fulltrúa stjórnarandstöðunnar í samninganefnd yrði hann líklega 150 til 200 milljarðar.

Til varúðar er miðað við lægri mörkin.

## Já er fyrir þjóðarhag
## *– sátt og endurreisn –*
## gegn áhættu og óvissu

*Áfram-hópurinn eru þverpólitísk grasrótarsamtök fólks sem telur að best sé fyrir okkur að ljúka Icesave málinu með samþykkt fyrirliggjandi samnings í þjóðaratkvæðagreiðslunni 9. apríl nk. Starf hópsins byggir á frjálsum framlögum einstaklinga og fyrirtækja og sjálfboðavinnu fjölda fólks.*

***Viljir þú leggja fjárhagslegt lið: 0111-26-100244 og kt. 640311-0530. Það munar um allt.***

***Já er leiðin áfram!***

***Facebook | www.afram.is***

## KJÖRKASSINN



*Horfir þú á íslenska sakamálaþætti í sjónvarpinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 66,9% |
| Nei | 33,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hafa skoðanakannanir áhrif á skoðun þína í Icesave-málinu?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Þyngsti dómur sögunnar vegna tilraunar til manndráps:

# Fjórtán ár fyrir árás á föður sinn

**DÓMSMÁL** Þorvarður Davíð Ólafsson hefur verið dæmdur í fjórtán ára fangelsi fyrir tilraun til manndráps. Hann réðst á föður sinn, Ólaf Þórðarson, og veitti honum lífshættulega áverka. Ólafur hlaut alvarlegan heilaskaða og hefur dvalið á Grensásdeild.

Ákæruvaldið segist ekki vita til þess að þyngri dómur hafi fallið fyrir tilraun til manndráps. Slíkir dómar hafa verið í kringum fimm ár.

Þorvarður játaði sök fyrir dómi. Hann kvaðst hafa verið að drekka og neyta fíkniefna með konu sama dag og atlagan átti sér stað. Konan hefði borið sakir á föður hans, sem hann hefði þá trúað. Eftir þetta hélt Þorvarður á heimili föður síns til að ræða þetta við hann. Hann kvaðst hafa misst stjórn á sér og meðal annars kýlt föður sinn tvisvar af afli í höfuðið með hnúajárni, auk þess að sparka ítrekað í hann. Konan sem bar sakirnar á Ólaf sagði síðar við skýrslutökur að hún hefði aldrei hitt hann né haft nokkur samskipti við hann.

Þorvarður bar fyrir dómi að hann hefði áður ráðist á föður sinn, þá einnig vegna upplýsinga sem hann hefði trúað.

Auk fjórtán ára fangelsis var Þorvarður dæmdur bótaskyldur vegna líkamstjóns föður hans. **- jss**



**VARÐ FYRIR ÁRÁS** Ólafur Þórðarson hlaut lífshættulega áverka og alvarlegan heilaskaða í árás sonar hans. MYND/SIGURÐUR BOGI SÆVARSSON

Óæskileg efni fundust:

# Gæludýrafóður var innkallað

**DÝRAHALD** Framleiðandi gæludýrafóðursins Icelandpet hefur ákveðið að innkalla það úr verslunum. Ástæðan er sú að við eftirlit Matvælastofnunar kom í ljós að í sumum tegundum fóðursins er cyanuric-sýra sem veldur kristallamyndun í þvagi dýra.

Kristallarnir eru torleysanlegir og leiða til sjúkleika hjá gæludýrum. Í kjölfar ábendingar MAST um mælingu á þessum óæskilegu efnum í fóðrinu og kvartana sem hafa borist hefur Ifex innkallað fóðrið úr verslunum. **- jss**

Frásögn fórnarlambs á reiki:

# Sýknaður af kynferðisbroti

**DÓMSMÁL Hæstiréttur sýknaði í gær karlmann af ákæru um kynferðisbrot gegn ungri þroskaskertri sonardóttur sinni. Héraðsdómur Reykjaness hafði áður dæmt manninn í tíu mánaða fangelsi og til að greiða henni 600 þúsund í miskabætur.**

**Í dómnum segir að frásögn stúlkunnar af háttsemi afans hafi verið á reiki og framburður hennar hafi tekið talsverðum breytingum frá einni skýrslu til annarrar og ekki verið stöðugur innbyrðis í skýrslutökunum, einkum við aðalmeðferð málsins.** **- jss**

Skipt verður um nafn og nýir hluthafar í MP-banka:

# Breskir aðkýfingar meðal nýrra eigenda

**VIÐSKIPTI** Skipt verður um nafn á MP banka og hann verður eini bankinn á Íslandi sem ekki verður í eigu erlendra kröfuhafa eða ríkisins. Afar fjölbreyttur hópur fjárfesta tekur við, meðal annars breskir auðkýfingar með lögheimili á aflandseyjum og Skúli Mogensen. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

MP banki uppfyllti ekki skilyrði Fjármálaeftirlitsins (FME) um eigið fé um síðustu áramót og gaf FME bankanum tímafrest til að bregðast við. Eitt af úrræðunum sem voru í boði til að bæta úr því var að fá nýja fjárfesta að borðinu.

Fyrirtækinu verður skipt upp og Margeir Pétursson, stofnandi bankans, hverfur úr hluthafahópnum en mun halda áfram utan um félag bankans í Úkraínu.

Fram kom í Viðskiptablaðinu í gær að meðal nýrra eigenda MP banka yrði Rowland-fjölskyldan breska sem keypti Kaupþing í Lúxemborg.



**HARRY REID OG JOHN BOEHNER** Leiðtogarnir á Bandaríkjaþingi hafa verið á stöðugum fundum undanfarið til að leysa deilu um fjárlög ársins. Hluti ríkisstarfsmanna verður mögulega sendur heim vegna fjárskorts á næstu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Send heim í fjárlagadeilu

**Möguleiki er á að ríkisstarfsmenn í Bandaríkjunum verði sendir heim vegna fjárskorts á meðan demókratar og repúblikanar deila um fjárlög ársins.**

**BANDARÍKIN, AP** Leiðtogar demókrata og repúblikana á Bandaríkjaþingi hafa fram á síðustu stundu ekki náð samkomulagi um fjárlög ársins.

Þeir hafa því verið á stöðugum fundum síðustu daga, því takist ekki samkomulag áður en fjárheimildir ríkissjóðs renna út, sem er í dag, þá yrðu margir ríkisstarfsmenn sendir heim og þjónusta ríkisins myndi versna til muna, þótt ekki muni starfsemi ríkisins stöðvast alveg.

„Nú þegar efnahagslífið er enn að komast út úr óvenju djúpri kreppu, þá væri það óafsakanlegt – að teknu tilliti til þess hve litlu munar á milli flokkanna þegar að tölum kemur – að við gætum ekki gert þetta,“ sagði Barack Obama Bandaríkjaforseta seint á miðvikudagskvöld.

Repúblikanar vilja helst 73 milljarða dala niðurskurð í ríkisfjármálum, en hafa þó fallist á 40 milljarða. Demókratar vilja hins vegar ekki skera meira niður en 33 milljarða dala. Það sem á milli ber eru því sjö milljarðar dala.

Síðast kom álíka staða upp í lok árs 1995 þar sem Bill Clinton forseti neitaði að skrifa undir fjárlög frá repúblikönum á þingi. Þá voru ríkisstarfsmenn, aðrir en þeir sem sinna bráðnauðsynlegum störfum, sendir heim fyrst í eina viku í nóvember og svo í þrjár vikur í desember og fram yfir áramót.

Málið þótti koma Clinton afar vel og telja stjórnmálaskýrendur að þar hafi hann unnið sig upp í áliti þjóðarinnar í aðdraganda kosninga sama ár. **- gb, þj**




FERSKAR KJÖTVÖRUR

**Starfsmaður í Mötuneyti**

Ferskar Kjötvörur óska eftir starfsmanni ímötuneyti starfmanna að Síðumúla 34

Um er að ræða fullt starf.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörn milli kl. 13-15 virka daga á skrifstofu fyrirtækisins að Síðumúli 34, 108 Reykjavík sími 588 7580 eða á netfang **ingibjorn@ferskar.is**

Upplýsingar um fyrirtækið er að finna á heimasíðu þess **www.ferskar.is**

FERSKAR KJÖTVÖRUR

# BLACK FRIDAY

## í fyrsta sinn á Íslandi

**BLACK&DECKER® sérfræðingar frá Danmörku verða með frábæra kynningu í verslunum okkar Skútuvogi, Grafarholti og Selfossi aðeins í dag. Komdu og prófaðu tækin á staðnum!**

**AÐEINS Í DAG**
**12:00-17:30**
**Skútuvogi**
**Grafarholti**
**Selfossi**



**Rafhlöðuborvél**
**EGBL108K**
10.8V, 2 Lithium rafhlöður.
12/24Nm.
5246044
**19.995,-**
~~24.995,-~~



**Rafhlöðuborvél**
**HP146F4LBK**
14.4V, 2 Lithium rafhlöður.
2ja gíra stiglaus hraði
20/28Nm.
Hleðslutími 1 klst.
5245555
**28.795,-**
~~35.995,-~~



**Rafhlöðuborvél**
**EPL14KB**
14.4V, 2 Lithium rafhlöður,
10/21Nm.
5245995
**22.995,-**
~~28.995,-~~



**Skrúfvél**
3.6V, LI-ON rafhlaða, 7.5Nm.
Led ljós auðveldar vinnu.
5246007
**6.995,-**
~~8.995,-~~



**Borhamar KD855KA**
SDS BORHAMAR - 550W.
5246030
**16.795,-**
~~20.995,-~~



**Stingsög KS900SK**
600W - Framkast, stiglaus hraði, u-t superlock læsing á blöðum.
5245411
**11.995,-**
~~14.995,-~~

## 6 heppnir fá vinning!




**Fylltu út seðilinn og komdu með hann til okkar í dag og þú gætir unnið!**

**Nafn:** ...............................

...............................

**Netfang:** ...............................

...............................

**kt:** ...............................

Dregið verður úr vinningum miðvikudaginn 13. apríl.
Vinningshafar fá tölvupóst.





**13.595,-**
~~16.995,-~~
**Hjólsög CD601**
1100W - 170MM blað.
Sagar 55 mm.
5246023



**15.995,-**
~~19.995,-~~
**JUÐARI KA280K**
4-1 - Juðari 220 W,
4 möguleikar, bara skipta um platta, cyclonic ryksafnari
5245807



**20.795,-**
~~25.995,-~~
**Hekkklippur 18V. GTC650L**
18V. Snúrulaus með **Lithium rafhlöðu.**
Klippir allt að 200 m² á hleðslu.
50 cm blað. Léttasta snúrulausa hekkklippan frá Black&Decker.
5083672

**20.795,-**
~~25.995,-~~
**Rafhlöðuorf 18V. GLC1825L**
18V,Snúrlaus með **Lithium rafhlöðu.**
Slær allt að 1500 m á einni hleðslu.
25 cm sláttubreidd.
5083660

**Látum verkin tala!**

**BLACK&DECKER®**

**HÚSASMIÐJAN**

**FRÉTTASKÝRING:** Niðurstaða skoðanakönnunar um Icesave-kosningarnar

# Atkvæði óákveðinna geta ráðið úrslitum

**Landsmenn virðast ætla að hafna Icesave-samningum í kosningum á morgun samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins. Nokkur munur er á afstöðu fólks eftir aldri, en enn meiri eftir stuðningi við stjórnmálaflokka.**

## Skoðanakönnun Fréttablaðsins 5.-6. apríl




## Spurt tvisvar til að auka nákvæmni

Hringt var í 800 manns 5. og 6. apríl. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Þátttakendur voru fyrst spurðir: Ætlar þú að samþykkja Icesave-samkomulagið eða hafna því í komandi þjóðaratkvæðagreiðslu þann 9. apríl?

Þeir sem sögðust óákveðnir voru í kjölfarið spurðir: Hvort er líklegra, að þú samþykkir Icesave-samkomulagið eða hafnir því? Spurt var tvisvar með þessum hætti til að auka nákvæmni könnunarinnar. Alls tóku 76,1 prósent afstöðu til spurningarinnar.

## Níu af hverjum tíu ætla að kjósa

**Ríflega 90 prósent af þeim sem afstöðu tóku í könnun Fréttablaðsins sögðu mjög eða frekar líklegt að þau ætluðu að kjósa í þjóðaratkvæðagreiðslunni um Icesave á morgun. Verði raunin nærri þeirri tölu er það mjög mikil kosningaþátttaka í sögulegu samhengi, eins og sjá má hér að neðan.**

| | | |
|---|---|---|
| Stjórnlagaþingskosningar | 27. nóvember 2010 | 36,8% |
| Þjóðaratkvæðagreiðsla um Icesave | 6. mars 2010 | 62,7% |
| Alþingiskosningar | 25. apríl 2009 | 85,1% |
| Alþingiskosningar | 12. maí 2007 | 83,6% |
| Forsetakosningar | 26. júní 2004 | 62,6% |

Meirihluti landsmanna ætlar að hafna Icesave-samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslunni á morgun. Þetta sýna niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins og könnunar MMR. Þetta er talsverður viðsnúningur frá fyrri könnunum sem sýndu að meirihluti ætlaði að samþykkja samninginn.

Af þeim sem taka afstöðu í könnun Fréttablaðsins ætla 54,8 prósent að hafna samningnum en 45,2 prósent ætla að samþykkja hann. Könnunin var gerð dagana 5. og 6. apríl.

Samkvæmt niðurstöðum könnunar sem MMR gerði fyrir Stöð 2 dagana 4. til 6. apríl ætla 56,8 prósent að hafna samningnum en 43,2 prósent vilja samþykkja hann. Munurinn á niðurstöðum þessara tveggja kannana er innan eðlilegra skekkjumarka.

Afstaða almennings hefur sveiflast hart í átt að því að hafna Icesave-samningnum. Í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var 23. og 24. febrúar sögðust 61,3 prósent þeirra sem afstöðu tóku ætla að samþykkja samninginn en 38,7 prósent sögðust ætla að hafna honum.

Svarhlutfallið í nýjustu könnun Fréttablaðsins var um 76 prósent, sem telst vel viðunandi fyrir skoðanakönnun af þessu tagi, og niðurstöðurnar því vel marktækar.

Aðeins um 15 prósent þeirra sem þátt tóku í könnuninni sögðust enn ekki hafa gert upp hug sinn. Atkvæði þessa hóps geta því skipt úrslitum í kosningunum. Þá sögðust 4,8 prósent ekki ætla að kjósa eða ætla að skila auðu. Um 4,1 prósent vildi ekki gefa upp afstöðu sína.

Yngra fólk er líklegra til að hafna Icesave-samningnum en þeir sem komnir eru á eða yfir miðjan aldur samkvæmt könnun Fréttablaðsins. Alls sögðust 59,5 prósent fólks á aldrinum 18 til 49 ára ætla að hafna samningnum en 40,5 prósent ætla að samþykkja hann.

Afstaðan snýst við hjá fólki 50 ára og eldra. Í þeim aldurshópi ætla 52,6 prósent að samþykkja Icesave-samninginn en 47,4 prósent ætla að hafna honum.

Ekki var marktækur munur á afstöðu fólks eftir kyni eða búsetu.

Mikill munur er á afstöðu fólks til Icesave-samningsins eftir því hvaða flokk það myndi kjósa í þingkosningum yrði gengið til kosninga nú.

Þannig ætla 67,7 prósent stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins að hafna Icesave-samningnum en 32,3 prósent ætla að samþykkja hann. Þetta er afstaða flokksmanna þrátt fyrir að þorri þingmanna flokksins hafi greitt samningnum atkvæði sitt á Alþingi, þar á meðal Bjarni Benediktsson, formaður flokksins.

Hlutföllin eru svipuð meðal stuðningsmanna Framsóknarflokksins. Af þeim sem kjósa myndu flokkinn segjast 68,8 prósent ætla að hafna Icesave-samningum en 31,3 prósent ætla að samþykkja hann.

Staðan er önnur hjá stuðningsmönnum stjórnarflokkanna. Alls ætla 84,3 prósent stuðningsmanna Samfylkingarinnar að samþykkja samninginn en 15,7 prósent ætla að hafna honum í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Þá ætla 73,8 prósent stuðningsmanna Vinstri grænna að samþykkja samninginn en 26,2 prósent ætla að hafna honum.



**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is

## FYLGI STJÓRNMÁLAFLOKKANNA




Heimild: Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2

Skipulags stofnun

**Mat á umhverfisáhrifum**

**Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106-/2000 m.s.br.

**Sjóvarnargarður í Óslandi, Höfn í Hornafirði, Sveitarfélaginu Hornafirði**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulagsstofnun.is**.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **9. maí 2011.**

**Skipulagsstofnun**

# Stjórnarflokkarnir langt frá meirihluta

**Stuðningur við Sjálfstæðisflokkinn og Vinstri græna eykst en Samfylkingin og Framsóknarflokkurinn tapa fylgi samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins. Stjórnarflokkarnir eru samanlagt með 42,5 prósenta fylgi og 28 þingmenn.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvernig hefur fylgi stjórnmálaflokkanna þróast samkvæmt könnunum Fréttablaðsins?



**DALANDI STUÐNINGUR** Um 42,5 prósent styðja flokka Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra og Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra samkvæmt könnun Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stjórnarflokkarnir eru samanlagt með stuðning 42,5 prósenta kjósenda og fengju samtals 28 þingmenn af 63 samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Stjórnin myndi samkvæmt þessu falla yrði kosið nú.

Alls tóku 54,5 prósent afstöðu til spurningarinnar um fylgi flokka í könnuninni. Um 15 prósent þeirra sem hringt var í sögðust óviss um hvaða flokk þau myndu kjósa yrði gengið til þingkosninga nú. Tæplega 18 prósent sögðust myndu sitja heima eða skila auðu og 11 prósent kusu að svara ekki spurningunni.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist sem fyrr með mestan stuðning. Um 44 prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni myndu kjósa flokkinn yrði gengið til kosninga nú. Stuðningur við flokkinn hefur aukist um 2,8 prósentustig frá síðustu könnun Fréttablaðsins, sem gerð var 24. febrúar síðastliðinn. Þetta er langt yfir 23,7 prósenta kjörfylgi flokksins.

Yrðu þetta niðurstöður kosninga fengi flokkurinn 29 þingmenn, en fékk 16 í þingkosningunum 2009.

Samfylkingin fengi samkvæmt skoðanakönnuninni stuðning 24,8 prósenta landsmanna yrði gengið til kosninga nú. Það er 1,2 prósentum yfir fylgi flokksins í könnun Fréttablaðsins í febrúar, en talsvert undir 29,8 prósenta kjörfylgi.

Fengi flokkurinn þennan stuðning í kosningum yrðu þingmenn flokksins 16 talsins, en í síðustu kosningum fékk Samfylkingin 20 þingmenn kjörna.

**18%** myndu sitja heima eða skila auðu ef kosið yrði til Alþingis nú

Vinstri græn njóta nú stuðnings 17,7 prósenta landsmanna samkvæmt könnun Fréttablaðsins. Fylgi flokksins hefur aukist um tvö prósentustig frá síðustu könnun, en er enn talsvert undir 21,7 prósenta kjörfylgi flokksins.

Vinstri græn fengju samkvæmt þessu 12 þingmenn, en flokkurinn fékk 14 í síðustu kosningum.

Framsóknarflokkurinn tapar fylgi milli kannana Fréttablaðsins. Um 9,4 prósent styðja flokkinn samkvæmt könnuninni. Það eru um 2,3 prósentustigum færri en samkvæmt könnun Fréttablaðsins í febrúar. Framsóknarflokkurinn fékk 14,8 prósenta fylgi í síðustu kosningum. Samkvæmt könnun Fréttablaðsins fengi Framsóknarflokkurinn sex þingmenn yrði gengið til kosninga nú, en fékk níu í síðustu kosningum.

Hreyfingin nýtur stuðnings 4,1 prósents þeirra sem afstöðu taka í könnun Fréttablaðsins, sem er lítilleg aukning frá síðustu könnun. Flokkurinn bauð ekki fram í síðustu kosningum, en varð til með klofningi Borgarahreyfingarinnar. Flokkurinn er því með þrjá þingmenn í dag, en næði engum manni á þing yrðu niðurstöður kosninga í takt við könnun Fréttablaðsins.

Hringt var í 800 manns dagana 5. og 6. apríl. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá og skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til kosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var að lokum spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? Alls tóku 54,5 prósent afstöðu.

brjann@frettabladid.is

# Sprengitilboð
á Dewalt verkfærum Eingöngu föstudaginn 08.04.11

DCD710S2
**HLEÐSLUBORVÉL 10,8V**
10mm patróna
Hersla 25 Nm
2 x 1,3 Ah LI-Lion

**36.900**
Var 49.900

DC988KL
**HLEÐSLUBORVÉL MEÐ HÖGGI 18V**
Patróna:13mm
Rafhlaða: 2*2,0Ah
Hersla:52Nm
Þyngd 2,2kg

**59.900**
Var 89.900

DW777
**GEIRUNGSSÖG 1800W**
Stærð á blaði 216 mm
Skurðargeta 60 - 270mm

**62.900**
Var 79.900

DE7023
**BORÐ FYRIR GEIRUNGSAGIR**
Hægt að lengja - tekur lítið pláss

**29.900**
Var 44.900

D27901
**RYKSUGA 1200W**
Vatn/ryk
45 lítra
Tengill fyrir vélar

**69.900**
Var 97.900

D25013K
**HÖGGBORVÉL SDS+**
650w - 0-2,4 J
2,3kg

**33.900**
Var 42.900

D25124K
**HÖGGBORVÉL SDS+**
800W - 13mm patróna fylgir
0-3,4 J

**46.900**
Var 59.900

DC212N
**HÖGGBORVÉL SDS+ 18V**
300W - stök vél
2,1 J

**45.900**
Var 59.900

DC411N
**SLÍPIROKKUR 18V**
Stök vél
405W - 125mm

**23.900**
Var 39.900

D28135
**SLÍPIROKKUR 1400W**
125mm - 10.000 sn/min

**16.900**
Var 26.900

DCD940B2
**HLEÐSLUBORVÉL 12V**
13mm patróna
Hersla 44 Nm
Led ljós

**54.900**
Var 64.900

DW087K
**LASER TVEGGJA LÍNU**
Sjálfstillandi

**39.900**
Var 49.900

DCD925L2
**HLEÐSLUBORVÉL MEÐ HÖGGI 18V**
Patróna:13mm
Rafhlaða: 2*2,0Ah
Led ljós
Hersla:56Nm
Þyngd 2,5kg

**84.900**
Var 119.900

DEWALT YELLOW&BLACK PAYBACK


**Fjarlægðarmælir** (DW030P)
**FRÍTT Í KAUPBÆTI**
**Þegar þú kaupir Dewalt vörur fyrir kr. 235.000 m/vsk**
verðmæti **39.900 m/vsk**


**10,8 V borvél** (DCD710S2)
**FRÍTT Í KAUPBÆTI**
**Þegar þú kaupir Dewalt vörur fyrir kr. 415.000 m/vsk**
verðmæti **49.900 m/vsk**


**SDS + Höggborvél** (D25124K)
**FRÍTT Í KAUPBÆTI**
**Þegar þú kaupir Dewalt vörur fyrir kr. 550.000 m/vsk**
verðmæti **59.900 m/vsk**


**Ryk/vatnssuga** (D27900)
**FRÍTT Í KAUPBÆTI**
**Þegar þú kaupir Dewalt vörur fyrir kr. 690.000 m/vsk**
verðmæti **64.900 m/vsk**


**Geirungssög** (DW777)
**FRÍTT Í KAUPBÆTI**
**Þegar þú kaupir Dewalt vörur fyrir kr. 830.000 m/vsk**
verðmæti **79.900 m/vsk**

www.sindri.is / sími 575 0000

SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

Með fyrirvara um villur

föstudagur **Föstudagsviðtalið** Óvissa ríkir í íslenskri kvikmyndagerð

# *Óttast flótta úr kvikmyndaiðnaðinum*

Framlög til Kvikmyndasjóðs hafa verið skorin við nögl og óvissa ríkir um kvikmyndagerð hér. **Laufey Guðjónsdóttir**, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, segir í samtali við *Jón Aðalstein Bergsveinsson* svigrúmið lítið. Ekki sé nóg að styrkja tvær kvikmyndir á ári.

Kvikmyndagerð hér hefur alltaf verið fjárhagslega viðkvæm, starfsfólki sniðinn þröngur stakkur og geirinn mátt við litlu. Þegar stóra aldan skall á haustið 2008 molnaði hratt undan greininni og nú má hún við engu.

„Við verðum að fjármagna ákveðinn fjölda mynda til að halda í lágmarksmannafla í greininni og halda henni við. Gangi það ekki eftir er hætta á að fólk flosni upp. Við það hverfur þekking og reynsla,“ segir Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands.

Hún segir það dapurlegt. Hér sé kvikmyndagerðarfólk á heimsmælikvarða. „Það er ekkert smáræði fyrir geira sem byrjaði árið 1977 með kvikmyndinni Morðsögu.“

> Íslenskur framleiðandi, sem hefur barist fyrir hugmyndinni frá upphafi gæti staðið uppi með lítið sem ekkert.

### Styrkir enga mynd

Kvikmyndamiðstöð Íslands heldur utan um nokkra sjóði, þar á meðal Kvikmyndasjóð. Framlag til hans var skert um 35 prósent í fyrra og hefur hann síðan þá haft 450 milljónir króna umleikis til úthlutunar hvort ár. Upphæðin er 250 milljónum króna lægri en árin á undan.

Kvikmyndasjóður hefur styrkt framleiðslu sex til átta kvikmynda í fullri lengd síðastliðin fimm ár. Það sem af er ári hefur sjóðurinn ekki styrkt framleiðslu einnar einustu kvikmyndar. Vilyrði er hins vegar fyrir samtals 123 milljóna króna styrk til tveggja mynda, um sextíu milljónir fari til hvorrar þeirra, og er stefnt á að hefja tökur á þeim á árinu ef fjármögnun næst. Þriðja myndin gæti verið í sjónmáli. Vilyrðin eru bæði frá síðasta ári. Svipaða sögu er að segja af öðrum sjóðum, svo sem til framleiðslu heimildarmynda og sjónvarpsmynda. Þar kom niðurskurðarhnífurinn niður af fullum þunga.

Menntamálaráðuneytið hefur unnið að því að endurnýja samning í samstarfi við kvikmyndaráð sem meðal annars felur í sér aukin fjárframlög til Kvikmyndamiðstöðvarinnar næstu fimm árin. Fyrsti samningurinn af þessum toga var gerður í tíð Björns Bjarnasonar, fyrrverandi menntamálaráðherra, árið 1998. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, eftirmaður Björns, endurnýjaði hann fyrir fimm árum.

Í fyrra skipaði Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, starfshóp til að kanna stöðu kvikmyndagreinarinnar hér á landi og var staðan kortlögð og starfsumhverfi hennar skoðað í þaula. Samninginn þarf að fjármagna og gæti hann tekið gildi á næsta ári.



**LAUFEY GUÐJÓNSDÓTTIR** „Ef við getum ekki staðið við vilyrði okkar er fótunum kippt undan greininni,“ segir forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Tvær myndir eru ekki nóg

Laufey segir mikilvægt að flýta fyrir framlagi til Kvikmyndamiðstöðvar. Öll óvissa sé erfið, fyrir kvikmyndagerðarmenn og framleiðendur myndanna.

„Fjármögnun kvikmynda getur tekið langan tíma, allt frá einu til fjögurra ára. Það er því mikilvægt fyrir greinina að vita hvaða vilyrði við getum gefið. Ef við getum ekki staðið við okkar er fótunum kippt undan greininni,“ segir Laufey og bætir við að styrkja þurfi ákveðinn fjölda mynda ár hvert til að halda í horfinu í íslenskri kvikmyndagerð.

„Við þurfum að styrkja þrjár til fjórar myndir í fullum gæðum til að halda greininni á floti og viðhalda þekkingu og fagmennsku í henni,“ segir Laufey og bætir við að fleiri þættir hafi neikvæð áhrif á íslenska kvikmyndagerð en niðurskurður á fjárframlögum.

„Eftir að krónan hrundi hafa vilyrði okkar lækkað um helming í erlendum myntum. Það þýðir að íslenskir framleiðendur sem fara utan með vilyrði héðan líta vandræðalega út. Samstarfið verður því ekki á jafningjagrunni eins og áður og hætt við að íslenskir framleiðendur beri enn minna úr býtum en áður í skiptum fyrir framlag sitt,“ segir hún. Á móti gætu erlendir framleiðendur fengið meiri rétt en áður á sölu og dreifingu íslenskra mynda erlendis. „Íslenskur framleiðandi, sem hefur barist fyrir hugmyndinni frá upphafi gæti staðið uppi með lítið sem engan eignarhluta í fullbúinni mynd,“ segir Laufey og bendir á að þetta dragi enn frekar úr fjármögnun íslenskra kvikmynda hér.

„Starfsumhverfi í kvikmyndagerð hér hefur alltaf verið mjög viðkvæmt og svigrúmið lítið. Ekkert má út af bera. Tvær kvikmyndir í fullri lengd á ári er ekki nóg til að halda kvikmyndagerð hér við,“ segir Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands.

## Bíódagar verða ekki endurteknir

„Það er útilokað að gera kvikmyndir á borð við Djöflaeyjuna og Bíódaga sem gerast í fortíðinni og krefjast dýrra leikmynda, því engir peningar eru til,“ segir kvikmyndaleikstjórinn Friðrik Þór Friðriksson. Hann telur að yrði Djöflaeyjan gerð í dag gæti framleiðslukostnaður hennar numið á bilinu sex til sjö hundruð milljóna króna. Bíódagar gætu verið tvö hundruð milljónum krónum ódýrari. Til samanburðar kostar kvikmynd sem gerist í nútímanum og krefst ekki viðamikillar sviðsmyndar í kringum tvö hundruð milljónir króna. Mamma Gógó, síðasta kvikmynd Friðriks, var á því róli.

Friðrik Þór fékk sjötíu milljóna króna framleiðslustyrk frá Kvikmyndasjóði árið 2009 til að gera Mömmu Gógó. Annað fjármagn kom að utan auk tuttugu prósenta endurgreiðslu frá iðnaðarráðuneyti. Miðað við það jafngildir sjö hundruð milljóna króna heildarframlag úr Kvikmyndasjóði á ári hverju framleiðslu upp á tvo milljarða.

Friðrik Þór hefur helgað líf sitt íslenskri kvikmyndagerð og má flokka hann með þeim sem stóðu í framlínunni þegar kvikmyndavorið rann hér upp um miðjan áttunda áratug síðustu aldar. Hann hefur gert níu kvikmyndir í fullri lengd auk stuttmynda, heimildarmynda og sjónvarpsþátta frá 1975.

Friðrik segir kvikmyndir dýrar í framleiðslu. Eigi að gera góðar myndir verði að vanda til verksins. Slíkt kosti peninga. Miðað við núverandi aðstæður virðist aðeins hægt að gera kvikmyndir sem gerast í nútímanum og krefjast ekki mikils umstangs. Það gangi ekki til lengdar enda fái fólk leið á slíku til lengdar. Nauðsynlegt sé að gera öðru hverju kvikmyndir sem byggi á fortíðinni, menningar- og bókmenntaarfinum.

„Fréttirnar af niðurskurði á Kvikmyndasjóði voru hörmulegar fréttir. Enda er öll uppbygging okkar að hverfa út í buskann, það er búið að skera okkur nánast á háls,“ segir hann.




**LEIKSTJÓRINN** Friðrik Þór Friðriksson segir of dýrt að taka stórar kvikmyndir hér á landi sem krefjast dýrar sviðsmyndar.





**Framtíðarreikningur Íslandsbanka er frábær fermingargjöf**

Með honum geta foreldrar, ömmur, afar, frændur eða frænkur tryggt fermingarbarninu veglegan sjóð sem losnar við 18 ára aldur, um það bil þegar næstu stóru áfangar í lífinu blasa við. Hann ber ávallt hæstu vexti almennra verðtryggðra innlánsreikninga bankans og er því framúrskarandi valkostur fyrir langtímasparnað.

**Hægt er að stofna og leggja inn á Framtíðarreikning í útibúum Íslandsbanka.**

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 11-0507

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki



**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • **mánud.–föstud. 10–18** • **laugard. 10–16**
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • **mánud.–föstud. 8–18** • **laugard. 10–16** • **ellingsen.is**

# FERMINGAR **DAGAR**

**20% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM FERMINGARGJÖFUM**




DEVOLD
ACTIVE bolur
**Verð 8.990 kr.**

DEVOLD
ACTIVE buxur
**Verð 8.990 kr.**

TATONKA bakpokar
**Verð frá 36.990 kr.**

DEVOLD
EXPEDITION bolur
**Verð 9.990 kr.**

DEVOLD
EXPEDITION buxur
**Verð 9.990 kr.**

COLEMAN tjöld
**Verð frá 21.900 kr.**

COLEMAN
svefnpokar
**Verð frá 4.990 kr.**




COLEMAN
Hitabrúsi 0.75 l
**Verð 3.990 kr.**

COLUMBIA
COREMIC RIDGE
gönguskór
**Verð 26.900 kr.**

COLEMAN
TRACK dýna
**Verð 6.995 kr.**



**25% AFSLÁTTUR**
**COLEMAN PAKKI**
**Svefnpoki, dýna og tjald.**
Verð **17.133** kr.
Fullt verð áður 22.845 kr.



**19.596 kr.**
LEATHERMAN
**WAVE vasahnífur**
Ryðfrítt stál
17 verkfæri



**29.990 kr.**
COLUMBIA
**WALLAWALLA**
**gönguskór**
Þægilegir og léttir
gönguskór sem
fara vel á fæti.

PIPAR\TBWA · SÍA




+ Bókaðu ferð á www.icelandair.is

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 53419 02/11




Vinsamlegast athugið: Einstaka sinnum kemur fyrir að
viðskiptavinir Icelandair fljúgi með vél sem ekki er búið
að setja í ný sæti og nýtt afþreyingarkerfi.

ICELANDAIR

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Óvissan gæti orðið förunautur enn um hríð.

## Afdrifaríkt nei

Kannanir benda nú til að fleiri muni hafna Icesave-samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslu á morgun en samþykkja hann. Ástæða þess að fólk ætlar að kjósa nei eru fjölmargar og snúast ekki allar um efni kosninganna, sem er að ganga frá samkomulagi við bresk og hollensk yfirvöld um ríkisábyrgð á greiðslu til þeirra sem lagt höfðu fé inn á Icesave-reikningana í Bretlandi og Hollandi á lágmarkstryggingu innstæðueigenda úr Tryggingarsjóði innstæðueigenda á Íslandi.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Fáir sem á annað borð vilja semja við Breta og Hollendinga um Icesave munu líklega segja nei vegna þess að þeim þykir fyrirliggjandi samningur ekki nógu góður. Þeir eru mun fleiri sem ætla að kjósa nei vegna þess að þeir vilja ekki að íslenskur almenningur ábyrgist skuldir Landsbankans. Íslenskur almenningur hefur þó þegar ábyrgst skuldir þess banka og annarra íslenskra banka vegna innstæðna á Íslandi.

Sumir ætla að kjósa nei vegna þess að þeir líta svo á að þeir séu að greiða atkvæði gegn ríkisstjórninni og að einhverju leyti þeir sömu ætla að segja nei af því að þeir álíta að með því séu þeir að greiða atkvæði gegn aðild Íslands að Evrópusambandinu. Um hvorugt af þessu er þó kosið á morgun.

Afleiðingar þess að kjósa nei eru þó alltaf þær sömu. Nei-fólk hefur bent á að þrátt fyrir „hræðsluáróður" hafi höfnun Icesave-samninganna fyrir ári ekki haft mikil áhrif á stöðu Íslands. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi haldið kúrsi gagnvart landinu og atvinnulífið hér hafi ekki hrunið til grunna.

Sú staða sem nú er uppi er allt önnur. Þegar gengið var til atkvæða þá var samningurinn sem borinn var undir atkvæði þegar úreltur vegna þess að fyrir lágu drög að samningi sem var Íslendingum mun hagstæðari en sá sem kosið var um. Sömuleiðis lá fyrir afdráttarlaus vilji samningsaðila til áframhaldandi samningaviðræðna. Í ljósi þessara staðreynda breytti atkvæðagreiðslan þá ekki miklu.

Nú þegar ljóst er að samningaleið hefur verið reynd til þrautar er allt annað uppi á teningnum. Ef samningnum verður hafnað liggur fyrir tímafrek dómstólaleið, fyrst til að skera úr um hvort Íslendingum beri að ábyrgjast innstæðurnar, og ef sá dómur fellur okkur í óhag, mál á hendur okkur til að heimta féð.

Niðurstaða dómsmálanna er ekki fyrirsegjanleg en í versta falli yrði Tryggingarsjóði gert að gera upp við erlendu sparifjáreigendurna með sama hætti og þá íslensku.

Í besta falli félli dómur okkur í hag. Þá eru þó ótalin óbein áhrif þess að hafna Icesave-samningnum. Már Guðmundsson seðlabankastjóri benti í ræðu sinni á ársfundi bankans í gær á að vísbendingar væru um að stóru bandarísku matsfyrirtækin tvö myndu setja lánshæfismat ríkissjóðs niður í spákaupmennskuflokk ef samningnum yrði hafnað.

Óvissa um framtíðina hefur verið þung byrði frá hruni. Með samþykki Icesave-samninganna í atkvæðagreiðslunni á morgun væri einum óvissuþætti eytt úr endurreisnarstarfinu sem stendur yfir á Íslandi. Verði þeir hins vegar felldir verður óvissan förunautur þjóðarinnar enn um hríð með tilheyrandi lamandi áhrif á efnahagslíf og endurreisn.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

**Námskeið við ræðukvíða**

KMS Kvíðameðferðarstöðin

**Kvíðameðferðarstöðin stendur nú fyrir 6 vikna námskeiði við ræðukvíða.**

Námskeiðið byggir á aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar og er miðað að þeim sem ræðukvíði truflar í daglegu lífi og starfi.

Námskeiðið hefur þegar verið haldið tvisvar sinnum við mjög góðar undirtektir.

**Námskeiðið hefst þriðjudaginn 23. apríl kl. 17 og stendur yfir í 6 vikur.**

Skráning fer fram hjá Kvíðameðferðarstöðinni í síma 534 0110/822 0043 eða með tölvupósti á kms@kms.is.

Athugið að hámarksfjöldi þátttakenda á námskeiðinu er 12.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Klapplið í Háskólanum

Forystumenn stjórnmálaflokkanna körpuðu um Icesave í háskólanum í gær. Sjálfstæðismenn virðast vera farnir að ókyrrast vegna málsins, því þeir sendu heljarinnar klapplið með formanni sínum. Þar voru Friðjón Friðjónsson, aðstoðarmaður Bjarna Benediktssonar, þingmennirnir Tryggvi Þór Herbertsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaðurinn Ólöf Nordal, framkvæmdastjórinn Jónmundur Guðmarsson og framkvæmdastjóri þingflokksins, Svanhildur Hólm Valsdóttir. Ríkisstjórnarflokkarnir létu nægja að senda aðstoðarmann forsætisráðherra og upplýsingafulltrúa fjármálaráðuneytisins.



### Ferilskráin

Talandi um Bjarna Benediktsson. Olíufélagið N1 hefur verið tekið yfir af lánardrottnum. Það safnaði slíkum skuldum í góðærinu að því tókst ekki að burðast með þær lengur en í tvö ár við nýjar aðstæður. Bjarni var sem kunnugt er stjórnarformaður N1 og móðurfélagsins BNT á árunum 2006 til 2008. Flestum þætti nokkur upphefð að því að vera treyst fyrir slíkum verkum. Það er hins vegar furðulegt að upplýsingar um þennan starfa er hvergi að finna í ferilskrá Bjarna á vef Alþingis.

### Upp í Icesave

Fjármálaráðherra upplýsti í gærmorgun að kostnaðurinn við Icesave-samningaviðræðurnar hefði numið rúmum 300 milljónum. Svo vill til að um sama leyti var kveðinn upp fangelsisdómur yfir fyrrverandi ráðuneytisstjóra ráðuneytisins og 192 milljónir í hans eigu gerðar upptækar. Þær duga til að greiða næstum tvo þriðju af reikningnum.



stigur@frettabladid.is

HALLDÓR




## Skynsemi eða tilfinningar?

Icesave



Gylfi Zoëga
hagfræðingur

Samninganefnd Íslands undir forystu Lee Buchheit hefur fært sterk rök fyrir því að Íslendingar staðfesti nýgerðan samning um ríkistryggingu á skuldbindingum innlánatryggingasjóðs í stað þess að hætta á málaferli. Höfnun samningsins mun tefja fyrir aðgengi íslenska ríkisins og innlendra stofnana að erlendu lánsfé sem er nauðsynlegt til þess að Ísland geti staðið á eigin fótum án aðstoðar Norðurlanda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Væntanlegur kostnaður við samninginn er metinn á 30 milljarða króna sem er álíka upphæð og kostnaður við byggingu tónlistarhússins í Reykjavík eða sem svarar tíu vikna sparnaði þjóðarinnar um þessar mundir.

> Höfnun samningsins mun tefja fyrir aðgengi íslenska ríkisins og innlendra stofnana að erlendu lánsfé

Til þess að mæta óvissu um endanlegar byrðar ríkissjóðs er samningurinn sérstaklega gerður með það í huga að greiðslubyrðin verði ekki of mikil. Á móti mæla þau tilfinningarök að ekki eigi að greiða skuldir eigenda Landsbankans. En þá gleymist að féð sem bankarnir dældu inn í íslenska hagkerfið skilaði sér í stóraukinni fjármunaeign, betri skuldastöðu ríkissjóðs og góðum lífskjörum árin fyrir 2008. Eftir standa ný borgarhverfi, vegir og sundlaugar sem erlendir kröfuhafar munu að verulegu leyti á endanum bera kostnað af. Það vill svo til að þeir sem ganga lengst í að mæla gegn samþykki samningsins eru margir hverjir sömu aðilar og gáfu ríkisbankana ævintýramönnum og leyfðu þeim að skuldsetja sig svo mikið að tjón erlendra aðila vegna falls þeirra nemur yfir 7.000 milljörðum króna sem er hærri upphæð en núvirt verðmæti fiskafla á Íslandsmiðum um alla framtíð margfölduð með þremur.

Með því að samþykkja samninginn er ekki verið að greiða skuldir þessara óreiðumanna heldur að tryggja að það tjón sem þeir ollu erlendum innstæðueigendum umfram íslenska verði bætt, svo endurreisn efnahagslífsins geti haldið áfram í friði við nágranna okkar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Rispur á bresku parketi



Í DAG

**Pawel Bartoszek**
stærðfræðingur

Þegar ég var nemandi á fyrsta ári í stærðfræði við Háskóla Íslands barst Félagi stærðfræði- og eðlisfræðinema stefna. Eigendur staðar sem félagið hafði leigt undir árshátíð sína mörgum mánuðum áður töldu að skemmdir hefðu orðið á dansgólfi umrætt kvöld. Þeir vildu fá hálfa milljón króna.

Fjölmargt í þessari stefnu mátti setja spurningarmerki við, og er þá ekki aðeins átt við hina augljósu spurningu um líkindi þess að raungreinanördar skemmi parket í trylltum danslátum. Stefnan var birt einhverjum vesalings fyrsta árs nema, sem raunar hafði löngu verið búinn að skipta um námslínu en var enn fremstur í stafrófsröð félagatalsins.

Árshátíðin hafði verið haldin ásamt nokkrum öðrum nemendafélögum en einungis einu félagi, okkar, var stefnt, og nokkur önnur slík formsatriði mætti tiltaka. Hugsanlega hefði verið hægt að nota þetta til að reyna að vísa málinu frá dómi. Sú leið var þó á endanum ekki farin.

Síðan var sjálf skaðabótaábyrgðin auðvitað vel loðin. Hvernig ætlaði staðarhaldari að sanna að umræddar skemmdir á parketi hefðu verið af völdum okkar félagsmanna? Hvernig átti að sanna að þær hefðu ekki verið áður? Er slit á dansgólfi síðan ekki eðlilegur hluti af viðhaldskostnaði þess sem rekur stað sem þennan? Sumt fylgir bara rekstrinum. „Fjórhjólið sem ég lánaði þér er allt úti í drullu. Hvað varstu eiginlega að gera við það?“

Í fljótu bragði virtist sem réttarstaða okkar væri allt í lagi. Að því er ég best veit er engin EES-tilskipun númer neitt sem skyldar háskólanema til að bera fjárhagslega ábyrgð á dansi annarra háskólanema, einhvern tímann áður. En hvað veit ég þó. Þær eru jú ansi margar.

Stefnan virtist félagsmönnum því hæpin. Þau ráð sem stjórn félagsins fékk frá lögfróðum mönnum voru hins vegar að semja. Það var auðvitað grautfúlt en fyrir því voru ágætis rök. Málarekstur er dýr eins og andskoti og hefði orðið félaginu erfiður. Málsatvik voru óljós, fáir þeirra nemenda sem voru á umræddri árshátíð voru enn í skólanum, svo erfitt var að vita hvort staðarhaldari hefði ekki hugsanlega haft eitthvað til síns máls. Hann hafði allavega fyrir því að ráða sér lögmann sem kunni Word og stafrófið. Hefði málið tapast, eða jafnvel dregist, hefði það gengið af félaginu dauðu, og kostnaðurinn hefði jafnvel getað lent á einhverjum almennum félagsmönnum. Það hefði verið bölvanlegt.

Það mál sem kosið er um á morgun snýst tæplega lengur um vexti og afborgunartíma. Ég hef heyrt fáa halda því fram að þeir séu tilbúnir að semja um að ábyrgjast endurgreiðslur á lágmarkstryggingum til breskra og hollenskra sparifjáreigenda, en bara undir öðrum skilmálum.

Flestir þeirra sem tala fyrir höfnun samningsins vilja einfaldlega ekki borga staka krónu. Það er afstaða sem bera má virðingu fyrir. En mér sýnist hún samt byggjast á tilfinningum frekar en raunverulegu hagsmunamati. Hvers vegna þarf til dæmis alltaf að tengja leiðinleg útgjöld við afkvæmi? Allir vilja að ríkissjóður ábyrgist okkar eigin innistæður, afskrifi okkar lán og tvöfaldi vegina okkar.

En þegar eyða á í eitthvað leiðinlegt, þá er það ekki lengur ríkissjóður sem borgar, heldur „börnin“. Grey börnin.

Sama hve mikið við berjum okkur á brjóst og sannfærum okkur um ágæti eigin málstaðar styrkist sá málstaður ekki endilega við það.

Allavega ekki frammi fyrir þeim erlendu og innlendu dómstólum sem um málið munu þurfa að fjalla. Margt bendir til að þeir dómstólar geti hæglega dæmt okkur í óhag. Við áttum að tryggja innistæður, við máttum ekki mismuna eftir þjóðerni, fljótt á litið var hvorugu fylgt.

Sameiginleg niðurstaða líkindafræðinnar og lögfræðinnar í stóra parketmálinu var sú að ákveðið var að semja um að borga, að mig minnir, einhverjar 40 þúsund krónur. Kostnaðinum var skipt milli þeirra nemendafélaga sem komu að umræddri árshátíð, svo hlutur félags stærðfræði- og eðlisfræðinema varð á endanum brot af því sem upphafleg krafa hljóðaði upp á. Það var samt fúlt, sjóðir slíkra félaga eru sjaldan digrir. Það er fúlt að borga fyrir rispur óreiðudansara. En ég held samt að það hafi verið skynsamlegt.

Við áttum að tryggja innistæður, við máttum ekki mismuna eftir þjóðerni, fljótt á litið var hvorugu fylgt.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
FÁÐU BEITTUSTU BRANDARANA Í SÍMANN
m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!
Skopmyndir Halldórs Baldurssonar eru á Vísi
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval.
Þú færð meira af öllu á Vísi.
Meiri Vísir.
vísir



Glæsilegt grillúrval í BYKO!
GRILLPRO
Mikið úrval af GRILLPRO grillfylgihlutum
2 brennarar
Efri grind
Vnr. 50630099
Gasgrill 19.900
OUTBACK gasgrill, tvískiptur járnbrennari.
2 brennarar
Efri grind
Vnr. 50630100
Gasgrill 25.900
OUTBACK gasgrill, tvískiptur járnbrennari og grillflötur 48x36 cm. Efri grind og hitaplata yfir brennara, niðurfellanleg hliðarborð, neistakveikjari og þrýstijafnari fylgja. 6,2 kW.
3 brennarar
Efri grind
Vnr. 50630097
Gasgrill 36.990
SONSET SOLO gasgrill, með 3 brennurum.
2 brennarar
Efri grind
Vnr. 50657144
Gasgrill 39.900
STERLING gasgrill með tvískiptum brennara.
2 brennarar
Efri grind
Vnr. 50657143
Gasgrill 46.900
STERLING gasgrill með tvískiptum brennara.
2 brennarar
Efri grind
Vnr. 50630102
Gasgrill 69.990
OUTBACK gasgrill, 2 járnbrennarar.
Nýtt BYKO blað er komið út
BYKO blaðið er komið út með fullt af vörum fyrir vorið!
BYKO

# Skynsamlegast að semja

Icesave
Árni Helgason
lögmaður



Innistæðueigendur eru í senn mikilvægustu og minnst upplýstu viðskiptavinir fjármálakerfisins hverju sinni og enn fremur fjölmennasti hópurinn. Reglur um vernd innistæðna eru til staðar í nánast öllum ríkjum með þróað fjármálakerfi og miða bæði að því að tryggja öryggi fjármálakerfisins, sem innistæðueigendur eiga alla jafna erfitt með að kynna sér, og leggja mat á upplýsingar um viðskiptabanka sinn.

Bandaríkin voru eitt fyrsta ríkið til að koma á fót opinberri vernd fyrir innistæðutryggingar í kjölfar kreppunnar miklu. Á níunda og tíunda áratug síðustu aldar urðu til reglur hjá ESB (þá EB) sem skylduðu aðildarríki til að taka upp eða aðlaga reglur um innistæðuvernd. Þetta tók til Íslands í kjölfar inngöngu í EES og uppfylltum við þessa skyldu með því að setja ákvæði í lög nr. 113/1996 og síðar í lög nr. 98/1999.

Á móti hafa innistæður verið settar aftarlega í réttindaröð samkvæmt lögum um gjaldþrot fjármálafyrirtækja þannig að ólíklegt gat talist að innistæðueigendur fengju eitthvað upp í sínar kröfur. Þarna á milli var augljóst samhengi, þ.e. tilvist Tryggingarsjóðsins og vernd innistæðueigendanna gerði það að verkum að unnt var að hafa kröfuna aftar í réttindaröðinni án þess að draga úr þeirri vernd sem innistæður áttu að njóta.

### Sjóðirnir þoldu lítið

Lykilspurningunni var þó ósvarað, þ.e. hve víðtæk var ábyrgðin fyrir aðildarríkin? Kerfið virtist byggja á því að vona það besta, þannig að á þetta myndi aðeins reyna í þeim tilfellum ef litlar einingar, t.d. sparisjóðir, færu á hausinn. Í umfjöllun í Peningamálum 2005 kemur fram að samkvæmt grófum útreikningum hafi heildareignir Tryggingarsjóðsins verið um 4,5 milljarðar en upphæð innistæðna á bilinu 145-252 milljarðar króna og er þetta áður en hin mikla innlánasöfnun bankakerfisins hófst á árunum 2006-8. Sama staða var uppi í Evrópu en í skýrslu á vegum framkvæmdastjórnar ESB frá maí 2008 kom einnig fram að tryggingarkerfin einkum við afmörkuð áföll minni fjármálastofnana.

Þegar það svo gerðist sem enginn átti von á, að fjármálakerfið fór nánast í heild sinni á nokkrum dögum, vaknaði spurningin um umfang ábyrgðarinnar.

### Ábyrgð ríkisins

Orðalag tilskipunar ESB og laganna sem sett voru hér á landi má túlka á ýmsa vegu. Í aðfaraorðum tilskipunarinnar segir að hún geti ekki gert aðildarríkin eða lögbær yfirvöld þeirra ábyrg gagnvart innistæðueigendum ef þau hafi séð til þess að koma á einu eða fleiri kerfum viðurkenndum af stjórnvöldum sem ábyrgjast innlán eða lánastofnanirnar sjálfar og tryggja að innistæðueigendur fái bætur og tryggingu í samræmi við skilmálana í þessari tilskipun.

Því hefur verið haldið fram að íslenska ríkið hafi fullnægt

> Ýmsir telja það ekkert vandamál þótt dómstóll kæmist að þeirri niðurstöðu að mismunun hefði átt sér stað. Það er sérkennileg niðurstaða þar sem slíkur dómur, t.d. fyrir EFTA-dómstólnum, gæti verið grundvöllur að skaðabótamáli gagnvart íslenska ríkinu.

skyldu sinni gagnvart tilskipuninni með því einu að setja upp slíkt tryggingarkerfi. Þá má hins vegar velta því upp hvort aðildarríkjunum sé í sjálfsvald sett hve lágt hlutfall innistæðna hverju sinni sé tryggt samkvæmt þessu kerfi. Hefði það getað verið enn lægra en raunin var?

### Lán ef eignir hrökkva ekki til

Augljóslega gátu aðildarríkin ekki útfært sín tryggingarkerfi hvernig sem er, enda hefðu þau þar með verið að brjóta gegn þeim markmiðum tilskipunarinnar að veita innistæðueigendum vernd. Aðfaraorð tilskipunarinnar fela í sér að tryggingarkerfið verður að standa undir þeim bótum sem kveðið er á um. Ályktunin um að tómur tryggingarsjóður þýði enga ábyrgð stenst líka illa ákvæði laga nr. 98/1999, sem kveða á um hvernig fara skuli með ef eignir sjóðsins hrökkva ekki til en sjóðnum er veitt heimild til lántöku. Því var ítrekað lýst yfir af sjóðnum sjálfum og stjórnvöldum í aðdraganda hrunsins að þessi heimild yrði nýtt og gaf ríkisstjórnin út sérstaka yfirlýsingu þess efnis. Því er sú túlkun að mínu mati hæpin að á íslenska ríkinu hvíli ekki lagaskylda umfram það að setja upp tryggingarsjóð.

Þegar efnahagshrunið dundi yfir í októberbyrjun 2008 var staðan sem sagt sú að ef ekkert hefði verið að gert hefði vernd innistæðueigenda verið sama og engin. Kröfur þeirra, jafnt í íslenskum sem erlendum útibúum, hefðu endað aftarlega í skiptameðferð bankanna og lítið sem ekkert fengist úr Tryggingarsjóðnum.

### Viðbrögð fólu í sér mismunun

Viðbrögð ríkisstjórnarinnar voru þau að tryggja innistæður í útibúum á Íslandi en ekki erlendis og að færa íslenskar innistæður yfir í nýja banka. Íslenskir innistæðueigendur voru með öðrum orðum ekki settir í þá stöðu að þurfa að sækja innistæður sínar í skiptameðferð gömlu bankanna eða til tryggingarsjóðsins. Því má velta fyrir sér hvaða pólitísku afleiðingar hin leiðin hefði haft, þ.e. að láta íslenska innistæðueigendur taka höggið, og hvort ákallið um að almenningur borgi ekki skuldir einkaaðila hefði fengið mikinn hljómgrunn í því tilfelli. Aðgerðirnar fólu í sér mismunun gagnvart reglum EES-réttarins.

### Erfitt dómsmál

Ýmsir telja það ekkert vandamál þótt dómstóll kæmist að þeirri niðurstöðu að mismunun hefði átt sér stað. Það er sérkennileg niðurstaða þar sem slíkur dómur, t.d. fyrir EFTA-dómstólnum, gæti verið grundvöllur að skaðabótamáli gagnvart íslenska ríkinu. Þegar allt þetta er tekið saman, þ.e. þær skyldur sem hvíldu á íslenska ríkinu samkvæmt Evróputilskipuninni og sú mismunun sem fólst í aðgerðum íslenska ríkisins við að verja innistæður í október 2008, er hæpið að tala á þann veg að við séum með unnið mál fyrir dómstólum. Miklu nær er að telja að við ættum mjög á brattann að sækja.

Samningurinn sem er á borðinu er betri en sá fyrri en þó ekki eins og best verður á kosið, enda eru töluverðir áhættuþættir innbyggðir í samninginn. Allar horfur með þessi atriði eru þó jákvæðar og í öllum samningum felst að báðir aðilar gefa eftir af sínum ítrustu kröfum. Þá eru vitaskuld hagsmunir í því fólgnir fyrir Ísland að klára þetta mál.

Ég ætla því að segja já í þjóðaratkvæðagreiðslunni.

# Við berum ábyrgð á okkar óreiðumönnum

Icesave
Þorgeir Pálsson
prófessor við Tækni- og verkfræðideild HR



Í þeirri umræðu, sem fram hefur farið undanfarna mánuði hefur Icesave-málið orðið æ flóknara með hverri vikunni sem liðið hefur. Því er stór hætta á því að aukaatriðin muni þvælast fyrir mörgum sem aldrei fyrr þegar menn gera upp hug sinn varðandi þetta afdrifaríka mál fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna næstkomandi laugardag. Í huga þess sem þetta ritar er málið hins vegar ekki flókið og er þessi grein rituð til að velta upp hlið málsins, sem ekki hefur fengið mikla umfjöllun.

Þegar breskir og hollenskir sparifjáreigendur lögðu fjármuni inn á Icesave-innstæðureikninga á sínum tíma höfðu þeir fulla ástæðu til að ætla að þessar innstæður væru tryggðar með sama hætti og væru þær á bankareikningum í breskum og hollenskum bönkum. Slíkt var mjög eðlilegt út frá almennum reglum, sem gilda um bankastarfsemi í siðuðum þjóðfélögum. Auk þess kepptust stjórnendur Landsbankans og jafnvel íslenskir embættismenn við að sannfæra markaðinn um að ekkert væri að óttast í þessum efnum. Ljóst má vera að hefði þessum væntanlegu innstæðueigendum verið skýrt frá því, að hinn íslenski Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) væri fjárvana og að íslensk stjórnvöld mundu ekki ábyrgjast skuldbindingar hans gagnvart innstæðueigendum þá hefði lítið orðið um innlán á Icesave-reikningana. Mundir þú lesandi góður leggja fjárupphæð inn á bankareikning, sem nyti engrar innstæðutryggingar og þar sem eina úrræðið væri að gera kröfu í þrotabú bankans ef hann félli?

Það sem verst er í þessu máli öllu er að Icesave-innstæðueigendurnir voru vísvitandi blekktir. Stjórnendum Landsbankans og stjórnvöldum mátti vera fullljóst að íslenski tryggingarsjóðurinn, TIF, var einskis máttugur. Árið 2007 uppfyllti hann ekki einu sinni lágmarkskröfuna um að hafa til ráðstöfunar sem næmi 1% af innstæðum bankakerfisins (sbr. ársreikning sjóðsins 2007) enda var heildareign sjóðsins aðeins 8,4 milljarðar kr. í lok þess árs. Samkvæmt niðurstöðu Rannsóknarnefndar Alþingis var höfuðstóll hans 0,41% af heildarinnstæðum við fall bankanna. Jafnframt lá ekki fyrir nein formleg yfirlýsing stjórnvalda hvað þá heldur lagaleg ákvæði um að ríkissjóður mundi ábyrgjast skuldbindingar TIF. Enda komst seðlabankastjóri svo að orði í samtali við breska sjónvarpsstöð í byrjun mars 2008 að ríkissjóður hefði getu til að ábyrgjast innstæðurnar ef íslenska ríkið kysi að takast slíka ábyrgð á hendur.

> Þegar breskir og hollenskir sparifjáreigendur lögðu fjármuni inn á Icesave-innstæðureikninga á sínum tíma höfðu þeir fulla ástæðu til að ætla að þessar innstæður væru tryggðar með sama hætti og væru þær á bankareikningum í breskum og hollenskum bönkum.

Með því að samþykkja fyrirliggjandi Icesave-samning eru Íslendingar einfaldlega að standa við fyrirheit, sem breskum og hollenskum innstæðueigendur höfðu verið gefin án nokkurra athugasemda íslenskra stjórnvalda; það er að segja að sömu ábyrgðir giltu varðandi Icesave-reikningana og sams konar innlánsreikninga annarra banka í þessum tveimur löndum. Samþykkt Icesave-samningsins nú er skýr yfirlýsing um að Ísland ætli ekki að láta tryggingarsjóð innstæðueigenda, TIF, verða gjaldþrota. Slíkt hefur ekki gerst hjá neinum þeirra þjóða, sem við berum okkur gjarnan saman við á tyllidögum. Jafnframt værum við að viðurkenna þá ábyrgð sem við berum sameiginlega á athöfnum óreiðumannanna, sem unnu að uppbyggingu Icesave með vitund og jafnvel stuðningi stjórnvalda og reyndar stórs hluta þjóðarinnar. Eða vilja landsmenn heldur hafna Icesave-samningnum og taka þá áhættu að vera léttvægir fundnir af dómstólum erlendis eða hérlendis og vera hengdir upp á vegg sem óreiðumenn allir sem einn? Svarið fæst í þjóðaratkvæðagreiðslunni næstkomandi laugardag, hinn 9. apríl.

# Nei á morgun framlengir líf ríkisstjórnarinnar

Icesave
Tryggvi Þór Herbertsson
prófessor í hagfræði og alþingismaður



Undanfarna daga hef ég skrifað nokkrar greinar um hagfræðilega afleiðingar þess að segja Nei í þjóðaratkvæðagreiðslunni á morgun. Það er mín staðfasta trú að efnahagslegar afleiðingar þess geti orðið skelfilegar. Í dag ætla ég að skrifa um pólitíkina í því að segja nei.

Svo virðist vera sem margir Íslendingar ætli sér á kjörstað á morgun til að fella ríkisstjórnina. Það virðist sveima yfir vötnunum sá grundvallarmisskilningur að með því að kjósa á móti Icesave-samningnum sé verið að veikja

> Ef við viljum losna við ríkisstjórnina látum þá kné fylgja kviði og segjum já

ríkisstjórnina – hún muni hrekjast frá völdum.

Stjórnin hefur nú um tveggja ára skeið reynt að breiða yfir vanmátt sinn gagnvart því verkefni að koma efnahagslífinu af stað, vinna bug á atvinnuleysinu og ná stjórn á ríkisfjármálum með því að benda á að Icesave-málið sé óleyst. Framan af féllu margir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í þá gryfju að trúa þessum áróðri og sættu sig við aðgerðaleysið. Margir hafa þó náð áttum eins og marka má af dvínandi stuðningi við ríkisstjórnina.

Ef Icesave-samningurinn verður felldur á morgun mun það þjappa stjórnarflokkunum saman og þeir munu áfram nota Icesave sem fjarvistarsönnun fyrir því aðgerðaleysi sínu. Ef við viljum losna við ríkisstjórnina látum þá kné fylgja kviði og segjum já í kosningunum á morgun. Þá stendur ríkisstjórnin á berangri – hún hefur þá ekki lengur skjól af óleystu Icesave-máli.



# Rangfærslur **leiðréttar**




**1**

Lee Buchheit, Lárus Blöndal, Ragnar Hall, 70% þingmanna og fjöldi annarra sérfræðinga telur áhættuna af dómsmáli óviðunandi samanborið við Buchheit-samninginn. Fullyrðingar um að dómsmál um ábyrgð sé fyrirfram unnið eru innistæðulausar enda hefur ESA unnið nær öll samningsbrotamál sín.

**2**

Valið á kjörseðlinum er ekki hvort heldur hvernig kostnaðurinn kemur fram. Þrotabú Landsbankans borgar Icesave samkvæmt Buchheit-samningnum og áhætta ríkisins gagnvart skuldbindingum Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta er lágmörkuð. Bara hagstæð sala á Iceland-keðjunni myndi klára Icesave allt eins og fram kemur í Financial Times.

**3**

Almenningur í útibúunum gat ekki nálgast peningana sína í Icesave vikum saman meðan allt okkar var aðgengilegt. Íslensk stjórnvöld tóku þátt í að finna lausn á því með Bretum og Hollendingum sbr. sameiginlegar yfirlýsingar aðila og samkomulag við Hollendinga.

**4**

Afstaða íslenskra stjórnvalda og Alþingis hefur frá upphafi verið að semja eigi um málið og þær viðræður hafa staðið yfir í rúmlega tvö ár. Eftirlitsstofnun EFTA hefur undirbúið ákæru gegn Íslandi fyrir brot gegn EES reglum verði samningi hafnað.

**5**

Neyðarlögin eru til verndar íslenskum hagsmunum og gerðu m.a. kleift að tryggja án þaks allar innstæður á Íslandi á kostnað almennra kröfuhafa. Icesavedeilan snýst því um ábyrgð íslenska tryggingakerfisins gagnvart erlendum sparifjáreigendum en ekki uppgjör þrotabúsins eða heimtur krafna upp í útgjöld innstæðutryggjendanna í löndunum þremur. Við erum ekki að kjósa um neyðarlögin.

**6**

Allir áhættuþættir sem eiga við um Buchheit-samninginn liggja líka í dómstólaleiðinni. Lárus Blöndal lýsti því svo: „Það skiptir ekki máli hvort borgað er samkvæmt samningi eða dómi, það eru sömu áhættuþættir. Gengið og endurheimtur úr búinu hafa sömu áhrif.“ Helsti munurinn er sá að fyrir dómstólum höfum við engin áhrif á kröfugerðina gegn Íslandi og erum án samnings svo bæði endanlegur höfuðstóll og vextir eru algerlega óþekkt stærð. Hrein og klár áhætta.

**7**

400 milljarða snjóhengja erlendra krafna jöklabréfa-eigenda inni í íslensku hagkerfi eitt alvarlegasta viðfangsefni okkar og fráleitt að hægt sé að bæta hundruðum milljarða við án afleiðinga. Þess utan er ekki hægt að fullyrða að skuldin verði í krónum eftir dómstólaleið því til er dómafordæmi frá Hæstarétti um annað.

**8**

Hér er áhættan. Eftirlitsstofnun EFTA hefur gefið út álit um skýlausa greiðsluskyldu Íslands og undirbýr dómsmál. Þær þjóðir sem fjármagna endurreisnaráætlun Íslands með AGS eru sammála mati ESA. Við höfum nýtt vafann til að ná hinum hagstæða Buchheit-samningi. Tapist dómsmál eru þeir út af borðinu og áhætta Íslands er óþekkt.

**9**

Áætlunin um endurreisn hagkerfisins byggist á því að íslenskt atvinnulíf og opinberir aðilar muni getað fjármagnað sig. Lokun eða hærri vaxtabyrði veldur stöðnun. Tvö ný dæmi staðfesta það: OR á engan kost annan en segja upp fólki, lækka laun, hækka álögur og hætta við framkvæmdir. Össur getur ekki vaxið á Íslandi því fjármögnun er skilyrt við erlenda starfsemi.

**10**

Áhættan er þríþætt: 1. Stöðnun, atvinnuleysi og aukin vaxtabyrði enda áhrif matsfyrirtækjanna raunveruleg hvort sem okkur líkar það eða ekki. 2. Við verðum „dæmdir skuldarar“ eins og Lee Buchheit sagði og yrðum þá að snúa „nakin“ að samningaborðinu án samnings um lágmarksvexti. 3. Við verðum dæmd fyrir mismunum og ábyrg fyrir umframtryggingunni líka sem stökkbreytir höfuðstólnum og hækkar vaxtakostnað um tugi eða hundruð milljarða.

**Við getum lokið deilunum í eitt skipti fyrir öll** með Buchheit-samningnum sem **takmarkar áhættu** eða lagt upp í **margra ára átök og dómsmál.** Valið á aðeins að ráðast af **mati á hagsmunum þjóðarinnar:**

Hvor leiðin felur í sér meiri **áhættu** á þungbærum **kostnaði** eða **hindrar möguleika til hagvaxtar** og **bættra lífskjara.**

Fullyrðingar um að **löng og óviss dómsmál** gegn Íslandi hljóti að enda með **tiltekinni niðurstöðu** eru fullkomið **ábyrgðarleysi** við þessar aðstæðar.

Samningurinn **stendur okkur ekki til boða** eftir laugardaginn!

Ásmundur Ásmundsson, Reykjavík - Hilmar Ingólfsson, Garðabæ

Skipulags stofnun

**Mat á umhverfisáhrifum**

**Ákvörðun Skipulagsstofnunar um sameiginlegt mat framkvæmda**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að umhverfisáhrif eftirtalinna framkvæmda skuli ekki meta sameiginlega samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Hólmsárvirkjun (allt að 80 MW), Búlandsvirkjun (allt að 150 MW) og flutningskerfi raforku frá þeim að byggðalínu, Skaftárhreppi.**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulagsstofnun.is**.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **9. maí 2011.**

**Skipulagsstofnun**

# Við borgum ekki … og þó

Icesave



**Skúli Helgason**
alþingismaður

Við borgum ekki skuldir óreiðumanna er grunntónninn í málflutningi þeirra sem hyggjast hafna Icesave-samkomulaginu þann 9. apríl. Þetta er að öllu leyti skiljanlegt sjónarmið enda vandfundinn sá einstaklingur sem brennur í skinninu að fá að greiða úr eigin vasa fórnarkostnað af óráðsíu bankamanna í aðdraganda fjármálahrunsins. En veruleikinn er mun flóknari en svo að valið standi um að borga skuldir óreiðumanna eða gera það ekki. Reyndar er það svo að þjóðin hefur verið að borga „skuldir“ óreiðumanna allar götur frá bankahruni, í formi verðbólgu, lægri launa, hærri skatta, niðurskurðar á útgjöldum til velferðar- og menntamála, hærri húsnæðislána, eiginfjárframlaga til endurreistra banka og svo mætti áfram telja. Allt eru þetta afleiðingar af skuldum óreiðumanna og reyndar afskiptaleysi stjórnvalda í kjölfar einkavæðingar bankanna, sem hrun bankakerfisins velti yfir á herðar þjóðarinnar. Og óreiðumennirnir voru víðar en í viðskiptabönkunum því einn hæsti reikningurinn sem þjóðin þarf nú að greiða tengist tæknilegu gjaldþroti Seðlabankans vegna ábyrgðarlausrar „þjónustu“ hans við dauðadæmda banka mánuðina fyrir hrun. Kostnaður ríkissjóðs vegna þessa hefur verið áætlaður 175 milljarðar króna. Því miður fáum við aldrei að kjósa þann reikning út úr heiminum. Hann er kominn til að vera.

### Valið

Á laugardaginn stendur þjóðin hins vegar frammi fyrir afdrifaríku vali. Þá gefst kostur á því að velja á milli þess að samþykkja Icesave samkomulag sem felur einmitt í sér að óreiðumennirnir eða nánar tiltekið þrotabú Landsbankans greiðir stærstan hluta Icesave-skuldarinnar (líklega yfir 90%). Ríkissjóður ábyrgist afganginn sem skv. nýjasta mati gæti numið um 27 milljörðum króna á næstu fimm árum miðað við óbreyttar forsendur um gengi, greiðsluhraða úr þrotabúinu og mat á endurheimt eigna. Sú upphæð getur hækkað í rúmlega 100 milljarða eða lækkað niður í núll ef fyrrnefndar forsendur breytast verulega sbr. nýja útreikninga hagdeildar Alþýðusambands Íslands.

> Það eru að sönnu færri sérfræðingar en fleiri sem telja líklegt að Íslendingar vinni málið fyrir dómstólum

Hinn kostur kjósenda er að segja nei og þá bendir flest til þess að málið verði útkljáð fyrir dómstólum. Dómstólaleiðin myndi að líkindum kosta þjóðina margfalt hærri fjárhæðir, úr röðum andstæðinga samkomulagsins hafa heyrst tölur á borð við 140 milljarða króna en fulltrúar samninganefndar með Lárus Blöndal í fararbroddi hafa nefnt 400-700 milljarða króna ef allt fer á versta veg og jafnvel allt að 1100 milljarða. Dómstólaleiðin gæti líka skilað jákvæðri niðurstöðu þar sem málstaður Íslendinga yrði samþykktur um að ekki væri greiðsluskylda og útgjöldin því engin. Það eru að sönnu færri sérfræðingar en fleiri sem telja líklegt að Íslendingar vinni málið fyrir dómstólum en eina sem hægt er að fullyrða um niðurstöðu dómsmáls er að um hana ríkir óvissa.

### Vissan

En eitt er víst – ef þjóðin segir nei við Icesave á laugardaginn þá verður kyrrstaða í íslensku hagkerfi næstu misserin, áframhaldandi atvinnuleysi á bilinu 8-9% ef að líkum lætur, lágt lánshæfismat íslenska ríkisins, skortur á erlendri fjárfestingu, lítill hagvöxtur – í einu orði sagt kreppa. Fórnarkostnaður þess að segja nei á laugardag í formi hærri vaxtagreiðslna, aukins atvinnuleysis og stöðnunar í efnahagslífi mun að líkindum hlaupa á 200-250 milljörðum króna á næstu fimm árum. Hagdeild ASÍ áætlar að ef núverandi áform um auknar fjárfestingar ganga eftir muni verðmætasköpun aukast um 119 milljarða á næstu þremur árum. Mikilvæg forsenda þessara fjárfestinga er greiður aðgangur að lánsfé en það er niðurstaða ASÍ að ef Icesave-deilan er óleyst verði erlendir lánsfjármarkaðir áfram lokaðir og verðmætasköpunin frestast sem því nemur.

### Áfram Ísland – já takk!

Á laugardaginn fáum við sjaldgæft tækifæri til að kjósa minna atvinnuleysi, meiri hagvöxt, betri lánskjör, lægri ríkisútgjöld, minni óvissu um stöðu þjóðarbúsins. Já er ávísun á léttari byrðar almennings vegna skulda óreiðumanna í viðskiptabönkunum og Seðlabanka. Ég hvet alla til að mæta á kjörstað á laugardaginn og kjósa veginn til framtíðar.

# Nei við Icesave

Icesave



**Júlíus Valdimarsson**



**og Methúsalem Þórisson**
Félagar í Húmanistaflokknum

Að segja já eða nei við Icesave er spurningin um það hvort við ætlum að festa það í sessi í sögunni að almenningur taki ábyrgð á klúðri fjárglæframanna og þeirra sem féllu fyrir þeirra gylliboðum. Við svörum þessari spurningu neitandi. Með því að samþykkja að ábyrgjast svik og glæpi sem við höfum ekki tekið þátt í sendum við röng skilaboð út í samfélag okkar og stuðlum að enn meiri glæpum fjármálamanna og þátttöku gróðasækinna í þeim.

Sendum bönkunum þau skilaboð að þeir þurfi sjálfir að taka ábyrgð á sínu glæfraspili. Sendum þátttakendum í fjárhættuspili bankanna þau skilaboð að þeir geri það á eigin ábyrgð. Sendum stjórnvöldum þau skilaboð að hætta að styðja fársjúkt banka- og fjármálakerfi og snúa sér að því að byggja upp banka sem þjónusta almenning en ræna ekki. Sendum þau skilaboð til komandi kynslóða að það sé ljótt að stela og svíkja og að varast beri gylliboð hættulegra fjárglæframanna, jafnvel þótt þeir auglýsi sig fagurlega.

Þess vegna segjum við:
Nei við Icesave.
Nei við ofvöxnum bólubönkum.
Nei við fjársjúku fjármálakerfi.
Já við ofbeldislausri byltingu almennings og mennskri framtíð.

# Icesave – leiðrétting

Icesave



**Jón Hjaltason**
sagnfræðingur

Örfáir dagar í kosningarnar stóru og enn heyri ég því haldið að þjóðinni að ef samningarnir verði felldir sé hætta á því að íslenska ríkið verði dæmt til að endurgreiða alla Icesave-skuldina, bresk-hollenska hlutann líka.

Kjarni málsins er þessi: Icesave er ennþá forgangskrafa í þrotabú Landsbankans. Með öðrum orðum; þrotabúið á að greiða. Og samkvæmt því sem okkur er sagt á búið fyrir skuldinni; ekki aðeins þeim hluta sem Bretar og Hollendingar vilja að íslenska þjóðin gangi í ábyrgð fyrir heldur einnig hinum er þessar þjóðir endurgreiddu innstæðueigendum umfram ábyrgðina. Og það sem meira er – ekki er talið útilokað að þrotabúið muni á endanum eiga eitthvað upp í vextina sem þessar þjóðir heimta af okkur (en ég sé ekki betur en að fræðingar geri því skóna að vextirnir séu einnig forgangskrafa í bú Landsbankans).

Voðinn, ef þú velur nei, er þannig ekki fólginn í þeim möguleika að skuld íslensku þjóðarinnar vaxi um allan helming fyrir dómi heldur í aðgerðum alþjóðasamfélagsins á meðan þrotabúið hefur ekki náð að reiða fram féð.

Skelfingin við jáið er hins vegar ef eitthvað fer á skjön með innheimtur í þrotabúið, gengisþróun verður óhagstæð eða að Icesave breytist úr forgangskröfu í almenna.

HAMPIÐJAN

**Aðalfundur**
HAMPIÐJUNNAR

**Aðalfundur Hampiðjunnar hf. verður haldinn að Skarfagörðum 4, Reykjavík, föstudaginn 8. apríl 2011 og hefst kl. 16:00.**

**Á dagskrá fundarins verða:**

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.
2. Tillaga um heimild félagsstjórnar til kaupa á eigin hlutum skv. 55. gr. hlutafélagalaga.
3. Breytingar á samþykktum félagsins, en megin efni þeirra breytinga er eftirfarandi:
   a. Breyting á heimili félagsins, verður: Skarfagarðar 4, Reykjavík.
   b. Lenging á lágmarks fresti til að boða aðalfund og til framlagningar á gögnum fyrir hluthafa fyrir aðalfund, úr einni viku í tvær.
   c. Að hluthafar sem ráða minnst 1/20 hlutafjárins geta krafist þess að boðað verði til hluthafafundar í stað 1/10 áður.
   d. Að sett verði ákvæði um sérstakt hæfi stjórnarmanna þannig að starfsmenn, stjórnarmenn og hluthafar samkeppnisaðila, og félaga sem eru tengd samkeppnisaðila, sem og aðilar sem eru nákomnir slíkum aðilum, megi ekki setjast í stjórn félagsins. Að stjórnin úrskurði um það hvort framboð uppfylli formskilyrði og hvort frambjóðendur séu hæfir til að setjast í stjórn félagsins. Úrskurði stjórnar um höfnun á framboði má skjóta til hluthafafundar.
4. Önnur mál, löglega upp borin.

Dagskrá, endanlegar tillögur, nákvæm útlistun á tillögum um breytingar á samþykktum, svo og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins, hluthöfum til sýnis, tveimur vikum fyrir aðalfund.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað.

Framboðsfrestur vegna stjórnarkjörs rennur út fimm virkum dögum fyrir upphaf aðalfundar.

Tillögur frá hluthöfum, sem bera á fram á aðalfundi, skulu hafa borist í hendur stjórnar með skriflegum hætti eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund.

Hluthafar sem ekki geta sótt fundinn, en hyggjast gefa umboð, þurfa að gera það skriflega.

Stjórn Hampiðjunnar hf.

HAMPIÐJAN

Fjölnota LITAprentari með netkorti




**LITAPRENTARI, SKANNER og FAX**
Prenthraði: 16 bl./mín. svörtu og 4 bl/lit
Upplausn: 2400x600dpi

SKANNI OG LJÓSRITUN:
Upplausn: 1200x1200dpi (max. 4800x4800dpi)
FAX: Minni 2MB, 160 síður
Skannar skjöl og vistar beint á minniskubb í JPEG eða PDF sniði.

Pappírsbakki inn/út: 130/80 blöð
Minni: 256 MB
Stuðningur: Windows, Mac OS, Linux. Pcl5, Pcl6
Tenging: 100mbps LAN, USB 2.0

**Tilboðsverð: 69.900 kr.**

Fjölnota prentari með netkorti




**PRENTARI, SKANNER og FAX**
Prenthraði: 28 bl./mín.
Fyrsta blaðsíða: 10 sek.
Upplausn: 1200x1200dpi

SKANNI OG LJÓSRITUN:
Upplausn: 1200x1200dpi (max. 4800x4800dpi)
FAX: Leshraði: Um 3 sek. pr. síðu
Skannar skjöl og vistar beint á minniskubb í JPEG eða PDF sniði.

Pappírsbakki inn/út: 250/150 blöð
Stuðningur: Windows, Mac OS, Linux, PCL6, PostScript3
Tenging: 100mbps LAN, USB 2.0

**Tilboðsverð: 59.900 kr.**

LITA-laserprentari með netkorti




**PRENTARI**
Prenthraði: 24 bl./mín. í svarthvítu, 24 bl./mín. í lit
Fyrsta blaðsíða út: 20 sek.
Upplausn: 9600x600dpi
Minni: 256MB
Pappírsbakki inn: 250+100 blöð
Pappírsbakki út: 200 blöð
Hljóðmagn: < 52dB
Stuðningur: Windows, Mac OS, Linux
Tenging: USB 2.0, Ethernet 10/100 Base TX

**Verð: 59.900 kr.**

SAMSUNG

HÁGÆÐA VINNUDÝR á UNDRAGÓÐU VERÐI!

Umboðsmenn um land allt · Sjá nánar á www.ormsson.is

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ORMSSON




# TAX FREE DAGAR

## Fatnaður og skór á alla fjölskylduna!

Dagana 7. - 10. apríl afnemum við VSK af öllum fatnaði og skóm.

Þú færð allan dömu-, herra og barnafatnað, undirföt, sokka, sokkabuxur og skó án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 10. apríl 2011.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# Hvernig ætlar ungt fólk að kjósa 9. apríl?

Icesave

Hrafnhildur Ragnarsdóttir
framkvæmdastjóri Ungra jafnaðarmanna



Við unga fólkið ættum ekki síður en aðrir að huga að því áður en gengið er til kosninga um Icesave 9. apríl hvaða áhætta felst í því að segja nei við Icesave. Fyrir mína parta þýðir það þetta: Næstum engin atvinnutækifæri, hvort sem þú ert að klára menntaskóla, háskóla eða komin með nokkurra ára starfsreynslu eftir útskrift. Áframhaldandi niðurskurður í skólum á sama tíma og þeim er gert að taka við fleiri nemendum, sem hlýtur að þýða takmarkaðri möguleikar. Hærri skattar, sem þýðir minni peningur fyrir þig. Niðurskurður í velferðarkerfinu sem þýðir að ef þú þarft á þjónustu að halda skaltu krossa fingur og vona að hún sé enn til staðar.

Við höfum þurft að horfa upp á óhugnanlega þróun síðustu ár. Við erum þjóð í vanda og því viljum við breyta. Við breytum því eingöngu með því að leysa vandamálin eitt af öðru. Icesave er eitt af þeim. Það verður ekki gert með því að hafna Icesave-samningnum. Að hafna Icesave-samningnum kallast á góðri íslensku að lengja í snörunni.

Við þurfum að hefja uppbyggingu í átt að frjálsu Íslandi, ekki Íslandi í höftum. Við unga fólkið sem eigum eftir að borga skatta næstu 30, 40 og 50 árin skulum hugsa vandlega um hvað það muni kosta okkur að segja nei við Icesave. Að búa í landi þar sem eru gjaldeyrishöft þýðir að það fer enginn peningur út og enginn peningur inn. Það þýðir frost. Engar fjárfestingar, engin uppbygging, engin vinna. Það er ekki hægt að aflyfta gjaldeyrishöftunum fyrr en Icesave-málið hefur verið leyst. Nei við Icesave þýðir viðvarandi ástand, ef við erum heppin. Já þýðir skref áfram. Já þýðir möguleikar á breytingum, framþróun, landi án hafta.

Allir Íslendingar vilja það sama, sama á hvaða aldri þeir eru. Við viljum minna atvinnuleysi, öflugan vinnumarkað, mannsæmandi laun og gott heilbrigðis- og menntakerfi. Með því að taka skref í rétta átt nálgumst við þessi markmið. Icesave-kosningarnar snúast ekki um stolt eða að þjóðin eigi ekki að beygja sig undir stærri þjóðir. Icesave-kosningarnar snúast um að leysa eitt vandamál af mörgum sem efnahagshrunið olli okkur.

Ég vil að það sé gott að búa á Íslandi. Ég trúi því að sá samningur sem nú liggur fyrir sé besta mögulega lausnin við þessu vandamáli. Ég vil betri tíð – ekki tíð óvissu, dómstóla og algerrar stöðnunar.

Ég segi já við Icesave-samningnum 9. apríl.


AUGLÝSING UM DEILISKIPULAGSBREYTINGU Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu skv. 1.mgr. 43.gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

**Tillaga að breytingu deiliskipulags Bæjargils. Stækkanir endalóða næst Reykjanesbraut.**

Tillagan nær til endalóðanna nr.17, 23, 51, 57, 77 og 105 og gerir hún ráð fyrir að opin svæði milli núverandi lóðarmarka og göngustígs með fram Arnarneslæk bætist við lóðirnar.

Í upphaflegu deiliskipulagi var gert ráð fyrir einbýlishúsalóðum sem ekki reyndist rými fyrir eftir að lega Reykjanesbrautar var endanlega ákvörðuð. Því náðu lóðarmörk að göngustíg misjafnlega langt til austurs og sköpuðu rými sem lítil not voru fyrir. Markmið deiliskipulagsbreytingarinnar er að svæðin verði í höndum íbúa umræddra lóða og bæta þar með nýtingu þeirra og yfirbragð svæðisins.

Tillagan liggur frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7 frá 8.apríl til og með 20.maí 2011. Hún er ennfremur aðgengileg á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 20.maí 2011. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

**Arinbjörn Vilhjálmsson**
**skipulagsstjóri Garðabæjar**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
Tækni- og umhverfissvið


# Áður en þú segir nei

Icesave

Vigfús Geirdal



Ágæti samborgari

Í þjóðaratkvæðagreiðslunni um Icesave er hið æðsta og endanlega vald íslenska ríkisins í þínum höndum og annarra íslenskra kjósenda. Það er því mikilvægt að þú gerir þér grein fyrir ábyrgð þinni um leið og þú beitir þessu valdi. Þú kýst ekki aðeins „af því bara“. Þú veist að lýðræði er annað og meira en „að fá að segja álit sitt“. Þú ert aðili að ákvörðun sem varðar þjóðarhag og trúverðugleika Íslands á alþjóðavettvangi. Þegar þú kýst ferðu öðru fremur eftir eigin samvisku, eigin dómgreind og eigin siðferðisvitund. Það er mikilvægt að þú kjósir um það eitt sem kosið er um – ekki um allt það sem þér finnst miður fara í samfélaginu.

Það sem þú kýst um er hvort þú vilt staðfesta lög frá Alþingi um lágmarksábyrgð íslenska ríkisins gagnvart innistæðueigendum í útibúum Landsbankans hf. í Bretlandi og Hollandi (sjá kosning.is) – eða ekki. Þú ert ekki að kjósa um væntanlega kjarasamninga, ríkisstjórnina, skuldastöðu heimilanna, né heldur ertu að segja álit þitt á „skuldum óreiðumannna“. Jafnvel þótt niðurstaða kosninganna kunni með einum eða öðrum hætti að hafa áhrif á öll þessi mál. Þú ert eingöngu að greiða atkvæði um það hvort þú telur íslenska ríkið bera einhverja ábyrgð gagnvart viðskiptavinum íslensks fyrirtækis í Bretlandi og Hollandi – eða ekki. Í raun sambærilega ábyrgð og þá sem íslensk stjórnvöld töldu sig bera gagnvart viðskiptavinum sama fyrirtækis á Íslandi.

Áður en þú tekur afstöðu ættirðu að hugleiða nokkur grundvallaratriði:

1. Samhliða útibúum Landsbankans í Bretlandi og Hollandi var starfræktur annar banki í þessum löndum, Singer og Friedlander, sem alfarið var í eigu Kaupþings. Það er engin tilviljun að ekki er gerð nein krafa um íslenska ábyrgð á innistæðum í Singer og Friedlander. Ástæðan er einfaldlega sú að Singer og Friedlander var enskt (o.s.frv.) fyrirtæki að lögum. Útibú Landsbankans voru íslensk. Það vantar enga lagabókstafi um ábyrgð íslenska ríkisins á íslenskum fyrirtækjum í einkaeigu, hvorki samkvæmt íslenskum lögum né í erlendum skuldbindingum Íslands.

> Er sæmandi að fordæma siðleysi „óreiðumanna“ í einu orðinu en tileinka sér síðan sams konar siðleysi í verki?

2. Útibú Landsbankans í umræddum löndum hefðu aldrei fengið þar starfsleyfi nema með blessun íslenska fjármálaeftirlitsins og annarra viðkomandi íslenskra stjórnvalda, enda voru þau að verulegu leyti starfrækt innan ramma íslenskra laga. Þetta undirstrikar að sjálfsögðu íslenska ábyrgð.

3. Lýðræðislega kjörin löggjafarþing settu þá lagaumgjörð sem bjó í haginn fyrir íslenska „efnahagsundrið“, ríkisstjórnir sem myndaðar voru eftir leikreglum þingræðis og lýðræðis báru ábyrgð á því eftirlits- og andvaraleysi sem olli því að bankakerfið íslenska varð tólffalt stærra en hagkerfi ríkisins og endaði með því að í örríkinu Íslandi urðu einhver stærstu bankagjaldþrot í heimssögunni. Hér liggur hin pólitíska ábyrgð sem þegar allt kemur til alls vegur þyngra en ábyrgð fjárglæframannannanna.

4. „Við“, þú og ég jafnt sem aðrir kjósendur, veittum þessum fulltrúum ítrekað umboð til að fara með valdið okkar. Á tímanum sem þetta var að þróast var sami maður forsætisráðherra í ca. 14 ár og síðan verðlaunaður með því að verða seðlabankastjóri. „Við“ getum ekki firrt okkur ábyrgð með því að hrópa: „Við vissum ekki!“

5. Þau rök sem nokkrir lögfræðingar halda á lofti að Íslendingum beri „engin lagaleg skylda“ til að greiða lágmarksinnistæðutryggingu Icesave-reikninganna eru í raun af sama toga og þegar lögmenn útrásarvíkinganna halda því fram að „engin lög hafi verið brotin“. Hér er sami siðferðisbresturinn að baki og í einhverjum tilvikum sams konar gallar eða túlkunarmöguleikar á löggjöf. Er sæmandi að fordæma siðleysi „óreiðumanna“ í einu orðinu en tileinka sér síðan sams konar siðleysi í verki?

Svo kann að fara að þú sért nú sem fyrr ákveðinn í að segja nei við þessum lögum. Það er að sjálfsögðu þinn lýðræðislegi réttur og það skal ekki dregið í efa að þú takir þessa ákvörðun í samræmi við það sem samviska þín, dómgreind og siðferðisvitund leyfir. Það er ekki ólíklegt miðað við síðustu kannanir að nei verði svar Íslendinga. Þá er mikilvægt að þú gerir þér grein fyrir þeirri ábyrgð sem þú tekur með því að segja nei. Þú ert ekki að segja kannski, þú ert ekki að segja: „Við viljum betri og sanngjarnari samninga.“ Þú ert að segja: „Við borgum ekki. Okkur ber engin lagaleg skylda til að láta útlenda viðskiptavini íslenskra banka njóta jafnréttis á við okkur sjálf. „Þið“ verðið að láta reyna á það fyrir dómstólum hvort „við“ verðum að borga.“ Með því að segja nei ertu ekki að neita að greiða skuldir fáeinna „óreiðumanna“. Þú ert að gera alla Íslendinga að yfirlýstum óreiðumönnum.


Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Listmunauppboð í Galleríi Fold

ferfram mánudaginn 11. apríl, kl. 18
í Galleríi Fold, á Rauðarárstíg

Á uppboðinu er úrval góðra verka,
meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna



Guðmundur Thorsteinsson

Vefuppboð
stendur til 18. apríl

Öll verkin eru til sýnis í Gallerí Fold

í dag föstud. 10–18, laugard. 11–17,
sunnud. 12–17, mánud. 10–17

uppbod.is

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Síðasta sýningarhelgi



Friðland
Ingimar Waage
sýnir málverk
Allir velkomnir

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is

Opið virka daga 10–18, laugardaga kl. 11–17 og sunnudaga kl. 12–17




**HEIMAPIZZA** steikt beikon 120g **275,-**



**250,-**

**STÄM** pizzahnífur L17cm. Ýmsir litir




**HEIMAPIZZA** pizzaostur 300g **445,-**



**STRÅLANDE** rifjárn L28cm Ryðfrítt stál/dökkgrátt **895,-**

# Rjúkandi beint úr ofninum þínum



**STRÅLANDE** saxari H20cm. Hvítt **1.290,-**




HELGARTILBOÐ

**95,-**

**HEIMAPIZZA** pizzadeig 380g ~~175,-~~




**HEIMAPIZZA** hvítlauksolía 300ml **595,-**



**SNITTA** hnífar L22cm Ryðfrítt stál/plast **895,-/6 í pk.**




**HEIMAPIZZA** maískurl 300g **295,-**



**MAGASIN** kökukefli L43cm. Gegnheilt birki **695,-**




**HEIMAPIZZA** fajitas kjúklingur 120g **295,-**




**FRANK'S** sterk vængjasósa 354ml **525,-**




**685,-**

**HEIMAPIZZA** sterkir vængir 800g




**HEIMAPIZZA** rótsterkt pepperoni 120g **285,-**




**595,-**

**HEIMAPIZZA** brauðstangaolía 300g



**SMARTA** framreiðsludiskur Ø30cm. Hvítt **995,-**



**DRÄLLA** mjúk skurðarbretti B29×L37cm Ýmsir litir **495,-/2 í pk.**




**HEIMAPIZZA**
pizzanet 12" **995,-**
pizzanet 14" **1.145,-**

**Ókeypis máltíð fyrir börnin**



Þegar þú kaupir máltíð fá börnin, tíu ára og yngri að velja sér einn ókeypis rétt af barnamatseðli.



**ELLY** diskaþurrkur B50×L65cm. Hvítt/blátt **395,-/4 í pk.**



**ENVIS** penslar L20 og 18cm Hvítt/rautt **695,-/2 í setti**

IKEA®

© Inter IKEA Systems B.V. 2011

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30

**www.IKEA.is**

# tímamót

timamot@frettabladid.is



60 Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, er sextugur.
*„Guð blessi Ísland!“*



†

*Okkar ástkæri*

**Þórhallur Einarsson**

frá Djúpalæk,
Helgamagrastræti 36, Akureyri,

lést 2. apríl síðastliðinn. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 12. apríl kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Björgunarsveitina Ægi á Grenivík, minningarkort fást í Pennanum á Akureyri og Jónsabúð á Grenivík.

*Jónína Þorsteinsdóttir*
Þórdís G. Þórhallsdóttir   Flosi Kristinsson
Arna H. Jónsdóttir   Guðmundur V. Óskarsson
Sigurlaug Sigurðardóttir   Ari Laxdal
barnabörn og fjölskyldur þeirra



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu hlýhug og samúð við andlát og útför eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa okkar.*

**Sigurðs Magnússonar**

Sérstakar þakkir flytjum við starfsfólki á Hrafnistu í Reykjavík fyrir hlýtt viðmót og góða umönnun.

Sigrún Sigurðardóttir
Sigurður Rúnar Sigurðsson   Ágúst Birgisson
Jóhann Sigurðsson   Agnes Elva Guðmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabarn.



†

*Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát elskulegs sonar okkar og bróður*

**Kristófers Alexanders Konráðssonar.**

sem lést af slysförum þann 5. mars síðastliðinn.

Ásrún Harðardóttir
Konráð Halldór Konráðsson
Sandra Lind Konráðsdóttir
Stefán Örn Konráðsson
Ingibjörg María Konráðsdóttir.



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Guðrún Kristjana Karlsdóttir**

Unufelli 48,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Eir sunnudaginn 3. apríl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 11. apríl kl. 13.00 Þeim sem vildu minnast hennar er bent á MS félagið.

Gísli Ingi Sigurgeirsson
Hrönn Sigurgeirsdóttir   Gunnar Þór Birgisson
Guðlaugur Heiðar Sigurgeirsson   Helga Austmann Jóhannsdóttir
Sigurgeir Rúnar Sigurgeirsson   María Björg Gunnarsdóttir
Stefán Sveinsson   Díana Bára Sigurðardóttir
Karl Hallur Sveinsson   Hafrún Magnúsdóttir
Soffía Sveinsdóttir   Friðjón Viðar Pálmason
Ólafur Sveinsson   Margrét Gylfadóttir
Sigurður Jónsson
barnabörn, barnabarnabörn.

**ÞETTA GERÐIST 8. APRÍL 1973**

## *Pablo Picasso deyr*



Spænski myndlistarmaðurinn Pablo Picasso (1881-1973) lést þennan dag árið 1973. Hann var málari, teiknari og skúlptúristi og flutti ungur að árum frá Spáni til Frakklands, þar sem hann bjó upp frá því. Hann var einn áhrifamesti myndlistarmaður tuttugustu aldarinnar og er þekktur fyrir að vera einn af frumkvöðlum kúbismans í myndlist og fyrir það hversu fjölbreytt verk hans voru og unnin í margvíslega miðla. Meðal frægustu verka hans eru Les Demoiselles d'Avignon frá 1907 og Guernica frá 1937 þar sem myndefnið er loftárásir Þjóðverja á borgina Guernica í spænska borgarastríðinu.

Dauða hans bar að í kvöldverðarboði sem hann og Jacqueline kona hans héldu fyrir nokkra vini sína. Síðustu orð hans voru: „Skálið fyrir mér, skálið fyrir heilsu minni, þið vitið að ég get ekki lengur drukkið.“ Hann var grafinn á landareign sinni Vauvenargues nærri Aix-en-Provence.

Heimild: wikipedia.org



**FORSTÖÐUMAÐURINN** „Sumir sem spila nú með FH eru harðir Haukamenn í dag og öfugt,“ segir Daníel um leikmennina í fjörutíu ára afmælisleiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**ÍÞRÓTTAHÚSIÐ VIÐ STRANDGÖTU Í HAFNARFIRÐI:** ER FJÖRUTÍU ÁRA

# Opnunarleikur FH og Hauka endurtekinn 40 árum síðar

„Ég veit að mörg barnabörn hafa gaman af að mæta í dag klukkan 17 og horfa á afa spila handbolta, sem hann hefur ekki æft í áratugi.“ Þetta segir Daníel Hálfdanarson, forstöðumaður íþróttahússins við Strandgötu í Hafnarfirði, um leik sem fram fer í húsinu í dag á fjörutíu ára afmæli þess. Þar mætast aftur strákarnir sem voru fyrstir inn á gólfið og hófu leik í handbolta þegar húsið var vígt við hátíðlega athöfn fyrir fjörutíu árum. Þeir voru úr þriðja flokki FH og Hauka, og með þeim yngstu sem þá voru að æfa. Nú eru þeir bara fjörutíu árum eldri. „Einn kom á æfingu í gær. Hann hafði ekki komið hér í 38 ár en var búinn að fjárfesta í skóm og galla fyrir leikinn, voða spenntur,“ segir Daníel brosandi.

Daníel man svo langt að hafa leikið sér í grunninum að íþróttahúsinu sem byrjað var að byggja 1961. Smíði þess tók tíu ár. „Þá varð alveg gjörbylting á íþróttaaðstöðu Hafnfirðinga því hægt var að skipta húsinu í þrjá sali, sem hver um sig var stærri en gamla íþróttahúsið,“ rifjar Daníel upp og lýsir starfseminni nú. „Íþróttabandalag Hafnarfjarðar sér um að úthluta FH og Haukum tímum og svo raða þau sínu fólki inn. Þótt þau hafi komið sér upp aðstöðu í Kaplakrika og á Ásvöllum eru þau bæði með tíma hér líka, auk Badmintonfélags Hafnarfjarðar. Flensborg og Öldutúnsskóli nýta þetta hús á daginn og eftir að skólatíma lýkur tekur íþróttahreyfingin við,“ lýsir Daníel.

Árið 1981 var byggð álma við húsið sem kölluð er félagsálma. Þar eru tveir salir. „Síðustu ár hefur Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra unnið með börnum í öðrum salnum hluta dags og Listdansskóli Hafnarfjarðar er með báða salina síðdegis,“ segir Daníel og bætir við til fróðleiks. „Það eru um 180 þúsund manns sem fara í gegnum húsið á hverju ári.“

Strákarnir sem spiluðu opnunarleikinn fyrir fjörutíu árum eru allir lifandi enn, að sögn Daníels, en sumir eru dreifðir um heiminn eins og gengur, bæði vegna búsetu og ferðalaga. „Þeir sem eru fjarverandi eru í þéttu tölvupóstsambandi við okkur þessa dagana,“ segir hann.

Tólf úr liði FH og níu úr liði Hauka hafa boðað komu sína í dag, þeirra á meðal Árni Mathiesen, fyrrverandi ráðherra. „Sameiginleg æfing var nýlega og það var gaman að vera hér og taka á móti þessum herrum. Sumir höfðu ekki sést í áratugi,“ segir Daníel. „Það sem er skemmtilegast er að sumir sem spila nú með FH eru harðir Haukamenn í dag og öfugt. En allt er í mesta bróðerni.“

gun@frettabladid.is



†

*Minn yndislegi eiginmaður, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Carl A. Bergmann**

úrsmiður
Rauðhömrum 14, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju mánudaginn 11. apríl kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á heimahlynningu LSH í s: 543-1159.

Guðrún K. Skúladóttir
Skúli Bergmann   Soffía Traustadóttir
Guðmundur K. Bergmann   Hugrún Davíðsdóttir
Helga Bergmann   Karl Dúi Karlsson
Bryndís Bergmann   Pétur Gísli Jónsson
Lilja M. Bergmann   Ólafur Þór Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn

## Merkisatburðir 8. apríl

**1571** Guðbrandur Þorláksson er vígður biskup á Hólum, 29 ára gamall. Hann gegnir embættinu í 56 ár.

**1663** Theatre Royal við Drury Lane í London er opnað með nýrri uppfærslu á Gamansama liðsforingjanum eftir John Fletcher.

**1703** Manntal er tekið á Íslandi um þetta leyti ársins. Þetta manntal var fyrsta manntal heims sem náði til heillar þjóðar.

**1742** Óratorían Messías eftir Georg Friedrich Händel er frumflutt í Dyflinni á Írlandi.

**1957** 49 punda stórlax veiðist í þorskanet við Grímsey. Þetta er stærsti lax sem menn vita til að veiðst hafi við Ísland.

**1989** Bónus opnar fyrstu verslun sína við Skútuvog í Reykjavík.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**



**Brokkolí** inniheldur tvisvar sinnum meira C-vítamín en appelsína auk þess að vera einstaklega kalkríkt. Það er líka seleníum-auðugt en selen er talið virka fyrirbyggjandi á krabbamein. Brokkolí inniheldur talsvert af A- og D-vítamíni og hefur andoxunareiginleika.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473




**Leifur Leifsson þjónustufulltrúi ætlar á eigin handafli upp á Hvannadalshnúk og hafa þar uppistand.**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Takmarkið er hátt

Hvannadalshnúkur er háleitt takmark hins hjólastólsbundna Leifs Leifssonar, þjónustufulltrúa í þjónustumiðstöð Vesturbæjar. Þangað stefnir hann í lok maí eða byrjun júní. „Ég kný mig sjálfur upp á eigin handafli og fer 250 metra í einu, ferðafélagar mínir, sem eru úr Flugbjörgunarsveit Reykjavíkur, færa akkeri með spili um þá vegalengd í senn og stinga því ofan í snjóinn. Ég spila mig svo áfram í átt að því á sérútbúnum stól sem verið er að þróa og smíða," segir hann er hann lýsir ferðamátanum. Farin verður Hnappavallaleið og ekið á bíl í um 400 m hæð, áleiðis upp að jökli. „Þetta verður ævintýraferð. Við ætlum okkur góðan tíma og munum tjalda á jöklinum," segir Leifur sem hyggur á að minnsta kosti eina æfingaferð á Snæfellsjökul áður.

Leifur hefur verið lamaður í fótum alla sína ævi en hefur aldrei látið það stoppa sig. Hann þakkar samt líkamsræktarstöðinni Hreyfingu fyrir að gefa honum kraft og kjark í þessa fyrirhuguðu ferð. „Hreyfing gaf mér líkamsræktarkort og tveir þjálfarar þaðan vinna í sjálfboðavinnu við að þjálfa karlinn fyrir þessa ferð," segir Leifur.

Kappinn er í Hjólastólasveitinni. Hún hefur það að markmiði vekja athygli á málefnum hreyfihamlaðra og annarra fatlaðra í þjóðfélaginu, auk þess að skemmta fólki og efla heilsu þess með hlátri. Þar lætur Leifur sitt ekki eftir liggja. „Ég ætla að vera með uppistand á toppnum og það verður frítt inn," segir hann glaðlega og bætir við: „Öllum er velkomið að mæta."

*gun@frettabladid.is*





**Leikritið Gilitrutt** verður sýnt í Gerðubergssafni á sunnudag klukkan 14. Leikgerðina gerði Bernd Ogrodnik en leikstjórnin er í höndum Benedikts Erlingssonar. Aðgangur er ókeypis.



Bergþór Pálsson syngur suðræn og seiðandi lög með Léttsveitinni í Íslensku óperunni á sunnudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Í samkeppni við lóuna

**Bergþór Pálsson syngur einsöng á vortónleikum Léttsveitarinnar í Íslensku óperunni á sunnudag. Sveiflan og ryþminn eru allsráðandi í lagavalinu og fjögurra manna hljómsveit sér um undirleikinn.**

Suðrænn tangó og afrískt hljóðfall verða í fyrirrúmi á tvennum tónleikum Léttsveitarinnar í Íslensku óperunni á sunnudagskvöldið.

Taktur, töfrar og tilfinning eru einkunnarorð dagsins og töfruð verður fram stemning eins og finna má á heitum kvöldum í Buenos Aires og New Orleans eða í dögun á víðlendum Afríku. Bergþór Pálsson syngur einsöng með kórnum og tveir trommuleikarar, bassaleikari og píanóleikari sjá um undirleikinn.

„Við förum af stað með taktfasta tónlist eins og tangó, bæði frá Argentínu og Finnlandi, afríska og kúbanska músík og fleira og úr varð voðalega skemmtilegt prógramm,“ segir Jóhanna V. Þórhallsdóttir, stjórnandi Léttsveitarinnar. „Fólk á eftir að dilla sér í sætunum og dansa innra með sér.“

Jóhanna segist hafa séð Bergþór fyrir sér í einum tangónum og eftir það hafi ekki annar einsöngvari komið til greina í hennar huga. „Hann er algjört æði í þessum tangóum,“ segir hún. „Og ekki er hann síðri í öðrum lögum eins og til dæmis Jungle Drum eftir Emiliönu Torrini. Hann bókstaflega blómstrar í þessum lögum.“

Vortónleikar Léttsveitarinnar eru fastur liður og Jóhanna neitar því ekki að kórinn sé í samkeppni við lóuna um titilinn fyrsti vorboðinn. „Það er rosalegur vorfiðringur í okkur alltaf og þetta er fimmtánda árið sem við höldum svona tónleika. Það er svo gefandi fyrir okkur að syngja fyrir fólk og hafa þennan endapunkt á starfsemi vetrarins. Og áhorfendur hafa í gegnum tíðina kunnað vel að meta okkar framlag.“

Hljómsveitin sem leikur undir með kórnum er skipuð þeim Kristínu Jónu Þorsteinsdóttur og Kjartani Guðnasyni sem sjá um áslátt, Gunnari Hrafnssyni sem spilar á bassa og Aðalheiði Þorsteinsdóttur sem leikur á píanóið.

Tónleikarnir eru tvennir eins og áður sagði og hefjast þeir fyrri klukkan 17 og þeir síðari klukkan 20.

*fridrikab@frettabladid.is*



NÝ SENDING AF SPARIFÖTUM
ODDFELLOW DRESSIN KOMINN
BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

ÍSLENSK FÆÐUBÓT
BITAFISKUR
-næring fyrir líkama og sál

GÆÐAFISKUR
Sölustaðir:
10-11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing
Allt sem þú þarft...




FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
KOMDU Í ÖLL HELSTU PARTÝIN MEÐ OKKUR
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.
vísir

Full búð af nýjum vörum fyrir stelpur og konur, frábær verð

Opið mánudag- föstudag frá 11-18, laugardaga frá 11-16.
Suðulandsbraut 50
Bláu húsin við Faxafen
108 Reykjavík
Tel: 5884499
mostc@mostc.is
Við erum á facebook.
Möst.c

GRÆNN APRÍL
Græn matarinnkaup:
Taktu innkaupatösku með þér í búðina
- Ef þú kaupir plastpoka undir vörurnar, notaðu hann þá minnst þrisvar áður en hann fer undir ruslið.
- Breyttu til dæmis einu sinni í mánuði yfir í vörutegund sem er af lífrænum uppruna.
- Lestu innihaldslýsingu vörunnar sem þú ert að kaupa og kynntu þér hvað er best að forðast.
- Kynntu þér hverjir selja umhverfis- og siðgæðisvottaðar vörur.
- Kauptu siðgæðisvottað eða lífrænt ræktað kaffi.
- Notaðu lífrænt ræktað íslenskt bygg í matargerð í stað hrísgrjóna.

Íslenskur fiskur og kjöt eru góðir valkostir í matargerð.

www.graenn-april.is

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 8. apríl 2011



## Bergþóra Guðnadóttir

konan á bak við Farmers Market

- Nýtt vefrit í loftið
- RFF
- Götutískan
- Á rúmstokknum


FRÁBÆRT TÖLVUTILBOÐ

AMD turnvél 3

- CoolerMaster Elite midi turn
- Athlon II X3 450 3,2 GHz örgjörvi
- 4GB DUAL DDR3 1333MHz minni
- 750GB SATA 3 WD diskur
- Geforce N440GT 1GB DDR3 skjákort
- DVD og CD skrifari
- 7.1 hljóðkort - 10/100/1000 netkort
- Windows 7 Home Premium 64bita

TILBOÐ

Kr. 99.950

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

# núna
✻ Ekki missa af



**NÁTTÚRULEGA MJÚK HÚÐ** Skin Energetic-húðvörurnar frá Biotherm endurnæra þreytta húð. Þetta orkugefandi serum inniheldur kraft frá brokkólíi sem endurnærir og styrkir húðina. Yndislegt krem sem ilmar einnig dásamlega og gerir húðina silkimjúka og endurnærða.

## blogg vikunnar

### Ítölsk veisla

Bloggarinn Angelica Ardasheva varð umtöluð eftir að The Sartorialist myndaði hana á götum Mílanó og lýsti henni sem þéttri konu. Viðbrögðin létu ekki á sér standa og í kjölfarið var þessi unga mær umtöluð meðal netverja. Stúlkan heldur úti eigin bloggi sem má finna á slóðinni www.angystearoom.com. Þar fjallar hún um tísku og myndar og skrásetur eigin fatastíl reglulega. Blogg sem er þess virði að heimsækja og skoða.



### Götuglamúr

Götubloggið www.glamcanyon.blogspot.com er stútfullt af götutískumyndum héðan og þaðan. Frísklegt blogg með skemmtilegum myndum sem gaman er að renna í gegnum.



NÝTT VEFTÍMARIT KEMUR ÚT Í FYRSTA SINN Á MORGUN:

# ÆTLA EKKI AÐ SLAPPA AF

Nýtt vefrit, Bast Magazine, fer í loftið um hádegisbil á morgun. Á bak við ritið standa Hafrún Alda Karlsdóttir, Íris Dögg Einarsdóttir og Sif Kröyer.

Að sögn Sifjar, ritstjóra vefritsins, höfðu allar stúlkurnar gengið með þessa hugmynd í maganum í nokkra stund en hjólin fóru fyrst að snúast þegar þær hlutu peningastyrk frá Dansk Islandsk Fond. „Styrkurinn gerði það að verkum að við gátum leigt atvinnuhúsnæði og komið undir okkur fótunum. Þetta gerði það einnig að verkum að við fengum aukið sjálfstraust því styrkveitingin sýndi að fleiri höfðu trú á þessu verkefni með okkur,“ útskýrir hún.

Meðal þess efnis sem fjallað verður um í Bast Magazine er tíska, tónlist, menning, hönnun og kvikmyndir og verður megináhersla lögð á viðburði sem fram fara á Íslandi og í Danmörku. Auk þess að gefa út vefritið annan hvern mánuð munu stúlkurnar halda úti bloggi og birta vídeóklippur á Bast-TV. Sif segir mikla vinnu liggja að baki fyrstu útgáfunni og hlakkar mikið til að sjá viðbrögð fólks. „Við erum allar í námi og með fjölskyldur þannig að það liggur mikil en skemmtileg vinna að baki þessu. Við höfum þó verið svo heppnar að fá utanaðkomandi aðstoð með skrifin og fólk hefur almennt verið mjög hjálpsamt,“ segir Sif og þvertekur fyrir að þær muni slá slöku við eftir útgáfu fyrsta tölublaðs. „Vinnan heldur áfram. Við erum ekkert að fara að skála í kokteilum og slappa af heldur erum strax farnar að vinna efni í næsta tölublað.“ Hægt verður að nálgast fyrsta tölublað Bast Magazine á slóðinni www.bast-magazine.com. **- sm**



**Gefa út blað** Hafrún Alda, Sif og Íris Dögg standa á bak við vefritið Bast Magazine sem kemur út í fyrsta sinn á morgun. MYND/ÍRIS DÖGG


SALON REYKJAVÍK



SALON REYKJAVÍK BÝÐUR UPP Á NÝJA NATURA KERATIN SLÉTTUNARMEÐFERÐ SEM GEFUR MJÚKT, SLÉTT, HEILBRIGÐT, FALLEGT OG GLANSANDI HÁR.



VERTU VELKOMMINN Á SALON REYKJAVÍK
GRANDAGARÐUR 5 101 REYKJAVÍK SÍMI: 56 85 305


Sequences-listahátíðinni lýkur um helgina:

# List í fullu fjöri

Sequences-listahátíðin var sett í sjötta sinn síðastliðinn föstudag og lýkur henni nú um helgina. Fjöldi erlendra og íslenskra listamanna tekur þátt í hátíðinni í ár eins og fyrri ár.

Meðal þess sem hægt verður að sjá um helgina eru athyglisverðir gjörningar sem fram fara í Útgerðinni við Grandagarð 16 á milli 14 og 18. Að auki er opið í galleríi Kling og Bang alla helgina.

Listamaðurinn Friðgeir Einarsson sýnir einleikinn Ekkert í Norræna húsinu klukkan 15 á laugardag.

Allar nánari upplýsingar um þá atburði sem eiga sér stað um helgina má finna á heimasíðu hátíðarinnar á slóðinni www.sequences.is. **- sm**



**Sequences** Listahátíðin Sequences er í fullu fjöri. Hátíðinni lýkur nú á sunnudag.

## ✻ augnablikið



**SUMARLEGAR** Leikkonan Emma Roberts og fatahönnuðurinn Mary-Kate Olsen voru báðar gestir í veislu sem haldin var í Beverly Hills síðustu helgi. NORDICPHOTOS/GETTY


föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Valgarður Gíslason **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@365.is og Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


A WORLD OF INSPIRATION FOR YOU
the PIER
FALLEGT POLIRATTANSETT SEM ÞOLIR AÐ VERA ÚTI Í ALLT AÐ -15°C
SETTIÐ FÆST LÍKA HVÍTT MEÐ GRÁUM SESSUM.
SESSURNAR HRINDA FRÁ SÉR BLEYTU.
SÓFI 29.900.-
STÓLL 19.900.-
MÓSAÍKBORÐ 15.900.-
BORÐ 17.900.-
BASTKOLLUR 7990.-
STÓLL 7.990.-
STELL FRÁ: 790.- STK.
KERTI ÝMSIR LITIR 129.- STK.
KEYPTU 10 OG GREIÐDU 89.-STK.
FULLT AF NÝJUM HÚSGÖGNUM OG SMÁVÖRU
FYRIR GARÐINN, SUMARHÚSIÐ OG SVALIRNAR
MOTTUR Í MIKLU ÚRVALI
VERÐ FRÁ: 2490.-
KANNA 390.-
5990.-
LUKTIR 8990.-
STELL TILBOÐ 40%
VERÐ FYRIR: 290.- STK.
VERÐ NÚ: 174.-STK.
ÓKEYPIS!
ÞESSI GLÆSILEGA TASKA ER ÞÍN EF ÞÚ VERSLAR FYRIR 6000.- EÐA MEIRA Í THE PIER*
* Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
the PIER
SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

TEXAS
COLLECTION by OPI



LITIR HÆGRI TIL VINSTRI:
Austin-tatious Turquoise,
Don't Mess with OPI
It's Totally Fort Worth It,
I Vant to Be A-Lone Star
Suzi Loves Cowboys, San Tan-tonio
Houston We Have A Purple,
Do You Think I'm Tex-y?
Too Hot Pink to Hold 'Em,
Guy Meets Gal-veston
Big Hair...Big Nails,
Y'all Come Back Ya Hear?

O·P·I

INNIHELDUR EKKI DBP, TOLUENE, EÐA FORMALDEHYDE





**Litagleði** Sonja Bent sýndi skemmtilegar buxur í ýmsum litum og sokka skreytta slaufum.



**Notalegur fatnaður** Loðfóðruðu hetturnar frá Spaks manns spjörum væru góð eign fyrir næsta vetur.



**Flott haustlína** Spaks manns spjarir sýndu heilsteypta og flotta haustlínu. Rauðu buxurnar voru einstaklega fallegar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL RÚNARSSON

RFF-tískuhátíðin var haldin hátíðleg síðustu helgi:

# GLEÐI OG náttúruleg efni

Viðburðurinn Reykjavík Fashion Festival fór fram í annað sinn um helgina. Tuttugu og tveir hönnuðir tóku þátt í ár og fór sýningin fram í Hafnarhúsinu.

Á föstudagskvöldinu sýndu alls tíu hönnuðir haust- og vetrarlínur sínar og stóðu línur Eyglóar, Sruli Recht, Sonju Bent og Spaks manns spjara upp úr. Allar þessar línur innihéldu fallegar buxur og er því óhætt að spá því að síðbuxur verði vinsælar hér á landi næsta haust.

Lína Sonju Bent var áberandi glaðleg og falleg og mætti kannski kalla þennan efnilega hönnuð okkar eigin Soniu Rykiel. Báðar vinna þær mikið með prjónaflíkur og á meðan rendur einkenna gjarnan fatnað Rykiel vinnur Sonja Bent að mestu með doppur. Lína Spaks manns spjara virtist þó vera sú eina, fyrir utan línu Sruli, sem var greinileg haustlína og innihélt jakka, notalegar fóðraðar hettur og prjónaðar ermar. Hönnun Sruli Recht var fallega sniðin og skemmtileg og fatnaðurinn unninn úr náttúrulegum efnum eins og ull. Eygló var söm við sig og sýndi flottar flíkur með skemmtilegu beinamynstri sem kom mjög vel út. - sm



**Kátir karlar** Sýning Sruli Recht var léttlétt og skemmtileg. Fyrirsæturnar voru kátir karlar sem stóðu sig afskaplega vel.



**Náttúruleg efni** Hönnun Sruli var úr náttúrulegum efnum eins og ull, bómull og gæru. Fötin voru fallega sniðin eins og Sruli er einum lagið.



**Flottur** Sýning Sruli Recht var flott og lífleg.



**Doppur og slaufur** Falleg herrapeysa frá hönnuðinum Sonju Bent.



**Jarðliti** Brúnir tónar voru ríkjandi í línu Spaks manns spjara.




## Hægðu á öldrun húðarinnar með réttu aðferðinni og vertu ungleg lengur

Vísindamenn Sothys hafa þróað fullkomna línu til að hægja á og vinna gegn öldrun húðarinnar.
Sothys fylgir hugmyndafræði sem felur í sér greiningu á húðinni til að meta raunverulegan aldur hennar, svokallað „aldursstig".

Sothys hefur nú sett á markað virk krem sem hæfa aldursstigi húðarinnar og hægja á öldrun hennar.

SOTHYS
PARIS

*Sættu þig aðeins við það besta!*

*Sothys Anti-age línan er þróuð til að vinna gegn öldrun húðarinnar og er sú fyrsta sem beinist að „raunverulegum aldri" húðarinnar með markvissum hætti*

LYFJA
- Lifið heil

Smáratorgi, Smáralind, Stykkishólmi, Neskaupstað,
Lágmúla, Laugavegi, Keflavík, Ísafirði



# LEITAR AFTUR Í RÆTURNAR

**Umkringd skemmtilegu fólki** Bergþóra Guðnadóttir fatahönnuður stofnaði Farmers Market árið 2005 ásamt eiginmanni sínum, Jóel Pálssyni. Reksturinn hefur gengið vel og er hönnun fyrirtækisins nú fáanleg í tólf löndum.




*Bergþóra Guðnadóttir* **stofnaði fatamerkið Farmers Market árið 2005 ásamt eiginmanni sínum, tónlistarmanninum Jóel Pálssyni. Hugmyndin var í senn að hanna fatnað sem þau sjálf mundu vilja klæðast og endurspeglaði íslenska arfleifð. Þau byrjuðu smátt og með tímanum hefur fyrirtækið vaxið og dafnað og hönnun þess er nú fáanleg víða um heim.**

*Viðtal:* **Sara McMahon**
*Ljósmynd:* **Valgarður Gíslason**

Bergþóra útskrifaðist frá Myndlista- og handíðaskólanum árið 1999 þar sem hún hafði stundað nám í textílhönnun. Eftir útskriftina opnaði hún verslunina Aurum við Bankastræti ásamt vinkonu sinni og seldi þar meðal annars eigin hönnun. Hún hóf störf hjá útivistarfyrirtækinu 66°Norður árið 2001 og vann þar til ársins 2005 þegar hún ákvað að segja starfi sínu lausu og stofna Farmers Market. Hún vann þó áfram sem verktaki hjá 66°Norður í tvö ár samhliða því að koma Farmers Market á laggirnar. „Ég sagði endanlega upp hjá 66 Norður fjórum dögum áður en Geir Haarde blessaði landið, sællar minningar. Það var svolítil geðveiki að segja upp svona traustu starfi og fara í eigin rekstur og þegar ég hugsa til baka þá var það líklega lán að ég tók þessa ákvörðun fyrir hrun því ég hefði örugglega þurft að hugsa mig um tvisvar um eftir það,“ útskýrir Bergþóra.

> *Ég held það skipti töluvert miklu máli að foreldrar mínir eru fólk sem gefst aldrei upp og hjá þeim er ekki til að eitthvað sé ekki hægt.*

Þegar hjónin ákváðu að stofna Farmers Market var góðærið í algleymingi og viðskiptaumhverfið var ólíkt því sem það er núna. „Árið 2005 talaði fólk ekki um annað en peninga og Ísland var á barmi þess að verða viðskiptamiðstöð heimsins. Við skildum ekki alveg þessa þróun og trúðum að mótvægið við þessari alþjóðahyggju hlyti að koma. Þegar við fórum að velta því fyrir okkur að stofna eigið fyrirtæki ákváðum við því að leita aftur í ræturnar. Okkur fannst fyrirtæki eins og Burberry's mjög heillandi, það er gamalgróið fyrirtæki en maður velkist aldrei í vafa um að það sé breskt,“ útskýrir Bergþóra og bætir við: „Ofan á þetta bættist að ullariðnaðurinn, sem eitt sinn hafði blómstrað, var í sögulegu lágmarki á þessum tíma og því var okkur mjög vel tekið af ullarframleiðendum og þar af leiðandi góður jarðvegur fyrir okkur til að byrja á.“

Bergþóra segir foreldra sína einnig hafa átt mikinn þátt í að hún ákvað að fara út í eigin rekstur og segir þá afskaplega duglega að stappa í hana stálinu. „Ég held það skipti töluvert miklu máli að foreldrar mínir eru fólk sem gefst aldrei upp og hjá þeim er ekki til að eitthvað sé ekki hægt. Það hefur reynst mér gott veganesti.“

## FRÁBÆR ÞRÓUN

Hugmyndin að baki Farmers Market var að hanna og framleiða fatnað sem Bergþóra og Jóel mundu sjálf vilja klæðast. Fyrstu árin einbeittu þau sér að mestu að prjónaflíkum og með tímanum hafa þau byggt í kringum þann grunn og stækkað vöruúrvalið með þeim hætti. Hönnun Farmers Market er nú fáanleg í tólf löndum víða um heim og eru flíkurnar sérstaklega vinsælar í Japan.

Aðspurð segir Bergþóra skemmtilegt að sjá hversu mikil breyting hefur orðið á fatahönnunariðnaðinum hér á landi undanfarin ár. „Þegar ég byrjaði í þessum bransa voru bara örfá fyrirtæki að hanna fatnað. Þetta

hefur þó breyst mikið og þá sérstaklega með komu Listaháskólans sem hefur útskrifað fjölda hæfileikaríkra hönnuða sem víla ekki fyrir sér að stofna eigið merki. Núna eru til íslensk fyrirtæki sem eru virkilega að hanna og framleiða föt í einhverjum mæli og það finnst mér frábær þróun enda hefur allt tískuumhverfið hér gjörbreyst á undanförnum árum.“

### HEILLAÐIST AF HÆLUNUM

Bergþóra og Jóel kynntust árið 1991 þegar þau voru bæði við nám í Menntaskólanum í Hamrahlíð og segist Bergþóra hafa fallið fyrir Jóel þegar hún sá hann á sviði í uppsetningu skólans á söngleiknum Rocky Horror Picture Show. „Ég horfði á hann spila á sviðinu í háum hælum og sokkaböndum og maður náttúrulega kolféll fyrir því,“ segir hún brosandi. Parið á saman tvo syni sem Bergþóra lýsir sem yndislegum.

Það liggur beinast við að spyrja Bergþóru hvernig gangi að vinna svo náið með maka sínum? „Við erum oft spurð að þessu,“ segir hún og hlær. „Það gerist oft að samstarf tveggja einstaklinga springur á einhverju tímabili vegna ósættis en í okkar tilfelli er svolítið meira í húfi og þess vegna verðum við einfaldlega að láta þetta ganga upp. Við eigum jafn mikið í þessu og hingað til hefur þetta gengið ofsalega vel. Það skemmir heldur ekki fyrir að við erum stanslaust umkringd skemmtilegu og hæfileikaríku fólki sem gerir vinnuna þeim mun skemmtilegri.“

### FALDI SIG Á BAK VIÐ HILLU

Að sögn Bergþóru hafa þau leyft fyrirtækinu að vaxa svolítið eins og plöntu og verða til af sjálfu sér. Þau vinna nú að því að stækka línuna töluvert og eru til að mynda að hanna fyrstu heilsteyptu sumarlínu sína. Þau hafa reglulega sótt sölusýningu í tengslum við tískuvikuna í Kaupmannahöfn og viðurkennir Bergþóra að þar hafi þau kynnst ýmsum kynlegum kvistum. „Það er svolítið gaman að upplifa þetta allt í gegnum Jóel því hann er svo innilega ekki úr þessum bransa og finnst alltaf jafn skrítið að hitta suma þessa léttfreðnu tískuspekúlanta á sölusýningum í Danmörku. En svo gæti verið að við séum bara skrítna fólkið á þessum sýningum, ég veit það ekki,“ segir hún glaðlega.

Þótt það sé ávallt fagnaðarefni að gera nýja sölusamninga eftir slíkar sýningar segir Bergþóra það skipta mestu að fá pantanir aftur frá kaupendum. „Það þýðir að fólk er ánægt og vill meira. Það er alltaf góð tilfinning,“ segir hún. Íslendingar hafa tekið sérstaklega vel í hönnun Farmers Market og segir Bergþóra það vera skrítið að mæta fólki á götum úti íklætt hönnun hennar. „Fyrst þegar ég rakst á mann í peysu frá okkur var ég stödd úti í búð og ég varð svo hrikalega feimin að ég faldi mig á bak við hillu. En núna finnst mér þetta bara skemmtilegt,“ segir hún og bætir við; „Ég fæ alltaf svolitla þráhyggju fyrir því sem ég er að hanna hverju sinni og það tók mig til dæmis rúm tvö ár að hanna herrabuxurnar okkar. Mér finnst því sérstaklega gaman þegar ég rekst á menn sem eru í þeim.“

### * myndalbúmið


Þarna er ég heima hjá mér með drengjunum mínum.


Ég sjö ára gömul í heimsókn í sveitinni hjá frændfólki mínu Dísu og Denda á Kópsvatni.


Dálítið stressuð baksviðs korteri fyrir sýningu Farmers Market og Andersen & Lauth á Hönnunarmars 2011. Á myndinni eru Gunnar Hilmarsson, Kolbrún Petrea Gunnarsdóttir, ég og Jóel.


Hér er ein af mínum uppáhalds: Dorrit kíkir stundum inn á vinnustofuna mína.















**Vel klæddar** Elísabet Alma Svendsen og Alma Ösp Arnórsdóttir klæddu af sér kuldann í þessum fallegu loðfeldum. MYND/HARALDUR GUÐJÓNSSON



**Rauðklædd** Ruth Einarsdóttir var glæsileg í þessum rauða samfestingi.



**Flottir fýrar** Tónlistarmaðurinn Hrafnkell Kaktus Einarsson og vinur hans, Birgir Rafn Snorrason, voru flottir til fara.

Flottir gestir á HönnunarMars:

# GÖTUTÍSKAN

Hvers kyns hönnun var gert hátt undir höfði á HönnunarMars sem haldinn var hátíðlegur í lok síðasta mánaðar. Föstudagur fór á stjá meðan á hátíðinni stóð og fékk að mynda nokkra gesti sem höfðu sótt sýningu Hafsteins Júlíussonar í GK Reykjavík og sýninguna Hljóm í hönnun sem fram fór í Hafnarhúsinu. **- sm**



**Glæsileg** Bára Hlín Vignisdóttir var flott í röndóttum bol og bláum blazer-jakka.



**Flott** Sindri Sigurðsson og Birta Brynjólfsdóttir voru vel klædd og flott til fara.



**Góð skemmtun í GK** Marín Jóhannsdóttir, sem skartaði skemmtilegri fléttu, og Una Jóhannsdóttir.



# EVA MENDES STYRKIR LÍKAMANN MEÐ REEBOK

## Heimsfræg stjarna gengur til liðs við Reebok sem EasyTone sendiherra

Leikkonan Eva Mendes hefur gengið til liðs við Reebok og sýnir hún sínar flottustu hliðar í skóm og fatnaði frá fyrirtækinu.

***„Mér líður betur þegar ég er í góðu formi," segir Mendes „og það sem mér líkar svo vel við EasyTone línuna frá Reebok er að hún gefur mér smá aukalega um leið og ég sinni mínum daglegu athöfnum. Þar sem ég vinn langan vinnudag og ferðast mikið á ég ekki auðvelt með að koma löngum æfingum fyrir í dagskránni minni. Ég verð því að nýta vel þann tíma sem ég hef. Þess vegna finnst mér svo frábært að fara í langar gönguferðir og fara út að ganga með hundinn í EasyTone skónum mínum. Það besta er að EasyTone fatnaðurinn fegrar útlínur líkama míns og EasyTone skórnir eru rosalega flottir." Mendes segir að kostir EasyTone skónna séu hversu penir og nettir þeir eru, líkt og venjulegir strigaskór. Hún bætir jafnframt við: … „Í mínu fagi er mikilvægt að vera í góðu líkamlegu formi og EasyTone er litla leyndarmálið mitt!"***

**EasyTone** skórnir hafa farið sigurför um heiminn en þeir styrkja rass og læri í hverju skrefi. Tæknin á bak við skóna kemur frá jafnvægisboltum sem við þekkjum úr líkamsræktinni. Örlítið ójafnvægi skapast vegna sérstaks sóla sem veldur því að vöðvarnir vinna betur.

**EasyTone** fatnaðurinn er fyrsti styrkjandi fatnaðurinn frá Reebok og byggir á frábærum árangri EasyTone skónna. Í boði eru glæsilegir bolir og buxur sem hjálpa til við að styrkja lykilvöðva og eru frábær viðbót við hreysti og heilbrigðan lífstíl.

Um er að ræða fyrsta flokks fatnað þar sem notast er við **ResisTone™** bönd sem veita mótstöðu við hverja hreyfingu. **ResisTone** böndin eru úr stífu en sveigjanlegu efni og er þeim komið fyrir í fatnaðinum á skipulagðan hátt og falla þau vel að líkama þess sem í fötunum er.

**EasyTone** síðbuxur, hálfsíðar buxur og undirbuxur eru hannaðar til þess að hjálpa til við að styrkja læri og rassvöðva með hversu skrefi sem stigið er. **EasyTone** bolir og toppar eru gerðir til þess að styrkja vöðvana í efri hluta líkamans og bæta líkamsstöðu.

*Laugardaginn 9. apríl kl. 14–16*

*Kynning á EasyTone fatnaði og skóm í Útilíf Kringlunni. Fjörið hefst á DansFitness tíma en allir sem dansa með eiga möguleika á að vinna EasyTone skópar.*

*Kíktu og kynntu þér málið betur!*




*Kynning*


# Gamla hjólið uppí á 10.000*



## Mongoose Crossway 250

Ekta hjól í vinnuna með þæginlegu stillanlegu stýri og á mjög svo rennilegum dekkjum sem þýðir minni áreynsla.

**kostar 76.900,- og þú færð brettin með en ef þú kemur með gamla garminn uppí færðu það á 66.900,-**



## Mongoose Crossway 250



Hraða/vegalengdarmælar
verð frá 3.990,-



Vertu velkomin til okkar í Faxafenið eða kíktu á úrvalið inn á www.gáp.is
Ekkert mál að skipta greiðslunni með Staðgreiðsluláni Borgunar.

GÁP

**HJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7**
**S: 5200 200 • MÁN - FÖS. KL. 9-18 • LAU. KL. 11-16**

* eina skilyrðið er að hægt sé að hjóla á því. Gildir ekki með öðrum tilboðum
Á aðeins við um fullorðins hjól

**Sólgleraugu fylgja með öllum keyptum gallabuxum.**



OPNUNARTÍMI
MÁN-FÖS 10-18
LAU 11-17
S. 572 3400

Herra H

FJÖRÐUR
Firði, Hafnarfirði • Sími 572 3400
www.fjordur.is


## mælistikan

### Á uppleið:



**Litagleði!** Daginn er farið að lengja og þótt veturinn sé enn ekki fyrir bí er í góðu lagi að festa kaup á nokkrum flíkum í skærum litum. Litagleðin færir okkur aðeins nær vorinu.

**Skíðaferðir!** Hví ekki að skella sér norður í land í svolitla skíðaferð og njóta þess að stunda vetraríþróttirnar á meðan færi gefst?

**Sólgleraugu!** Sólin er farin að láta til sín taka aftur, ekki gleyma sólgleraugunum næst þegar farið er út.



### Á niðurleið:



**Myrkur!** Nú kveðjum við stutta daga og langar nætur. Myrkrið er á undanhaldi og vorið er í loftinu.

**Pestir!** Flensur og veikindi eru á niðurleið. Birgið ykkur upp af vítamínum og hlakkið til veikindalausra daga.

**Símablaður á almannafæri!** Það er leiðinlegt að verða óviljandi þátttakandi í samtali á milli tveggja ókunnugra einstaklinga. Hafið í huga að þið eruð ekki ein í heiminum þegar þið talið í síma á almannafæri.





## Á RÚMSTOKKNUM
*Sigga Dögg kynfræðingur*

# Typpadýrkun karlmanna

Ég er mikil áhugamanneskja um typpi. Það er margt mjög merkilegt við þennan líkamshluta og þá einna helst mýturnar sem flestar snúa að stærð. Typpastærð virðist mikið hitamál og jafnvel enn meira en frammistaða eða risvandamál. Þetta mál fellur því í sama vítahring og frammistöðukvíði. Karlmönnum sem finnst þeir vera með lítið typpi en eru raunverulega í meðalstærð, finnst þeir oft lifa verra kynlífi í samanburði við þá sem eru með stærra typpi. Séu kynlífsfélagar þessara „meðal"-manna aftur á móti spurðir út í kynlífsánægju þá gefa þeir fátt út á stærðina og segja hana skipta litlu sem engu máli.

Fyrst kynlífsfélagar segja stærðina ekki skipta máli, af hverju er hún þá svona mikilvæg? Nú myndu margir benda á klámið og segja að tröllvaxnir bellir brengli hugmyndir ungra manna. Fyrr á öldum voru menn sáttari við sig því samanburðurinn var ekki órakaður í nærmynd á fjörutíu tommu skjá. Enn aðrir myndu jafnvel segja þetta vera kynlífstækjum að kenna því risavaxnir titrarar séu óraunhæf samkeppni fyrir meðal-liminn. Þessi rök falla um sjálf sig því vinsælustu titrararnir eru hvorki stórir né gildir og eiga því fátt sameiginlegt með útliti eða notkun hins venjulega lims.

**Typpi í klámmyndum eru stór því það er praktískt fyrir myndavélina sem vill sýna sem mest af kynfærum.**

Ég hef einstaklega gaman af því hvernig nútímafólk vill gjarnan klína öllum heimsins vandamálum á klám. Af öllu illu sem má mögulega rekja til kláms þá er typpastærðardýrkun tæplega eitt af því. Typpi í klámmyndum eru stór því það er praktískt fyrir myndavélina sem vill sýna sem mest af kynfærum. Þá eru flestir neytendur kláms karlmenn og þeir vilja sjá stór typpi, það er svona karlmennskudæmi.

Rannsókn á uppruna typpaaðdáunar leiddi mig til upphafs siðmenningar þar sem karlmenn gengu um hálfnaktir og dýrkuðu liminn sem hálfgerðan guð. Þá má gjarnan sjá helgistyttur með risavaxin kynfæri til að undirstrika mikilvægi þeirra sem heilags líkamshluta. Samanburður milli manna var því algengur og var það mönnum til tekna að vera stærri en samkeppnisaðilinn. Það virðist því á einhvern hátt innbyggt í karlmenn að bera lim sinn saman við lim annarra karla og algerlega ótengt kynferðislegu notagildi limsins.

Í ljósi þessa, og vegna hinna óteljandi vefsíðna um tæki og tól sem stækka typpið, fann ég mig knúna til að hrekja þessar mýtur í fyrirlestraröð sem vonandi róar óöruggt karlmannshjartað. Typpi er ekki hægt að stækka og líkamsímynd sem hangir á typpastærð einni saman er líkleg til standa á veikum grunni. Þú ert með fingur og tungu sem ber að nota. Hitt er bara aukaatriði og stærðin skiptir því ekki máli.

*Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni.*
***Netfangið er kynlif@frettabladid.is***


# Eru gallabuxnakaup vandamál?

Mery Mondo eru þá buxurnar fyrir þig



MERI MONDO JEANS

Frábærar buxur í tveimur sniðum og þremur lengdum.

Nýjar flottar gallabuxur á Íslandi.



Útsölustaðir.
Kello Kringlunni
Bjarg Akranesi
Rikka Akureyri
Jón og Gunna Ísafirði

kello
Kringlunni sími 568 4900

# Vorið er komið …

Kynning

**Kastanía**
Höfðatúni 2
S: 577-5570



**Basic** | Desigual kjóll.
Stærðir : Small – Xlarge
2 litir, grænn og svartur.
Verð : 18.990kr.



**Basic** | Kitkarnaby kjóll.
Stærðir: Small – 2Xlarge.
2 litir , grár og svartur.
Verð: 10.990kr.





**Kastanía** | Ed Hardy og
Christian Audigier
100% Silkiklútar - margar gerðir
Verð: 14,900



**Kastanía** | Refaskott - margir litir
Verð: 9,900



**Basic** | Micha Tunica.
Stærðir: Small – 2Xlarge.
Einn litur.
Verð : 11.990 kr.



**Tuzzi** | Skór frá Nero Giardini
Verð: 25,900



**Stíll** | Mynstraður kjóll
Verð: 24,900
Sjal - margir litir
Verð: 3,900

**Tuzzi**
Kringlunni
S: 568-8777

**Basic**
Háholti 13-15,
Mosfellsbær
S: 571-5671
Austurvegur 58,
Selfoss.
S: 578-8585

**Stíll**
Laugavegi 58
S: 551-4884



**Tuzzi** | Kjóll
með undirkjól
Verð: 18.900
nú með 25% afsl.
14.200



**Basic** | Desigual kápa.
Stærðir : 36-46.
Einn litur og útsaumað munstur
á bakinu.
Verð : 29.990kr.



**Stíll** | Blá peysa
Verð: 18,900
Stærðir: 36 - 44

**Stíll** | Blár kjóll
Verð: 16,900



**Hjá Hrafnhildi** |
Leðurjakki bolero
Verð: 29.900
Litir: Svartur, grár
og camel

Kjóll
Verð: 24,900

**Hjá Hrafnhildi**
Engjateig 5
S: 581-2141



# YFIRHEYRSLAN

**Kristín Soffía Jónsdóttir, varaformaður umhverfis- og samgönguráðs.**

**Háir hælar eða flatbotna skór:** Flatbotna nema tilefnið sé þeim mun sérstakara.




**Ómissandi í snyrtibudduna:** Maskari, vaselín og kinnalitur.

**Uppáhaldsliturinn:** Rauður

**Hver eru nýjustu kaupin?** Fáránlega fallegar og sumarlegar gallabuxur úr GK.



**Hvað dreymir þig um að eignast?** Koníaksbrúna leðurtösku.

**Hvaða lag kemur þér í gott skap?** Kill Me með Make the Girl Dance.

**Uppáhaldshönnuðurinn:** Ung og upprennandi stúlka sem heitir og hannar undir nafninu ÝR og er algjör snillingur.



**Uppáhaldsdrykkurinn:** Vatn, kaffi og bjór – ekki möguleiki að gera upp á milli.






markhonnun.is

# nettó
Kræsingar og kostakjör



MELÓNUR GULAR

50% afsláttur

135 kr/kg
áður 269 kr/kg

# KRÆSINGAR OG **KOSTAKJÖR**

**SVÍNALUNDIR**
FERSKAR
30% afsláttur
1.679 kr/kg
áður 2.398 kr/kg



**LAMBAKÓTELETTUR**
FERSKAR
30% afsláttur
1.399 kr/kg
áður 1.998 kr/kg



**GRÍSAHRYGGUR M/PURU**
FERSKUR
31% afsláttur
898 kr/kg
áður 1.298 kr/kg



**KORNFLEX**
500 G
59% afsláttur
98 kr/pk.
áður 239 kr/pk.



**KJÚKLINGAVÆNGIR**
HOT EÐA BBQ 500G
57% afsláttur
Fulleldað þarf aðeins að hita
299 kr/pk.
áður 689 kr/pk.



**GRÍSAMÍNÚTUSTEIK**
FERSK
30% afsláttur
1.259 kr/kg
áður 1.798 kr/kg



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

**COLA**
2L
40% afsláttur
95 kr/stk.
áður 159 kr/stk.



**ORKUDRYKKUR**
250 ML
30% afsláttur
69 kr/stk.
áður 99 kr/stk.



**SÚKKULAÐIBITAR**
200 G
199 kr/pk.
áður 249 kr/pk.



**SALTSTANGIR**
250 G
40% afsláttur
95 kr/pk.
áður 159 kr/pk.



**BRUÐUR**
300 G
29% afsláttur
198 kr/pk.
áður 279 kr/pk.



coop

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

**Tilboðin gilda 7. - 10. apríl**
eða meðan birgðir endast


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FERSKUR KJÚKLINGUR FRÁ KJÖRFUGLI
GOTT VERÐ Í BÓNUS
FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
659 KR.KG.
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1959 KR.KG.
ROOKEE
ROOKEE NÚÐLUR 85g 35 KR. PAKKINN
NICKY WC PAPPÍR
12 RÚLLUR
798 KR.PK
NICKY
3 Free Rolls
4 flöskur x 1.5 ltr.
COCA COLA
659 KR.6 ltr
ÍTALÍA
EXTRA VIRGIN OLÍA
Nú 750ml á sama verði
598 KR.750ml
GEVALIA KAFFI MELLANROST
4000 pk. eftir á þessu verði
GEVALIA
495 KR.500g
Neutral
ÞVOTTAEFNI 1,9 kg
Neutral
695 kr.pk
NÝBAKAÐ Í VERSLUNUM BÓNUS
BÓNUS NÝBAKAÐIR
KORNKUBBAR 2 TEG.
198 KR. 4stk.
BAGUETTE BRAUÐ 129 KR.STK
OS HEIMILIS-OSTUR
25% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ: 1221 KR.KG
25% AFSLÁTTUR
916 KR.KG
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




298 KR.100g

LAMBHAGA SPÍNAT VISTVÆN ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA



**Sérskorið ferskt Bónus lambalæri** þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því meira kjöt og minna bein á lærinu!

1359 KR.KG

ÍSLANDSLAMB SÉRSKORIÐ **FERSKT LAMBALÆRI**



**Sérskorið kryddað lambalæri** þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því meira kjöt og minna bein á lærinu!

1498 KR.KG

ÍSLANDSLAMB SÉRSKORIÐ **FERSKT KRYDDAÐ LAMBALÆRI**




1398 KR.PK



23 BESTU

hamborgarauppskriftirnar á einum stað

http://www.islandsnaut.is

ÍSLANDSNAUT 10 STK. x 100g

**FROSNIR UNGNAUTAHAMBORGARAR**




20% AFSLÁTTUR

1998 KR.KG

**FERSKT UNGNAUTAGÚLLAS**

*MERKT VERÐ: 2498 KR.KG*

1998 KR.KG

**FERSKT UNGNAUTASNITSEL**

*MERKT VERÐ: 2498 KR.KG*

Caj-P.

**GRILLOLÍA 500ml**

GÓÐ Á LAMBAKJÖTIÐ

398 kr.





NORÐANFISKUR

**ÍSLENSK BLEIKJA BEINLAUS MEÐ ROÐI**

1598 KR.KG





1298 KR.KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA **FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM**



898 KR.KG

FERSKT **BLANDAÐ HAKK 100% KJÖT**

# BÓNUS RISA

## PÁSKAEGG 1 KG.

SAMA VERÐ OG Í FYRRA

**1998** KR.STK

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu vildarpunkta VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI

FÖSTUDAGUR

10:00-19:30

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** uss, **6.** eftir hádegi, **8.** skammst., **9.** fæðu, **11.** tveir eins, **12.** ólåns, **14.** mont, **16.** hvað, **17.** stilla, **18.** hylli, **20.** íþróttafélag, **21.** viðlag.

**LÓÐRÉTT**
**1.** tilraunaupptaka, **3.** kringum, **4.** skáldsaga, **5.** dæling, **7.** hreyfast, **10.** skír, **13.** drulla, **15.** bakki, **16.** rámur, **19.** drykkur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** suss, **6.** eh, **8.** möo, **9.** mat, **11.** gg, **12.** ógæfu, **14.** grobb, **16.** ha, **17.** róa, **18.** ást, **20.** kr, **21.** stef.
**LÓÐRÉTT: 1.** demó, **3.** um, **4.** sögubók, **5.** sog, **7.** haggast, **10.** tær, **13.** for, **15.** barð, **16.** hás, **19.** te.


## Námssjóður Sigríðar Jónsdóttur Umsóknir um styrki 2011.

**Stjórn Námssjóðs Sigríðar Jónsdóttur auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum.**

Styrkir eru veittir til öryrkja til hagnýts náms, bóklegs eða verklegs, svo og til náms í hvers konar listgreinum.

Einnig er heimilt að styrkja þá sem vilja hæfa sig til starfa í þágu þroskaheftra.

Umsóknum skal skila til Öryrkjabandalags Íslands, Hátúni 10, Reykjavík fyrir 13. maí nk.

Allar nánari upplýsingar gefur
Guðríður Ólafsdóttir í síma 530 6700

Styrkjunum verður úthlutað 9. júní.

**Stjórn Námssjóðs
Sigríðar Jónsdóttur.**

## Úthlutanir úr IHM-sjóði

Í samræmi við reglur um ráðstöfun greiðslna frá Innheimtumiðstöð gjalda auglýsir RSÍ hér með eftir umsóknum um fjárframlög úr svonefndum IHM-sjóði Rithöfundasambandsins.

Rétt til úthlutunar úr myndbanda- og geisladiskageira eiga rithöfundar, leikskáld, þýðendur, handritshöfundar og aðrir höfundar ritverka, sem flutt hafa verið í sjónvarpi á síðasta ári. Um úthlutun geta sótt allir þeir sem telja sig eiga rétt, án tillits til félagsaðildar. Höfundum handrita fræðslu- og heimildarmynda er bent á að sækja um til Hagþenkis - félags höfunda fræðirita og kennslugagna.

**Með umsóknum fylgi yfirlit um birt verk umsækjanda í sjónvarpi 2010, taka skal fram lengd flutnings í mínútum og hlutfall ef höfundar eru fleiri en einn.**

Umsóknir skulu berast Rithöfundasambandi Íslands, Gunnarshúsi, Dyngjuvegi 8, 104 Reykjavík fyrir **28. apríl nk.** rsi@rsi.is

Skipulags stofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

### Ákvörðun Skipulagsstofnunar um sameiginlegt mat framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að umhverfisáhrif eftirtalinna framkvæmda skuli ekki meta sameiginlega samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Hólmsárvirkjun (allt að 80 MW), Búlandsvirkjun (allt að 150 MW) og flutningskerfi raforku frá þeim að byggðalínu, Skaftárhreppi.**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulagsstofnun.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **9. maí 2011.**

**Skipulagsstofnun**


# Nei eða já

BAKÞANKAR
**Brynhildar Björnsdóttur**



„Nei eða já, nú eða þá, aldrei mér tekst að taka af skarið, vakin og sofin er, velti þér endalaust fyrir mér…“ Hvern hefði grunað að þessir þankar sem Stjórnin kastaði á níunda áratugnum fram fyrir Evrópu í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva ættu eftir að vera slík áhrínsorð fyrir íslenska þjóð.

**OG NÚ,** sem þá, bíður Evrópa af samsvarandi ákafa eftir því að niðurstaða komist í Nei eða já Íslendinga. Sem sagt: ekkert sérstaklega miklum. Það er örugglega ofmetið að ætla að allir helstu fjármálamenn, hagfræðingar og siðspekingar Evrópu og heimsins alls bíði með öndina í hálsinum eftir niðurstöðu í kosningum morgundagsins. Njá eða jei er örugglega ekki mesta hitamálið á kaffistofum í Finnlandi eða Madríd; jafnvel í Englandi og Amsterdam eru fótbolti og veðrið margfalt líklegri umræðuefni en niðurstöður kosninganna á Íslandi á morgun.

**SAMT** er ekki þar með sagt að þetta séu ekki mikilvægar kosningar. Á morgun er kosið um stríð eða frið, lög eða sið, og þjóðin skiptist í tvær fylkingar, eða eins og segir í lagi með Evrópuförunum í hljómsveitinni Módel: „Andstæður – þú og ég“. Og niðurstöður þessara kosninga eiga mögulega eftir að vekja athygli út fyrir landsteinana og hafa einhver áhrif á stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna.

**„HVERT** mannsbarn skuldar heila milljón,“ segir í lagi af Hrekkjusvínaplötunni frá 1977. Það er ekkert nýtt að skuldir landsfeðranna komi niður á börnum. Fyrir nú utan það að íslensk börn skulda svo miklu meira en milljón nú þegar. Hvort það er réttlátt er álitamál. Aðallega eru þetta þó skuldir sem stofnað var til í nafni okkar sem þjóðar og í því nafni þarf að greiða þær. Við erum ekki andstæður, við erum samstæður og samábyrg þegar yfirvöld sem við kjósum yfir okkur gera skuldbindingar. Meira að segja þótt við höfum ekkert kosið þau sjálf. Ef formaður húsfélagsins dettur í það fyrir peningana sem átti að nota til að borga iðnaðarmönnunum situr húsfélagið uppi með skuldina. Ekki iðnaðarmennirnir. Jafnvel þótt fólkið á fyrstu hæðinni hafi ekkert fengið í sitt glas nema kannski flatskjá.

**EN HVAÐ** um allt þetta. Á morgun kemst loksins einhver niðurstaða í þetta blessaða mál og kannski ræður sú niðurstaða einhverju um það hvort við lendum í sjötta eða sextánda sæti í Evrópu. Eða dettum hreinlega úr keppni. Er það ekki annars það sem málið snýst um?

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# 3%

þjóðarinnar hafa beinan
hag af því að segja já!

# Nei

...er fyrir okkur hin.

Mætum, kjósum og gerum gagn.

Samtök Lánþega
Í krafti fjöldans getum við allt

XO
BORGARAHREYFINGIN

! **SÍÐUSTU FORVÖÐ** Þrjár sýningar líða undir lok í Hafnarhúsinu á sunnudag: Án áfangastaðar þar sem útgangspunkturinn er ferðahugurinn og upplifun ferðamannsins á því umhverfi sem verður á vegi hans; D20 - Helgi Már Kristinsson, hefur einbeitt sér að abstraktmálverkinu með sterkum áhrifum frá graffi og götulist; Erró - Samtíningsverk/Þrívíddarsamklipp, þar sem meðal annars eru sýnd verk sem notuð voru sem leikmyndir í kvikmyndum.

# HÁPUNKTAR SEQUENCES-VIKUNNAR

**Myndlistarhátíðin Sequences stendur nú sem hæst. Þetta er í fimmta sinn sem hátíðin er haldin.**

Á boðstólum í ár eru rúmlega tuttugu verk eftir erlenda og innlenda listamenn víðs vegar um borgina. Hannes Lárusson er heiðurslistamaður hátíðarinnar í ár en sýning hans „Hann og hún – Ég og þau“ er sýnd í Gallerí Kling og Bang. Sequences 2011 stendur fram á sunnudag. Nánari upplýsingar um hátíðina má nálgast á heimasíðu hennar, sequences.is. Fréttablaðið stiklar á stóru á þeim viðburðum sem sýndir hafa verið fram að þessu.



Hinn danski Christian Falsnæs bjó til myndband við frumsamið popplag við Grandagarð 27.



Dísablót buðu upp á gjörning þar sem haldið var á haf út í leit að nýjum ævintýrum.



Hátíðin hófst með með sýningu Hannesar Lárussonar, heiðurslistamanns hátíðarinnar, Hann og hún - Ég og þau.



Mælt er með að hafa sundföt meðferðis áður en kíkt er við á sýninguna Meeting Valery Smith í Útgerðinni.



Intrum Justitia hópurinn bauð upp á loftkastala og hægt var að slá í piñata svo fiskhausar og sælgæti flugu út um allt gólf.






**ÞJÓÐLEIKUR** Þjóðleikur hefur breitt úr sér og var haldinn á Akureyri fyrir viku, þar sem þessi mynd var tekin.

## Þjóðleikur fyrir austan

Ellefu leikhópar af öllu Austurlandi sýna þrjú frumsamin leikverk eftir íslensk leikskáld á leiklistarhátíðinni Þjóðleik á Egilsstöðum nú um helgina.

Sýnd verða verkin Mold eftir Jón Atla Jónasson, Kuðungarnir eftir Kristínu Ómarsdóttur og Iris – nútímaævintýri eftir Brynhildi Guðjónsdóttur og Ólaf Egil Egilsson.

Þetta er í annað sinn sem Leiklistarhátíðin Þjóðleikur er haldin á Austurlandi. Verkefnið hófst sem samstarfsverkefni Menningarmiðstöðvar Fljótsdalshéraðs og Þjóðleikhússins árið 2008. Síðan hefur það vaxið og dafnað og tóku Norðlendingar þátt í fyrsta sinn í ár og sýndu verkin fyrstu helgina í apríl.

Leikendur eru á aldrinum þrettán til tuttugu ára en njóta handleiðslu fullorðinna leikstjóra. Þjóðleikhúsið veitti hópunum faglega ráðgjöf og hélt námskeið yfir æfingatímann.

Alls verða 22 sýningar frá 8. til 10. apríl, allar í Sláturhúsinu á Egilsstöðum.



Ískyggileg spenna
EFTIR DANSKA KRIMMAKONUNGINN JUSSI ADLER-OLSEN
Fyrsta bókin í Deild Q seríunni loksins fáanleg á íslensku
JUSSI ADLER OLSEN
FRÁ DEILD Q:
KONAN Í BÚRINU
Extra Bladet
Jyllands-Posten
NÝ KILJA
MEÐ ALLT AÐ 6 BÆKUR
Á TOPP 10
Í DANMÖRKU
„Stephen King og Anna Pihl í eina sæng.“
Berlingske Tidende
„Þessi saga sprengir öll mörk.“
Weekendavisen
VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 08. apríl**

**Tónleikar**

**20.00** Fiðluleikarinn Mikhail Simonyan verður með tónleika í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar í kvöld kl. 20. Mikhail leikur kammertónlist ásamt íslenskum hljóðfæraleikurum.

**23.00** Hljómsveitin Hjálmar heldur tónleika á Faktorý í kvöld kl. 23. Húsið opnar kl. 22. Aðgangseyrir kr. 1500.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**




# Hin undursamlegu tannhjól hversdagsleikans

Bækur ★★★★★

**Tunglið braust inn í húsið**
Ljóðaþýðingar eftir Gyrði Elíasson

**Uppheimar**

Eitt af því sem einkennir góða ljóðlist er að hún gerir venjubundið tungutak nánast merkingarlaust. Orð eins og stórvirki, þrekvirki, lotning og þakklæti eru fyrst upp í hugann eftir lestur ljóðanna í þessu ljóðasafni, en þau eru þó öll langt frá því að geta túlkað þau hughrif sem bókin vekur. Enda ekkert smáræði undir; ljóð þrjátíu og sex skálda frá fimmtán þjóðlöndum, það elsta fætt 365 og það yngsta 1953, saman komin í einu ljóðasafni upp á rúmar þrjú hundruð síður. Og öll þýdd af fádæma listfengi sem lyftir íslenskunni upp í hæðir sem hún hefur ekki klifið langa lengi. Mann setur hljóðan frammi fyrir slíku afreki.




Þótt skáldin komi frá ólíkum heimshornum á ólíkum tímaskeiðum, séu karlkyns, kvenkyns, ung eða gömul og yrkisefnin séu mörg og margvísleg gengur þó rauður þráður í gegnum bókina. Sá þráður tengist náttúrunni, bæði utan við og innra með manneskjunni, fegurð hins smáa í hversdagsleikanum og stórfengleika lífsins, þrátt fyrir allt og allt. Aldraður bóndi í Kína á fjórðu öld glímir við sömu þrár og ung kona í Bretlandi á áttunda áratug tuttugustu aldar og grískur baráttujaxl á seinni hluta tuttugustu aldar á sömu drauma og japanskur búddamunkur á átjándu öldinni. Maðurinn er kannski ekki alltaf einn en hann er alltaf eins.



**GYRÐIR ELÍASSON** „Það sem gerir manninn mennskan og skáld að skáldi er einmitt þessi samhljómur við náttúruna, virðingin fyrir lífinu, getan til að gleðjast yfir fegurðinni þótt syrti í álinn," segir í ritdómi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Auðvitað má færa rök fyrir því að smekkur og lífsviðhorf þýðandans, Gyrðis Elíassonar, stjórni þessum rauða þræði en ég held þó ekki að skýringarinnar sé eingöngu þar að leita. Það sem gerir manninn mennskan og skáld að skáldi er einmitt þessi samhljómur við náttúruna, virðingin fyrir lífinu, getan til að gleðjast yfir fegurðinni þótt syrti í álinn og þráin eftir tengingunni og snertingunni við aðrar lifandi verur.

Ekki á þann hátt að horft sé framhjá þjáningunni og heimsósómanum og látið sem allt sé harla gott heldur einmitt með því að horfast í augu við dekkri hliðar tilverunnar án þess að gleyma ljósinu „í miðri spegilmynd mánans á öldunum" eins og Japaninn Ryokan orðar það í þýðingu Gyrðis.

Það væri hroki að ætla sér að greina ljóð þessarar bókar til hlítar í stuttum ritdómi eftir einungis viku samveru við þau. Þessi ljóð þarf að lesa aftur og aftur, lifa með þeim og gera þau að félögum sínum, enda mun bókin ekki sett upp í hillu heldur höfð innan seilingar og gripið niður í hana hvenær sem tækifæri gefst. Og hafi frasi útgefanda um að „þessi bók ætti að vera til á hverju heimili" einhvern tíma átt við þá er það um Tunglið braust inn í húsið. Gyrðir Elíasson hefur á fimmtugsafmæli sínu fært íslensku þjóðinni gjöf sem hún ætti að taka fagnandi á móti og þakka í auðmýkt.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Fádæma vel unnar ljóðaþýðingar. Stórvirki sem á erindi við alla.






**FLYTJENDURNIR** Sópransöngkonan Frédérique Friess, Ólöf Sigursveinsdóttir sellóleikari og Hrönn Þráinsdóttir píanóleikari leiða saman hesta sína í Norræna húsinu á sunnudag.

# Sigursveins minnst í Norræna húsinu

Sópransöngkonan Frédérique Friess syngur ásamt Ólöfu Sigursveinsdóttur sellóleikara og Hrönn Þráinsdóttur píanóleikara í 15:15 tónleikasyrpunni í Norræna húsinu á sunnudag.

Yfirskrift tónleikanna er „Byrjun sólmánaðar skollaskálin alhvít og Skútudalurinn" og eru þeir tileinkaðir minningu Sigursveins D. Kristinssonar tónskálds, sem hefði orðið hundrað ára 24. apríl. Í öndvegi á efnisskránni verður verkið Romanza, eina verkið sem Sigursveinn samdi fyrir selló en hann var kunnastur fyrir sönglóð sín. Einnig verða flutt verk eftir Nadiu Boulanger, Robert Schumann, Francis Poulenc, Franz Schubert, Charles Gounod, Erik Satie og Claude Debussy.

Yfirskrift tónleikanna er tilvitnun úr grein sem Sigursveinn ritaði árið 1959 þegar hann lagði grunn að félagi fatlaðra en Sigursveinn var fremstur í flokki stofnenda Sjálfsbjargar auk þess að vera uppeldisfrömuður í tónlist.

Þýska sópransöngkonan Frédérique Friess nýtur mikillar virðingar í óperuheiminum og var meðal annars valin bjartasta vonin í óperutímaritinu Opernwelt árið 2003. Á tónleikunum á sunnudag túlkar hún þýsk og frönsk ljóð eftir Schumann og Fauré.

Ólöf Sigursveinsdóttir kynnir franska tónskáldið Nadiu Boulanger með þremur verkum fyrir selló og píanó en Nadia kenndi fjölmörgum tónskáldum 20. aldarinnar en skildi eftir sig merkar tónsmíðar sem eru sjaldan fluttar.

Einnig munu Ólöf og Hrönn flytja Verk í þjóðlegum stíl eftir Schumann. Saman ljúka þær dagskrá tónleikanna með því að flytja hið fagra kammerverk, Hirt auf dem Felsen eftir austurríska tónskáldið Franz Schubert í útsetningu fyrir sópran, selló og píanó.

Tónleikarnir hefjast klukkan 15.15. Miðaverð er 1.500 kr., en 750 kr. fyrir eldri borgara, öryrkja og námsmenn.

# FLATSKJÁIR MEÐ INNBYGGÐU DVD Í FERMINGARGJÖF

## 19"

**Salora LCD sjónvarp með DVD**
HD-Ready 1366 x 768 sjón...
innbyggðum digital tuner ...
CI-kortarauf og DVD-s...
Gengur einnig fyrir 12 ...



tilboð 59.995
SALORA
1941dvx



SALORA
3161/2
tilboð 69.995

## 24"

**Salora LCD sjónvarp með DVD**
Full HD 1920 x 1080 sjónvarp með innbyggðum digital tuner (DVB-T), CI-kortarauf og DVD- spilara.
Gengur einnig fyrir 12 volt.
Fæst í hvítu og svörtu.

## 26"

**Mjög gott LCD HD Ready 1366 x 768 sjónvarp**
Með innbyggðum DVD-spilara og tveimur HDMI-tengjum.



tilboð 79.995
SALORA
3135



## 32"

**Mjög gott LCD HD Ready 1366 x 768 sjónvarp** ...

tilboð 89.995
SALORA
3141

Hátækni

# Fólk

folk@frettabladid.is



**2012** *verður undarlegt ár, en samkvæmt nýrri könnun er auðkýfingurinn Donald Trump í öðru sæti yfir væntanlega forsetaframbjóðendur Rebúblikanaflokksins í Bandaríkjunum.*

## Tina Fey ólétt

Grínistinn Tina Fey, sem þekktust er fyrir hlutverk sitt í 30 Rock, á von á öðru barni sínu. Hún er gengin fimm mánuði með barn sitt og eiginmannsins, tónskáldsins Jeffs Richmond.

Tina greindi frá barnaláni sínu í viðtali í sjónvarpsþætti Opruh Winfrey. Þar var hún að kynna nýja bók sína og ræða tilvonandi endurfundi í Saturday Night Live.

Hin fertuga Tina á fyrir fimm ára dóttur með eiginmanninum. Ekki er búist við því að óléttan muni hafa áhrif á framleiðslu sjónvarpsþáttanna 30 Rock en nú er verið að sýna fimmtu þáttaröðina. Tina leikur sem kunnugt er annað aðalhlutverkið auk þess að framleiða þættina. Hinn aðalleikarinn, Alec Baldwin, greindi frá því á dögunum að þættirnir myndu hætta á næsta ári. Í frétt Hollywood Reporter segir að þessar yfirlýsingar séu rangar og engin slík ákvörðun hafi verið tekin.



**BARN Á LEIÐINNI** Grínistinn Tina Fey á von á öðru barni sínu.

# Kólumbíska kynbomban slær í gegn

**Sofía Vergara hefur þurft að berjast fyrir sínu í gegnum tíðina og ekki fengið neitt gefins. Hún er nú 38 ára gömul, á hátindi ferils síns í Hollywood og virðist vera rétt að byrja.**

Kólumbíska kynbomban Sofía Vergara er ekki aðeins lögulegur líkaminn og framandi hreimurinn. Hún getur leikið og hefur verið tilnefnd til Golden Globe-, Emmy- og Screen Actors Guild-verðlauna fyrir frábæra túlkun sína á hinni háværu Gloríu í Modern Family.

Líf Sofíu Vergara hefur ekki verið dans á rósum. Sautján ára gömul tók hún að sér hlutverk í auglýsingu gosdrykkjarisans Pepsi til að framfleyta fjölskyldu sinni, sem faðir hennar hafði yfirgefið. Vergara giftist æskuástinni átján ára gömul og eignaðist með honum soninn Manolo Gonzalez-Ripoll Vergara tveimur árum síðar. Þau skildu síðan og Vergara lærði tannlækningar í þrjú ár. Hún hætti í skólanum þegar hún átti tvær annir eftir þegar tækifæri til að starfa í skemmtanaiðnaðinum tóku að hrúgast inn. Upp úr aldamótum flutti hún til Miami með syni sínum, móður og systur eftir að bróðir hennar var myrtur af mannræningjum.

Í kjölfarið kom Sofía Vergara fram í ýmsum sjónvarpsþáttum og kvikmyndum án þess að vekja mikla athygli, ásamt því að sitja fyrir á baðfatadagatölum. Það var ekki fyrr en hún fékk hlutverk í Modern Family sem hún sló í gegn. Í dag er ferill hennar kominn á annað stig. Hún ljær teiknimyndunum Happy Feet 2 og Smurfs rödd sína og nú standa tökur yfir á myndinni New Year's Eve, sem hún leikur í ásamt Robert De Niro, Katherine Heigl, Ashton Kutcher og Jessicu Biel. Þá er hún orðuð við hlutverk í gamanmyndinni The Three Stooges eftir Farrelly-bræðurna.

Ljóst er að Sofía Vergara er á hátindi ferils síns, 38 ára gömul. Árið 2009 var hún á lista New York Times yfir fólk á uppleið og það rættist heldur betur úr því. Hollywood Reporter hefur útnefnt hana eina af hæfileikaríkustu og valdamestu konum rómanska skemmtanabransans og hún virðist eiga nóg eftir.

atlifannar@frettabladid.is



**SJÓÐANDI HEIT** Sofía Vergara sat fyrst fyrir í auglýsingu fyrir Pepsi sautján ára gömul. Nú, 21 ári síðar, er hún aftur komin með samning við Pepsi og var þessi mynd tekin þegar hún sat fyrir í auglýsingu fyrir gosdrykkjarisann á dögunum. NORDICPHOTOS/GETTY






## Hannar fatnað fyrir Norðurlandabúa

Stjörnustílistinn Rachel Zoe hefur hannað heila fatalínu fyrir sænsku fataverslanakeðjuna Lindex sem kemur í verslanir í vor.

Zoe skaust upp á stjörnuhimininn eftir að hafa séð til þess að Nicole Richie, Lindsay Lohan og önnur ungstirni í Hollywood klæddu sig samkvæmt nýjustu tísku og hefur undanfarin ár verið með eigin rauveruleikaþátt um lífið í tískubransanum vestanhafs. Nú starfar Zoe sem ein af ritstýrum Harper's Bazaar og þykir ein af best klæddu konum heims og því mikill hvalreki fyrir sænsku verslanakeðjuna. Lindex er þekkt meðal íslenskra kvenna enda einn helsti keppinautur verslunarrisans Hennes & Mauritz á Norðurlöndunum.



**SPENNANDI** Mikil eftirvænting ríkir fyrir fyrstu fatalínu stjörnustílistans Rachel Zoe í samvinnu við sænsku verslanakeðjuna Lindex. NORDICPHOTOS/GETTY

## krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is

**Hljómsveitin Samaris**

**- Allt um sigurvegara Músíktilrauna 2011.**



**Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins**



LJÓS OG MYRKUR
VISKA OG HEIMSKA
GOTT OG ILLT
ÁST OG HATUR
ÖRVÆNTING OG VON
HELSI OG FRELSI
SPURNINGAR OG SVÖR
SKÖPUN OG EYÐING
ÖRYGGI OG ÓTTI
UPPHAF OG ENDALOK
SEKT OG SAKLEYSI
LÍF OG DAUÐI
ÓREIÐA OG REGLA
ÓSIGUR OG SIGUR
EYÐING OG GRÓSKA
DAGUR OG NÓTT
HROKI OG AUÐMÝKT
KULDI OG HLÝJA
ÆSKA OG ELLI
SÝKNA OG DÓMUR
GÆFA OG ÓGÆFA
RÉTTLÆTI OG RANGLÆTI
FRIÐUR OG STRÍÐ
SKYNSEMI OG TILFINNINGAR
HUGREKKI OG HUGLEYSI
HIMINN OG JÖRÐ
GRÆÐGI OG NÆGJUSEMI
SORG OG GLEÐI

# BÓK BÓKANNA

BIBLÍAN ER NÚ FÁANLEG
Í ÞÆGILEGRI KILJU

NÝ OG HANDHÆG ÚTGÁFA
Á AFAR GÓÐU VERÐI




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is






**DUGNAÐUR** Who Knew kemur fram á fjölmörgum tónlistarhátíðum í Evrópu í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Who Knew á Hróarskeldu

**Sumarið er tími tónlistarhátíðanna og það vita strákarnir í hljómsveitinni Who Knew. Þeir koma fram víða í Evrópu í sumar þar á meðal á Hróarskelduhátíðinni víðfrægu.**

„Þegar ég stóð þarna á Hróarskeldu og horfði á þessar brjálæðislega stóru hljómsveitir spila, þá hugsaði ég hversu gaman það væri að fá að taka í hljóðfærin fyrir framan allt þetta lið,“ segir Hilmir Berg Ragnarsson, hljómborðsleikari hljómsveitarinnar Who Knew.

Who Knew hefur bæst við listann yfir hljómsveitirnar sem koma fram á Hróarskelduhátíðinni í Danmörku í sumar. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í vikunni kemur hljómsveitin Agent Fresco einnig fram á hátíðinni, en óvíst er hvort fleiri íslenskar hljómsveitir bætast við. Who Knew kemur fram á Pavillion Junior, sama sviði og Agent Fresco.

„Við eigum allir brjálæðislega góðar minningar frá þessari hátíð; að upplifa fyrsta frelsið sem unglingur og fara til útlanda, drekka sig blindfullan í landi þar sem það má – vera eins og vitleysingur í tjaldi í viku og koma heim drulluskítugur og reynslunni ríkari,“ segir Hilmir.

Who Knew kemur einnig fram á fjölmörgum öðrum hátíðum í Evrópu í sumar. Hljómsveitin kemur meðal annars við í Þýskalandi, Sviss, Frakklandi og Austurríki. „Sumarið er svolítið pakkað hjá okkur, en við vildum ekki vera í allt sumar úti. Þannig að við sögðum *nei* við einhverju,“ segir Hilmir. „Meirihlutinn er litlar hátíðir, líkt og Airwaves.“

Who Knew eyddi stórum hluta síðasta sumars í Berlín og kom fram víða í Evrópu. Á þessum ferðalögum kynntust meðlimir hljómsveitarinnar ýmsum kynlegum kvistum. „Brjáluðu aðdáendurnir krydda þetta svolítið,“ segir Hilmir. „Ákveðin týpa af fólki fer yfir þessi kunningjamörk frekar fljótt og bætir manni við sem vini á Facebook og sendir póst vikulega. Þetta er fólk sem við hittum kannski í tíu mínútur á Ítalíu. Þetta er rosalega fyndið. Allir í hljómsveitinni eiga einn eða tvo sem hafa stöðugt samband. En það er skrítið að tala um klikkaða aðdáendur. Þetta er bara fólk sem tók það að fíla hljómsveitina skrefi lengra.“

Who Knew kemur fram á Græna hattinum á Akureyri í kvöld ásamt hljómsveitunum Cliff Clavin og Agent Fresco.

atlifannar@frettabladid.is

Hvers virði er þetta ?

Verið velkomin á Hótel Holt
5. maí kl. 14–18

Hópur reynslumikilla sérfræðinga frá einu elsta og virtasta uppboðshúsi Skandinavíu, BRUUN RASMUSSEN, meta gömul og ný málverk, bækur, silfur, hönnunar- og listmuni, einnig úr, skartgripi, vín og „design“-húsgögn. Matið er án endurgjalds og án skuldbindinga með hugsanlega sölu á uppboði í huga.

Við leitum sérstaklega að verkum eftir Jón Stefánsson, Kjarval, Ásgrím Jónsson, Þorvald Skúlason, Svavar Guðnason, Ólaf Elíasson og marga fleiri.

Ef um stóra hluti er að ræða, er best að koma með ljósmynd. Einnig er möguleiki á að fá okkur í heimahús þann 6. og 7. maí.

Nánari upplýsingar veita:
Nadia Gottlieb, 0045 8818 1183, nag@bruun-rasmussen.dk





Ólafur Eliasson: "Two hot air columns", 2005.
Tvær höggmyndir úr ryðfríu stáli með rafmagnsperum.
Hamarshögg: 210.000 dkr.

BRUUN RASMUSSEN
KUNSTAUKTIONER
Bredgade 33
DK-1260 Kbh. K
Tel +45 8818 1111
bruun-rasmussen.dk

20% afsláttur af kösturum

RAFVÖRU MARKAÐURINN

# KASTARADAGAR




Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

# Á Icerave segja allir VÁ

**Kanilkvöld er yfirskrift nýrra mánaðarlegra danstónlistarkvölda. Annað Kanilkvöldið verður haldið á morgun á Faktorý. Sigurður Arent skipuleggjandi hefur ekki áhyggjur af brjáluðu Icesave-fólki.**



ÓPÓLITÍSK DANSSKEMMTUN Sigurður Arent og vinir hans halda Kanilkvöld á Faktorý á laugardagskvöld. Hann hefur ekki áhyggjur af því að deilur um Icesave skemmi stemninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Þetta er eitt af mikilvægustu kvöldum Íslandssögu seinni tíma. Það er frábært að hitta á það," segir Sigurður Arent Jónsson, einn skipuleggjenda Kanilkvöldanna sem haldin eru mánaðarlega á Faktorý. Annað Kanilkvöldið verður á morgun, sama kvöld og Íslendingar fá niðurstöðu í Icesave. Af því tilefni fær kvöldið undirheitið Icerave.

„Þetta verður bara dansveisla eins og síðast. Við einbeitum okkur ekki að neinum ákveðnum tónlistarstílum, við reynum bara að halda þessu opnu og skemmtilegu," segir Sigurður, sem skipuleggur kvöldin ásamt hópi dansáhugafólks – Kanilsnúðanna eins og þau kalla sig.

Sigurður kveðst ekki hafa áhyggjur af því að halda Kanilkvöld á sjálfum Icesave-deginum. Hann óttist það ekki að gestir skiptist í tvær fylkingar og til átaka komi. „Þetta er ópólitísk dansskemmtun," segir Sigurður í léttum tón.

En hvort eiga gestir Kanilkvöldanna að segja nei eða já?

„Þeir eiga að segja Vá."

Sigurður segir að tilurð Kanilkvöldanna megi ekki rekja til þess að danstónlist vanti á börum borgarinnar. Þeir hafi einfaldlega séð tækifæri til að búa til skemmtun fyrir fólk í kringum sig og aðra áhugasama. En er alveg nóg af fólki sem hlustar á danstónlist?

„Ég held það. Þegar svona kreppur skella á sækir fólk í að gleyma sér í trylltum dansi. Árið í ár hefur farið vel af stað hjá fólki sem fílar að dansa og það hefur verið mjög góð dagskrá á Faktorý. Við smellpössum þar inn."

hdm@frettabladid.is

# Klæðist því sem hún vill



FALLEGUR KJÓLL Cate Blanchett klæddist þessum fallega kjól frá Givenchy á Óskarsverðlaunahátíðinni.

Leikkonan Cate Blanchett klæddist kjól frá tískuhúsinu Givenchy við Óskarsverðlaunaafhendinguna. Kjóllinn vakti aðdáun margra en hlaut einnig nokkra gagnrýni. Í viðtali við InStyle segist Blanchett aðeins klæðast því sem henni líði vel í.

„Fólk á það til að klæða sig fyrir aðra en ég segi að maður eigi aðeins að klæðast því sem manni líður vel í. Ef fólk hrífst svo af kjólnum, þá er það gott. Ef ekki, þá skiptir það í raun engu máli," sagði Blanchett. Hún sagði jafnframt fá tískuhús hafa efni á því að framleiða svokallaðar „couture"-línur og því ætti að nota tækifæri sem Óskarsverðlaunin til að klæðast slíkum fötum. „Ég trúði varla mínum eigin augum þegar ég sá kjólinn í fyrsta sinn, hann var alveg einstakur," sagði hún um hönnun Givenchy.





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SOURCE CODE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| SOURCE CODE | kl. 3:40 - 8 - 10:10 | VIP |
| SUCKER PUNCH | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 5:40VIP - 8 - 10:20 | 10 |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 4 - 6 | L |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| RANGO M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| JUSTIN BIEBER MOVIE Með texta | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SOURCE CODE | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| SUCKER PUNCH | kl. 8 - 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| NO STRINGS | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| BARNEY´S VERSION | kl. 8 | L |
| THE WAY BACK | kl. 10:30 | 12 |
| HOP M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| KURTEIST FÓLK | kl. 6 | 7 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| SOURCE CODE | kl. 5.30 - 8 - 10.15 | 12 |
| SUCKER PUNCH | kl. 5.25 - 8 - 10.35 | 12 |
| LIMITLESS | kl. 8 - 10.35 | 14 |
| UNKNOWN | kl. 8 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 5.30 | L |
| HALL PASS | kl. 5.25 | 12 |
| ADJUSTMENT BUREU | kl. 10.35 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| BARNEY´S VERSION Númeruð sæti | kl. 5:30 - 8 - 10:20 | L |
| SUCKER PUNCH | kl. 3:40 - 8 | 12 |
| THE ADJUSTMENT BUREAU Númeruð sæti | kl. 10:40 | 10 |
| UNKNOWN Númeruð sæti | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| THE KING´S SPEECH Númeruð sæti | kl. 5:40 | L |
| TRUE GRIT Númeruð sæti | kl. 5:50 | 16 |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI M/ ísl. Tali | kl. 3:30 | L |

SPARBÍÓ KR 650 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU




SMÁRABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| YOUR HIGHNESS | KL. 5.45 - 8 - 10.20 | 16 |
| YOUR HIGHNESS LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | 16 |
| KURTEIST FÓLK | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| LIMITLESS | KL. 8 - 10.20 | 14 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| NO STRINGS ATTACHED | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| RANGO ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| YOUR HIGHNESS | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| KURTEIST FÓLK | KL. 5.45 - 8 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 5.45 | L |
| LIMITLESS | KL. 10.10 | 14 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| BIUTIFUL | KL. 6 - 9 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| YOUR HIGHNESS | KL. 8 - 10 | 16 |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |
| KURTEIST FÓLK | KL. 6 - 8 | L |
| LIMITLESS | KL. 10 | 14 |

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is 5% facebook /smarabio • facebook /haskolabio

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| YOUR HIGHNESS | 6, 8 og 10.10 |
| HOPP - ISL TAL | 4 |
| HOPP - ENS TAL | 4, 6 og 8 |
| KURTEIST FÓLK | 4, 6, 8 og 10 |
| NO STRINGS ATTACHED | 10 |

10 ÁRA 2001-2011 FRÉTTABLAÐIÐ
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



„Ég er ennþá þessi landsbyggðartútta í mér"
- Heiða Ólafs fer með sitt fyrsta burðarhlutverk í Þjóðleikhúsinu.

Meðal annars efnis:

Fræðsla og eftirlit lykilatriði
Foreldrar eiga að fylgjast með netlífi barna sinna .

Ættarhús við Ægisíðuna
Lambhóll og Garðar eru sannkölluð fjölskylduhús í Vesturbænum.

Helgarblað alla laugardaga

BAR & CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| A WOMAN, A GUN AND A NOODLE SHOP | 18:00, 20:00, 22:00 |
| BLUE VALENTINE | 17:50, 20:00, 22:00 |
| FOUR LIONS | 18:00, 20:00, 22:00 |
| BLACK SWAN | 22:10 |
| MAX OPHULS MÁNUÐUR: LE PLAISIR | 20:00 |

BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

# • FRÁBÆR VERÐ Á FLOTTUM MERKJUM •

# TIL HAMINGJU MEÐ AFMÆLIÐ OKKAR

## SPORT-OUTLET Á 2JA ÁRA AFMÆLI UM ÞESSAR MUNDIR OG BÝÐUR ÞVÍ TIL TILBOÐSVEISLU



**HLAUPASKÓR-DÖMU**
STÆRÐIR: 36-39
**VERÐ: 9.990 kr.**
FULLT VERÐ: 29.990 kr.



**RALLY MATCH SKÓR-HERRA**
STÆRÐIR: 41-46
**VERÐ: 4.990 kr.**
FULLT VERÐ: 15.990 kr.



**HETTUPEYSA KRAKKA**
STÆRÐIR: 128-164
**VERÐ: 2.490 kr.**
FULLT VERÐ: 7.990 kr.



**STUTTERMABOLUR KRAKKA**
STÆRÐIR: 128-164
**VERÐ: 1.490 kr.**
FULLT VERÐ: 4.990 kr.



**RENND HETTUPEYSA DÖMU**
STÆRÐIR: XS-L
**VERÐ: 9.990 kr.**
FULLT VERÐ: 14.990 kr.



**NÆRBUXUR-DÖMU**
STÆRÐIR: XS-L
**VERÐ: 990 kr.**
FULLT VERÐ: 4.990 kr.

## VERÐDÆMI

| Vara | Fullt verð | Outlet-verð |
|---|---|---|
| Boundary sundbuxur | 8.990 kr. | **3.990 kr.** |
| Esoteric sundbolur | 6.990 kr. | **3.990 kr.** |
| v5.10 markmannshanskar | 3.490 kr. | **2.490 kr.** |
| Originals Puma peysa | 17.990 kr. | **9.990 kr.** |
| Puma bómullarbuxur | 6.990 kr. | **3.990 kr.** |



**CRETE SKÓR-DÖMU**
STÆRÐIR: 36-42
**VERÐ: 4.990 kr.**
FULLT VERÐ: 7.990/8.990 kr.

**SPORT OUTLET**

**Vínlandsleið 6-8 113 Reykjavík**

Opið: Virka daga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-16

**OPIÐ SUNNUDAG KL. 13-17**






# sport

sport@frettabladid.is



**DEILDARMEISTARAR VALS OG BIKARMEISTARAR FRAM** hefja í kvöld úrslitaeinvígi sitt um Íslandsmeistaratitilinn í kvennahandboltanum en félögin mætast í úrslitum N1-deildar kvenna annað árið í röð. Leikurinn fer fram í Vodafone-höllinni og hefst klukkan 20.15. Valsliðið er búið að vinna fjóra innbyrðisleiki liðanna í vetur, eða alla nema bikarúrslitaleikinn, en Valsliðið vann úrslitaeinvígið 3-1 í fyrra.

# KR SIGLDI KEFLVÍKINGA Í KAF

**KR-ingar léku á als oddi er þeir tryggðu sig inn í lokaúrslit Iceland Express-deildar karla með öruggum og sannfærandi sigri, 105-89, gegn Keflavík í gær. KR mætir Stjörnunni í lokaeinvíginu.**

**KÖRFUBOLTI** Oddaleikur KR og Keflavíkur var algjör veisla. Um 2.000 áhorfendur troðfylltu DHL-höllina og sköpuðu hreint út sagt magnaða stemningu. Keflavík hafði tryggt sér oddaleik með tveimur mögnuðum framlengingarsigrum í röð en KR hleypti þeim ekki í enn eina endurkomuna í gær.

„Þetta var spurning í fyrsta leikhluta en síðan kom þetta hjá okkur. Við fórum vel yfir hlutina fyrir þennan leik og gerðum ákveðnar áherslubreytingar sem skiluðu sínu. Við vissum sem var að ef við leyfðum Gunna, Hössa og Magga að skjóta bombum þá kveikir það í liðinu. Við lokuðum fyrir það í dag," sagði sveittur og brosmildur þjálfari KR, Hrafn Kristjánsson.

Keflavík byrjaði leikinn betur en KR tók öll völd á vellinum í öðrum leikhluta og leiddi með 13 stigum í hálfleik. Stóru mennirnir hjá Keflavík – Sigurður Gunnar og Jón Nordal – lentu í villuvandræðum í öðrum leikhluta og það nýtti KR sér í botn.

Thomas Sanders bar lengstum uppi leik Keflavíkur og Keflavík vantaði sárlega meira framlag frá Íslendingunum sínum. Sanders varð sér síðan til skammar undir lok leiksins er hann henti Brynjari upp í stúku og stjakaði svo við öðrum dómara leiksins. Á sama tíma fór Brynjar Þór Björnsson algjörlega á kostum sem og Marcus Walker. Pavel var seigur og Fannar flottur í vörninni. Skarphéðinn Ingason kom einnig flottur inn í lið KR.

KR ákvað að slaka aðeins á þriggja stiga sýningunni í þessum leik. Leikmenn liðsins fóru grimmari í teiginn og það skilaði sínu.

„Við gerðum ákveðnar áherslubreytingar. Komum með Skarphéðin í liðið og höfðum Pavel í fjarkanum á móti svæðisvörninni. Þegar við fundum Pavel á miðjusvæðinu þá gerðust góðir hlutir hjá okkur," sagði Hrafn. KR hélt lengstum um 20 stiga forskoti en endurkomukóngarnir í Keflavík gerðu lokaáhlaup, minnkuðu muninn í 12 stig en nær komust þeir ekki.



**EINN Á LÚÐURINN** Jón Norðdal Hafsteinsson, fyrirliði Keflavíkur, sést koma illa út úr baráttunni við KR-ingana Pavel Ermolinskij og Brynjar Þór Björnsson í leiknum í gær en Keflvíkingar réðu ekki við Brynjar og Pavel í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**MIÐJAN VAR MÆTT Í GÆR** DHL-höllin var troðfull í gærkvöldi og strákarnir í Miðjunni létu vel í sér heyra allan leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Maður er alltaf hræddur á móti Keflavík. Samt þegar vörnin og takturinn er hjá okkur eins og í þessum leik þá fer það ekki svo fljótt. Við vorum yfirvegaðir og flottir og fórum aldrei á taugum þrátt fyrir tvö töp," sagði Hrafn kátur.

Guðjón Skúlason, þjálfari Keflavíkur, var eðlilega mjög svekktur. „Þetta er hrikalega sárt. Við gerðum ekki það sem við ætluðum að gera því miður. Vörn og sókn var slök og það munaði um það að missa stóru mennina í villuvandræði. Ég vil ekki kenna dómurunum um en ég var samt ekki ánægður með þá. Þeir mega skoða sinn hluta í þessum leik," sagði Guðjón.

„Aðalorsökin er samt sú að við vorum ekki nógu miklir naglar að þessu sinni. Það var væntanlega smá þreyta í mínu liði en maður á ekki að hugsa um það í svona leik. Við vorum ekki nægir naglar og kláruðum þetta ekki."

henry@frettabladid.is

## Oddaleikurinn í tölum

**KR-Keflavík 105-89 (55-42)**

**Stig KR:** Brynjar Þór Björnsson 34, Marcus Walker 27, Pavel Ermolinskij 18 (13 frák./7 stoðs.), Skarphéðinn Freyr Ingason 11, Hreggviður Magnússon 7, Jón Orri Kristjánsson 3, Finnur Atli Magnússon 2, Fannar Ólafsson 2 (12 frák.), Matthías Orri Sigurðarson 1.

**Stig Keflavíkur:** Thomas Sanders 26, Andrija Ciric 20, Hörður Axel Vilhjálmsson 13 (7 stoðs.), Gunnar Einarsson 12, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 10 (9 frák.), Magnús Þór Gunnarsson 8.

**KR vann** einvígið 3-2 og mætir Stjörnunni í úrslitaeinvíginu,. Fyrsti leikurinn er í DHL-höllinni á mánudagskvöldið.



**BRYNJAR ÞÓR BJÖRNSSON** Skoraði 34 stig á 32 mínútum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Brynjar Þór Björnsson hjá KR:

## Líklega minn besti leikur

**KÖRFUBOLTI** Brynjar Þór Björnsson átti stórkostlegan leik fyrir KR í gær. Skoraði 34 stig og skoraði magnaðar þriggja stiga körfur.

„Ég er hrikalega stoltur. Mig hefur dreymt um að eiga alvöru leik fyrir framan fullt hús síðan ég var krakki. Maður ólst upp við að horfa á Teit Örlygs og þessa karla fara á kostum. Þetta var líklega minn besti leikur frá upphafi," sagði Brynjar brosmildur.

„Það var bara frábært að fara með þetta í oddaleik og upplifa svona leik með þessum áhorfendum. Þetta var engu lagi líkt," sagði Brynjar en hann sagði aldrei hafa komið til greina að brotna í þessum leik.

„Ég var sjálfur orðinn mjög þreyttur en náði að samt að henda boltanum ofan í. Við breyttum aðeins í þessum leik. Fórum að sækja meira á körfuna í stað þess að skjóta bara þriggja stiga. Það skilaði sínu heldur betur." - hbg


UPPGJÖR MEISTARA!




Í kvöld | Leikur 1
VALUR - FRAM
Vodafone-höllin | Kl. 20.15
Frítt fyrir 15 ára og yngri!

Skemmtiatriði | Grill og gos fyrir leik
N1-leikur í hálfleik | Vegleg verðlaun
Heiðursgestir Vals og Fram
SKYLDUMÆTING!

Sunnudagur 10.apríl | Leikur 2
FRAM - VALUR
Framhús | Kl. 16.00
Frítt fyrir 15 ára og yngri!

# Málning!

**Gerið verðsamanburð á öllum vörum, EKKI BARA TILBOÐUM!**




Deka Pro 4. Loft og veggjamálning. 10 lítrar
**4.990 kr.**




DekaCryl 7 Innimálning. 10 lítrar
**5.490 kr.**




Deka Pro 10 Innimálning. 10 lítrar
**5.995 kr.**




Aqua 25 innimálning á böð 4 lítrar
**3.795 kr.**




Deka Meistaragrunnur Hvítur. 1 líter
**1.395 kr.**




Deka Meistaralakk 40 Akrýllakk. 1 líter
**1.595 kr.**




Scala Lackfarg 30 (olíu) 1 líter
**1.495 kr.**




**Hágæða sænsk málning**
**10% gljástig, verð 10L**
**4.590 kr**
allir ljósir litir




Veggspartl fínt 0,5 lítrar
**695 kr.**




Veggspartl medium 10 lítrar
**3.695 kr.**




Scala Panellakk 15 Glært. 3 lítrar
**3.195 kr.**

**LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM**



Framlengingarskaft fyrir rúllur
**295 kr.**




Hagmans epoxy gólfmálning 4 kg
**9.195 kr.**



MAKO pensill 50mm
**205 kr.**



Gæða rúllusett
**795 kr.**

**VIÐ ERUM EKKI Í EIGU BANKANNA**

***Reykjavík** Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16*
***Reykjanesbær** Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18*
***Akureyri** Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***Húsavík - Vestmannaeyjar***

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**



**PÁLÍNA GUNNLAUGSDÓTTIR** Er mikilvæg fyrir Keflavík innan sem utan vallar. Hér er hún með boltann í leik tvö í Njarðvík. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Keflavíkurkonur geta orðið Íslandsmeistarar í kvöld:

# Pálína með 92 prósenta sigurhlutfall í úrslitunum

**KÖRFUBOLTI** Þriðji leikur Keflavíkur og Njarðvíkur í úrslitaeinvígi Iceland Express-deildar kvenna fer fram í Toyota-höllinni í Keflavík. Keflavík hefur unnið tvo fyrstu leikina, 74-73 í Keflavík og 67-64 í Njarðvík, og verður því Íslandsmeistari í fjórtánda sinn með sigri í kvöld.

Pálína Gunnlaugsdóttir, leikmaður Keflavíkur, þekkir nánast ekkert annað en að vera í sigurliði í lokaúrslitum en hún á nú möguleika á því að vera Íslandsmeistari í fjórða sinn á sex árum. Pálína vann titilinn með Haukum 2006 og 2007 og svo með Keflavík fyrir þremur árum síðan.

Það sem meira er: lið með Pálínu innanborðs hafa unnið 11 af 12 leikjum sínum í lokaúrslitum, sem þýðir jafnframt að þessi orkumikli og skemmtilegi bakvörður er með 92 prósent sigurhlutfall í úrslitaeinvígum um Íslandsmeistaratitilinn.

Eini tapleikur Pálínu í úrslitaeinvígi kom reyndar við svipaðar aðstæður og verða í kvöld. Haukar voru þá búnir að vinna tvo fyrstu leiki sína á móti Keflavík í úrslitaeinvíginu 2007 en töpuðu þriðja leiknum 78-81 á heimavelli sínum á Ásvöllum. Haukar tryggðu sér síðan titilinn með 88-77 sigri í fjórða leiknum, sem fram fór í Keflavík.

Pálína hefur verið í byrjunarliði í öllum þessum leikjum og er með 9,4 stig, 5,0 fráköst og 3,5 stoðsendingar að meðaltali í þeim.

**- óój**

Framarar héldu þriðja sætinu í N1-deild karla þrátt fyrir stórt tap fyrir norðan:

# HK-ingar mæta Akureyringum

**HANDBOLTI** FH-ingar sigruðu HK, 29-27, í sveiflukenndum leik í lokaumferð N1 deildar-karla í gærkvöldi.

FH-ingar voru með frumkvæðið stóran part af leiknum og komust mest sex mörkum yfir í síðari hálfleik, en HK-ingar gefast aldrei upp. HK vann upp forskot FH og komst einu marki yfir, en FH liðið sýndi karakter og kláraði leikinn á lokasprettinum. FH mætir því Fram í undanúrslitum en HK fær Akureyri. Daníel Freyr Andrésson, markvörður FH, átti frábæran leik og varði 15 skot þar af 3 vítaköst. Ásbjörn Friðriksson var einnig frábær fyrir gestina en hann skoraði 9 mörk. Daníel Berg Grétarsson var atkvæðamestur fyrir HK með 5 mörk.

„Ég er bara svekktur því við ætluðum okkar að vinna þennan leik,“ sagði Kristinn Guðmundsson, annar þjálfari HK, eftir ósigurinn í gær.

„Við náðum að vinna okkur vel inn í leikinn og komum virkilega sterkir til baka en það dugði ekki til. Markmiðið með þessum leik var að setja upp ákveðna leikfræði fyrir úrslitakeppnina. Ef við ætlum okkur að vera þar af einhverju viti þá þurfum við að sýna stöðugleika í okkar leik. Ég er mjög ánægður með hvernig liðið kom inn í leikinn í síðari hálfleik og strákarnir sýndu flottan karakter. Við vorum samt algjörir klaufar að klára ekki leikinn og getum bara kennt okkur sjálfum um það. Þetta þýðir bara að við verðum að fara norður og berjast við Akureyringana og það verður krefjandi verkefni,“ sagði Kristinn.



**ÁSBJÖRN FRIÐRIKSSON** Skoraði 9 mörk fyrir FH-inga í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Ég var bara mjög ánægður með liðið í kvöld,“ sagði Kristján Arason, annar þjálfari FH, eftir sigurinn í gær.

„Við náðum að rúlla liðinu mikið og margir fengu að spreyta sig. Við sýndum síðan flottan karakter í lokin með því að vinna leikinn, en við förum aldrei út í þennan leik með það hugarfar að ætla okkur að velja andstæðing í undanúrslitunum. Þriðja umferðin var frábær hjá okkur en við fáum 13 stig af 14 mögulegum. Það hefur verið nokkuð mikið basl á okkur með meiðsli í vetur en við erum alveg klárir í úrslitakeppnina,“ sagði Kristján að lokum.

**- sáp**

## N1 DEILD KARLA

**HK - FH 27-29 (14-17)**

**Mörk HK (skot):** Daníel Berg Grétarsson 6 /1 (10/2), Ólafur Bjarki Ragnarsson 5 (10/1), Atli Ævar Ingólfsson 5 (8), Bjarki Már Elísson 3/1 (8/2), Atli Karl Backmann 2 (3), Sigurjón Björnsson 2 (2), Vilhelm Gauti Bergsveinsson 1 (3), Hörður Másson 1 (3), Ármann Davíð Sigurðsson 1 (1), Léó Snær Pétursson 1 (1).

**Varin skot:** Björn Ingi Friðþjófsson 12 (25/3, 32%), Andreas Örn Aðalsteinssin 3 (4 , 42%)

**Mörk FH (skot):** Ásbjörn Friðriksson 9/3 (13/3), Benedikt Reynir Kristinsson 8 (9), Ólafur Gústafsson 3 (9), Halldór Guðjónsson 3 (3), Ólafur Guðmundsson 3 (9), Atli Rúnar Steinþórsson 2 (3), Ari Magnús Þorgeirsson 1 (1), Logi Geirsson 0 (1).

**Varin skot:** Daníel Andrésson 15/3 (26/2, 37%.), Sigurður Örn Arnarson 2 (1 , 66%.)

**Akureyri - Fram 35-26 (17-12)**

**Mörk Akureyrar:** Bjarni Fritzson 10, Guðmundur Hólmar Helgason 6, Oddur Gretarsson6, Daníel Einarsson 6, Heimir Örn Árnason 4, Hörður Fannar Sigþórsson 2, Hreinn Þór Hauksson 1.

**Mörk Fram:** Andri Berg Haraldsson 5, Jóhann Karl Reynisson 5, Halldór Jóhann Sigfússon 4, Arnar Birkir Hálfdánsson 4, Matthías Daðason 2, Róbert Aron Hostert2, Magnús Stefánsson 1, Einar Rafn Eiðsson 1, Jóhann Gunnar Einarsson 1, Hákon Stefánsson 1.

**Haukar-Valur 21-23 (8-13)**

**Mörk Hauka:** Freyr Brynjarsson 3, Guðmundur Árni Ólafsson 3, Jónatan Ingi Jónsson 3, Stefán Rafn Sigurmannsson 3, Björgvin Þór Hólmgeirsson 3, Sveinn Þorgeirsson 2, Einar Örn Jónsson 2, Tjörvi Þorgeirsson 1, Einar Pétur Pétursson 1.

**Mörk Vals:** Anton Rúnarsson 8, Sturla Ásgeirsson 5, Finnur Ingi Stefánsson 3, Orri Freyr Gíslason 2, Heiðar Þór Aðalsteinsson 2, Valdimar Fannar Þórsson 2, Ernir Hrafn Arnarson 1,

**Afturelding - Selfoss 24-26 (9-14)**

**Mörk Aftureldingar:** Sverrir Hermannsson 4, Hilmar Stefánsson 3, Bjarni Aron Þórðarson 3 Böðvar Páll Ásgeirsson 3, Þrándur Gíslason 2, Ásgeir Jónsson 2, Jóhann Jóhannsson 2, Daníel Jónsson 2, Reynir Ingi Árnason 1, Jón Andri Helgason 1, Haukur Sigurvinsson 1.

**Mörk Selfoss:** Andrius Zigelis 8, Milan Ivancev 6, Ragnar Jóhannsson 5, Guðjón Finnur Drengsson 2, Ómar Vignir Helgason 2, Sebastian Alexandersson 1, Atli Kristinsson 1, Helgi Héðinsson 1.

**Akureyri-HK og FH-Fram** mætast í undanúrslitum úrslitakeppninnar sem hefst á fimmtudag.




TAKTU FRAM SKÓNA
ADIDAS PREDATOR X TRX FG
Verð: 49.990 kr.
ADIDAS F30-
Verð: 24.990 kr.
ADIDAS PREDATOR X TRX AG
Verð: 24.990 kr.
ADIDAS F10-
Verð: 16.990 kr.
Tilboð:
12.990 kr.
ADIDAS PREDATOR X AG
Barnaskór. Verð: 13.990 kr.
Tilboð:
11.990 kr.
ADIDAS PREDATOR X TF
Barnaskór. Verð: 13.990 kr.
Tilboð:
11.990 kr.
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS
ÚTILÍF

## > John C. Reilly

„Ég reyni að velja hluti sem ögra mér annaðhvort líkamlega eða andlega, eða svo að ég þurfi að þjálfa nýjan hæfileika.“

***John C. Reilly leikur söngvarann Dewey Cox, sem kvænist þrisvar, eignast 22 börn og 14 stjúpbörn í gamanmyndinni Walk Hard: The Dewey Cox Story en myndin gerir grín að ævisögum tónlistargoðsagna á hvíta tjaldinu og er á Stöð 2 kl. 21.35.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON ER SORGMÆDDUR

# *Missa El Clasico gildi sitt*

Spænska deildin í knattspyrnu verður seint sökuð um að vera spennandi. Og mér finnst alltaf fyndið þegar Stöð 2 Sport auglýsir deildina eins og hver leikur snúist upp á líf og dauða og það eru bara sýndir leikmenn tveggja liða: Barcelona og Real Madrid. Spænska deildin er nefnilega minnst spennandi deildin í heimi hinna stóru evrópsku félaga því hún verður alltaf einvígi milli risanna tveggja.

En það eru einmitt leikir þeirra liða sem fá mann til að fylgjast með spænska boltanum. Raunar er það hálfgerð helgistund á mínu heimili þegar þessi tvö félög mætast, rígurinn er hrikalegur og leikmönnum sem svíkja lit og leika með óvininum er mætt með þvílíkum fjandskap að annað eins þekkist ekki (Katalónar köstuðu meðal annars símum og svínshöfðum að Luis Figo þegar hann heimsótti Camp Nou í hvítum búningi Real Madrid).



**RISASTRÍÐ** Barcelona og Real Madrid eiga eftir að mætast fjórum sinnum á örskömmum tíma sem verður til þess að draga úr mikilvægi El Clasico.

Og hingað til hafa þetta bara verið tveir leikir á ári, tvær styrjaldir sem skera nánast úr um hvoru megin Spánar-titillinn lendir. 2011 er því miður undantekning. Barcelona og Real Madrid mætast að öllum líkindum í undanúrslitum Meistaradeildarinnar (mega bæði tapa 0-3 í seinni leiknum sínum), þau leika í úrslitum um spænska konungsbikarinn og loks í eiginlegum El Clasico í deildinni.

Þessir fjórir leikir eiga vafalítið eftir draga úr þeirri spennu sem ríkir milli þessara félagsliða og að einhverju leyti draga vígtennurnar úr El Clasico. Það er ekki þar með sagt að ég eigi eftir að missa af þeim.

## SJÓNVARPIÐ

**15.40 „Love Is in the Air“**
**16.50 Kallakaffi** (6:12)
**17.20 Skólahreysti** (3:6) (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Otrabörnin** (16:26)
**18.22 Pálína** (11:28)
**18.30 Hanna Montana** (Hannah Montana) Leiknir þættir um unglingstúlku sem lifir tvöföldu lífi sem poppstjarna og skólastúlka sem reynir að láta ekki frægðina hafa áhrif á líf sitt.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Úrslitakeppnin í handbolta** Bein útsending frá leik í úrslitakeppni kvenna.
**21.50 Gagnáhlaup** (1:3) (Strike Back) Breskur myndaflokkur. Leiðir tveggja breskra hermanna liggja aftur saman sjö árum eftir að þeir reyndu að frelsa gísl frá hryðjuverkamönnum í Basra í Írak. Meðal leikenda eru Richard Armitage, Andrew Lincoln, Orla Brady, Jodhi May og Shelley Conn.
**23.25 Hreinn sveinn** (The 40 Year Old Virgin) Andy er fertugur en hefur aldrei sofið hjá. Hann segir félögum sínum frá því og þeir leggjast á eitt við að finna handa honum bólfélaga. Leikstjóri er Judd Apatow og meðal leikenda eru Steve Carell, Catherine Keener, Paul Rudd og Romany Malco. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. Bandarísk gamanmynd frá 2005. (e)
**01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Harry Potter and the Half-Blood Prince**
**10.30 Rain man**
**12.40 Skoppa og Skrítla í bíó**
**14.00 Harry Potter and the Half-Blood Prince**
**16.30 Rain man**
**18.40 Skoppa og Skrítla í bíó**
**20.00 Get Smart**
**22.00 Impact Point**
**00.00 The Love Guru**
**02.00 Cake. A Wedding Story**
**04.00 Impact Point**
**06.00 Blonde Ambition**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 60 mínútur**
**11.00 'Til Death** (12:15)
**11.25 Auddi og Sveppi**
**11.50 Logi í beinni**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (7:24)
**13.25 The Lost World: Jurassic Park**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (12:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Auddi og Sveppi**
**19.50 American Idol** (24:39) Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol og aðeins níu bestu söngvararnir eru eftir. Keppendur þurfa því að leggja enn harðar að sér.
**20.50 American Idol** (25:39) Nú kemur í ljós hvaða átta keppendur halda áfram í American Idol og eiga áfram von um að verða næsta söngstjarna Bandaríkjanna.
**21.35 Walk Hard: The Dewey Cox Story** Myndin fjallar um söngvarann Dewey Cox (John C. Reilly) og hans viðburðaríku ævi. Cox kvænist þrisvar, eignast 22 börn og 14 stjúpbörn, leikur í sjónvarpsþætti, vingast við Elvis og Bítlana, lendir í mikilli óreglu en þrátt fyrir allt verður hann þjóðarstolt.
**23.10 Conspiracy** Spennumynd með Val Kilmer í hlutverki fyrrverandi hermanns sem ákveður að heimsækja vin sinn og stríðsfélaga. Þegar hann kemur á hans heimaslóðir er vinurinn horfinn og enginn vill viðurkenna að hafa yfirhöfuð þekkt hann.
**00.40 Clerks 2**
**02.15 School for Scoundrels**
**04.00 Auddi og Sveppi**
**04.25 Frasier** (7:24)
**04.50 'Til Death** (12:15)
**05.15 The Simpsons** (12:22)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**13.10 The Masters**
**17.10 Evrópudeildarmörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Evrópudeildinni í knattspyrnu. Öll helstu tilþrifin og umdeildu atvikin á einum stað.
**18.00 La Liga Report** Leikir helgarinnar í spænska boltanum krufðir til mergjar og hitað upp fyrir leikina á Spáni.
**18.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.
**19.00 The Masters** Bein útsending frá öðrum keppnisdegi á fyrsta risamóti ársins, The Masters. Þar keppa allir bestu kylfingar heims um ein eftirsóttustu verðlaunin í golfheiminum, græna jakkann.
**23.00 F1: Föstudagur** Hitað upp fyrir komandi keppni í Formúlu 1-kappakstrinum. Gunnlaugur Rögnvaldsson skoðar undirbúning liðanna fyrir kappaksturinn.
**23.30 European Poker Tour 6** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.
**04.55 Formúla 1 - Æfingar** Bein útsending frá lokaæfingunni fyrir Formúlu 1 kappaksturinn.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.45 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta fram hjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og líflég og fagleg umræða um enska boltann.
**17.00 Wigan - Tottenham** Útsending frá leik Wigan og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.
**18.45 WBA - Liverpool** Útsending frá leik West Brom og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
**20.30 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.00 Premier League Preview**
**21.30 Premier League World**
**22.00 Muller** Næstur í röðinni af bestu knattspyrnumönnum samtímans er enginn annar en Gerd Muller.
**22.30 Premier League Preview**
**23.00 Stoke - Chelsea** Útsending frá leik Stoke City og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 Dyngjan** (8:12) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Innlit/ útlit** (5:10) (e)
**09.15 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Dyngjan** (8:12) (e)
**12.50 Innlit/ útlit** (5:10) (e)
**13.20 Pepsi MAX tónlist**
**16.50 Girlfriends** (1:22) (e)
**17.15 Dr. Phil**
**18.00 HA?** (11:15) (e)
**18.50 America's Funniest Home Videos** (e)
**19.15 Game Tíví** (11:14)
**19.45 Whose Line is it Anyway?**
**20.10 Royal Pains** (10:18) Hank er einkalæknir ríka og fræga fólksins í Hamptons.
**21.00 30 Rock** (18:22) Liz kemst að því að samstarfsfólkið vill ekki bjóða henni að vera með í vikulegum samkvæmum og reynir að sanna að hún geti verið skemmtileg.
**21.25 Makalaus** (6:10) Þættir sem byggðir eru á samnefndri metsölubók Tobbu Marinós.
**21.55 Law & Order: LA**(3:22) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara.
**22.40 Jay Leno.**
**23.25 The Good Wife** (11:23) (e)
**00.15 Rabbit Fall** (2:8) (e)
**00.45 Royal Pains** (10:18) (e)
**01.30 Law & Order: LA** (3:22) (e)
**02.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.00 Shell Houston Open** (4:4)
**11.10 Golfing World**
**12.50 PGA Tour - Highlights** (13:45)
**13.45 Shell Houston Open** (4:4)
**16.40 Champions Tour - Highlights** (6:25)
**17.35 Inside the PGA Tour** (14:42)
**18.00 Golfing World**
**18.50 World Golf Championship** (2:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights** (13:45)
**23.45 ESPN America**

## EXTRA

**19.30 The Doctors**
**20.15 Smallville** (20:22) Áttunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.55 Arnar og Ívar á ferð og flugi** (3:5) Skemmtilegur ferðaþáttur með Arnari og Ívari sem heimsækja fimm borgir og skoða m.a. matarvenjur og heilsufar viðkomandi þjóðar, smakka og rýna í vinsælasta skyndibita staðarins og athuga hollustu hans.
**22.25 Steindinn okkar** (1:8) Steindi Jr. er mættur aftur í nýrri og drepfyndinni seríu og fær fjölmarga þjóðþekkta Íslendinga til liðs við sig, jafnt þá sem þegar hafa getið sér gott orð í gríninu og hina sem þekktir eru fyrir eitthvað allt annað.
**22.55 NCIS** (9:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum.
**23.40 Fringe** (9:22) Þriðja þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar.
**00.25 Life on Mars** (17:17)
**01.10 Smallville** (20:22)
**01.55 The Doctors**
**02.40 Auddi og Sveppi**
**03.20 Fréttir Stöðvar 2**
**04.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** Með Hildu Jönu Gísladóttur

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin.
**21.00 Ævintýraboxið** Stefán Drengsson og félagar.
**21.30 Punkturinn** Ærsl og ólátabelgir, stundum alveg á mörkunum. Lokaþáttur.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7**FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.20
### Auddi og Sveppi

Hemmi Gunn verður gestur þeirra Audda og Sveppa á Stöð 2 í kvöld. Hemmi er mikill fjörkálfur og það verður gaman að sjá hverju hann tekur upp á með strákunum en hann sýndi snilldartilþrif í kvikmyndastiklu sem Auddi gerði í þætt-inum fyrir skömmu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.00** Fréttir **15.03** Smásaga: Fugl á garðstaurnum **15.25** Þær höfðu áhrif **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Eyðieyjan **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.16** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**08.55** Deal or No Deal **09.25** Deal or No Deal **10.00** My Family **10.30** Top Gear 2007. Polar Special **11.25** Keeping Up Appearances **11.55** ‚Allo ‚Allo! **12.25** Fawlty Towers **13.00** Judge John Deed **13.50** Jonathan Creek **14.40** Deal or No Deal **15.15** Deal or No Deal **15.50** Keeping Up Appearances **16.20** ‚Allo ‚Allo! **16.50** Fawlty Towers **17.25** Hustle **18.20** Ashes to Ashes **19.10** Hunter **20.00** Silent Witness **20.55** Silent Witness **21.45** Keeping Up Appearances **22.15** ‚Allo ‚Allo! **22.50** Fawlty Towers **23.20** Hustle

## DR 1

**10.10** Jersild Live **10.35** Grøn glæde **11.00** Så er der pakket **11.30** Søren Ryge **12.00** Vores Liv **12.30** Gintberg på kanten **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Humf **14.05** Timmy-tid **14.15** Kasper & Lise **14.30** Peter Pedal **15.00** Landsbyhospitalet **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Bonderøven **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Ørkenens Sønner **19.00** TV Avisen **19.30** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **20.15** The Contract **21.45** You Got Served

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Schrödingers katt **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** NRK nyheter **14.10** Oppdrag Sognefjorden **14.40** Glimt av Norge **14.50** Filmavisen 1960 **15.00** NRK nyheter **15.10** Fredag i hagen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.40** Norge rundt **18.05** Popstokk **18.55** Nytt på nytt **19.30** Skavlan **20.30** Ari og Per **21.00** Kveldsnytt **21.15** Sporløst forsvunnet **22.00** Festcountry med Vassendgutane

## SVT 1

**09.15** Go'kväll **10.00** Rapport **10.05** Debatt **10.50** Våren med pappa **11.45** Gynekologen i Askim **12.45** Kan man älska igen? **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Party animals **14.55** Golf: US Masters **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Så ska det låta **19.00** Allt flyter **20.40** Golf: US Masters **23.30** Rapport **23.35** Julian Assange - världens kärleksaffär






## FÖSTUDAGSLAGIÐ



*„Ég er ekkert með neitt svakalega mörg lög inni á iTunes en þegar ég vil komast í fíling er það Check It Out með Beastie Boys.“*

Þorsteinn Guðmundsson, grínisti og leikari.

# María Birta og Gillz í djarfri kynlífssenu

„Við erum ekki alveg búnir að negla hvernig við ætlum að gera atriðið, en þetta er kynlífsatriði sem gerist í partíi með mörgum þátttakendum,“ segir Óskar Þór Axelsson, leikstjóri kvikmyndarinnar Svartur á leik. Tökur á myndinni hefjast í lok þessa mánaðar og eru þeir Jóhannes Haukur Jóhannesson og Þorvaldur Davíð Kristjánsson í aðalhlutverkum ásamt Maríu Birtu Bjarnadóttur og Agli Einarssyni, betur þekktum sem Gillz.

María Birta hefur lýst því yfir í fjölmiðlum að í kvikmyndinni verði djörf kynlífssena og nú er komið í ljós að það er Egill Einarsson, sjálfur Gillz, sem mun leika á móti henni í senunni. Óskar Axel vildi ekki gefa upp nein smáatriði í sambandi við það, sagði það þó eiga sér stað í kringum einn af hápunktum kvikmyndarinnar. „Þetta er ekkert „full monty“-atriði en það er svolítið djarft og krefjandi fyrir leikarana.“ Hann upplýsir að Egill hafi komið honum og öðrum sem standa að myndinni á óvart í samlestri og á æfingum. „Hann hefur staðið sig alveg frábærlega, hann er mjög „pró“ og það er ekki að sjá að hann sé eitthvað óreyndur.“

Ekki náðist í Maríu Birtu í gær en Egill var kokhraustur að vanda þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Hann segist ekkert vera óvanur því að skella sér úr að ofan og raunar heldur ekki að leika í ástarsenu. Hann og Auðunn Blöndal voru auðvitað mjög innilegir í stiklukeppni Sveppa og Audda fyrir skemmstu. Spurður hvað kærustunni hans, Gurrý Jónsdóttur, finnist um þetta segir Egill að hún skilji líf leikarans. „Maður er jú bara að leika.“ **- fgg**



**SÖGULEGT** María Birta og Egill Einarsson, Gillz, leika í ástaratriði í kvikmyndinni Svartur á leik. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Tvær íslenskar kvikmyndir eru á topp fimm listanum yfir mest sóttu kvikmyndir landsins. Kurteist fólk með **Stefáni Karli Stefánssyni**, Eggert Þorleifssyni og **Ragnhildi Steinunni** í helstu hlutverkum fer ágætlega af stað en alls sáu hana 2.200 um helgina. Myndin segir frá seinheppnum verkfræðingi sem missir konu og vinnu og heldur til Búðardals og reynir að bjarga Sláturfélaginu. Okkar eigin Osló með Brynhildi Guðjónsdóttur og Þorsteini Guðmundssyni situr síðan makindalega í fimmta sæti en yfir tuttugu þúsund áhorfendur hafa séð hana. Því má síðan halda til haga að toppmyndin er Sucker Punch, en í þeirri kvikmynd má heyra tónlist Bjarkar og Emilíönu Torrini. **- fgg**




## Ný námskeið að hefjast

Hot power yoga
– hefst þriðjudaginn 12. apríl.
Byrjendanámskeið
– hefst máudaginn 11. apríl.

JÓGA Stúdíó



Hatha jóga
Hot power yoga
Hot jóga
Slökunarjóga
Chakradans
Hugleiðsla
Heilun

Seljavegur 2 - 101 Reykjavík
www.jogastudio.is - jogastudio@hotmail.com



Ágústa Kolbrún Jónsdóttir
772-1 025



Drífa Atladóttir
695-8464

## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Bjart með köflum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 8.4. Kl. 20:00 Frums. U | Fim 28.4. Kl. 20:00 5. sýn Ö | Fös 13.5. Kl. 20:00 Ö |
| Lau 9.4. Kl. 20:00 2. sýn U | Fös 29.4. Kl. 20:00 6. sýn U | Lau 14.5. Kl. 16:00 br.sýn Ö |
| Fös 15.4. Kl. 20:00 3. sýn U | Fös 6.5. Kl. 20:00 7. sýn Ö | Fim 19.5. Kl. 20:00 Ö |
| Lau 16.4. Kl. 20:00 4. sýn U | Lau 7.5. Kl. 20:00 8. sýn Ö | |

**Allir synir mínir** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Mið 13.4. Kl. 20:00 U | Lau 30.4. Kl. 20:00 Ö | Mið 11.5. Kl. 20:00 |
| Fim 14.4. Kl. 20:00 U | Mið 4.5. Kl. 20:00 | Fim 12.5. Kl. 20:00 |
| Mið 27.4. Kl. 20:00 Ö | Fim 5.5. Kl. 20:00 Ö | Mið 18.5. Kl. 20:00 |

**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 10.4. Kl. 14:00 U | Sun 1.5. Kl. 14:00 Ö | Sun 15.5. Kl. 14:00 Ö |
| Sun 10.4. Kl. 17:00 Ö | Sun 1.5. Kl. 17:00 Ö | Sun 22.5. Kl. 14:00 |
| Sun 17.4. Kl. 14:00 U | Sun 8.5. Kl. 14:00 | |
| Sun 17.4. Kl. 17:00 Ö | Sun 8.5. Kl. 17:00 | |

**Brák** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 8.4. Kl. 20:00 U | Þri 12.4.Kl. 20:00 U | Fös 15.4. Kl. 20:00 síð.sýn Ö |

**Hedda Gabler** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 9.4. Kl. 20:00 Ö | Lau 16.4. Kl. 20:00 Ö | Lau 30.4. Kl. 20:00 |
| Sun 10.4. Kl. 20:00 Ö | Sun 17.4. Kl. 20:00 Ö | Sun 1.5. Kl. 20:00 |

**Sindri silfurfiskur** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 10.4. Kl. 15:00 Ö | Sun 17.4. Kl. 15:00 | |

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki


TINDUR JENSSON: ÞETTA ERU VEGLEGIR VINNINGAR

# Menntskælingar keppa um hálfa milljón í söngkeppni

„Það er engin kreppa í söngkeppninni. Kreppan er bara búin,“ segir Tindur Jensson, verkefnisstjóri hjá viðburðafyrirtækinu AM Events.

Fyrirtækið heldur utan um Söngkeppni framhaldsskólanna sem fer fram á laugardaginn. Sigurvegarinn fer ekki heim með tvær hendur tómar þegar úrslitin verða kunngjörð í beinni útsendingu á Stöð 2 því hann fær verðlaun sem nema um hálfri milljón íslenskra króna. Meðal þess er ferð fyrir einn til Ibiza með öllu tilheyrandi, iPhone 4 sími, árskort í Hreyfingu og 60 þúsund króna úttekt frá Cintamani auk tveggja daga í Stúdíó Sýrlandi.

„Tímarnir breytast, þetta eru allsvakaleg verðlaun. Ætli skólinn min, Margmiðlunarskólinn, geti tekið þátt?“ spyr Sverrir Bergmann, sem vann þessa keppni árið 2000 þegar hann söng Bon Jovi slagarann Always við íslenskan texta Auðuns Blöndal. Verðlaunin þá voru ekkert í líkingu við það sem tíðkast nú. „Ég man mjög vel að ég fékk farandbikar en ekki eignarbikar, sem var mjög súrt, og svo einhverja tíma í hljóðveri,“ rifjar Sverrir upp. Hann fékk reyndar líka síma eins og sigurvegarinn í ár; bláan Sony Ericsson og honum fylgdi símanúmer. „Hann þótti mjög flottur á sínum tíma og hefur örugglega kostað fimmtán þúsund krónur.“ Sverrir fékk einnig út að borða fyrir tvo en man ómögulega á hvaða veitingastað það var. „Ég man bara að ég fékk mér pitsu.“

Alls keppir 31 atriði um þennan eftirsóknarverða titil en við sögu kemur 71 keppandi frá öllu landinu. Keppnin fer að venju fram í Íþróttahöllinni á Akureyri, sem tekur tvö þúsund gesti í sæti, og munu Mið-Íslands félagarnir Jóhann Alfreð og Bergur Ebbi kynna keppnina í ár. Öll gistihús og hótel eru uppbókuð fyrir norðan enda fer snjóbretta- og tónlistarhátíðin AK Extreme fram á sama tíma. Er því búist við metfjölda menntskælinga til bæjarins um helgina.

**freyrgigja@frettabladid.is**



**EKKERT SMÁRÆÐI** Sigurvegarinn í Söngkeppni framhaldsskólanna verður leystur út með glæsilegum vinningum. Hann fær úttekt úr Cintamani, iPhone 4 síma, ferð til Ibiza með öllu tilheyrandi, árskort í Hreyfingu og tvo daga í Stúdíó Sýrlandi. Sverrir Bergmann, sem vann keppnina árið 2000, fékk bláan Ericsson-síma, farandbikar og út að borða fyrir tvo.

# Leita aðdáanda Ghostface Killah

Ingibjörg Finnbogadóttir, framkvæmdastjóri RFF, leitar nú logandi ljósi að ungum manni sem sótti tónleika rapparans Ghostface Killah síðasta laugardag. Pilturinn sóttist eftir eiginhandaráritun rapparans á geisladisk og tóku aðstandendur RFF-hátíðarinnar það að sér að útvega honum hana. Geisladiskurinn hefur þó ekki enn komist í hendur eiganda síns.

„Starfsmaður RFF sá strákinn standa í þvögunni og veifa geisladiski og penna. Hún ákvað að athuga hvað væri í gangi og hann segir henni að hann sé að reyna að verða sér úti um eiginhandaráritun Ghostface Killah. Starfsmaðurinn ákvað að aðstoða strákinn og tekur að sér að fá diskinn áritaðan,“ útskýrir Ingibjörg. Diskurinn komst í hendur rapparans daginn eftir tónleikana og tók Ingibjörg svo aftur við honum með það að markmiði að skila honum til eiganda síns. „Við höfum ekki fundið strákinn ennþá og auglýsum því eftir honum hér,“ segir Ingibjörg. Kveðjan sem rapparinn skrifaði til hins unga manns var að sögn Ingibjargar mjög hlýleg og skrifaði hann meðal annars „Thanks for everything. Stay strong. Warm love, Ghostface“. Eigandi disksins getur nálgast hann í móttöku Fréttablaðsins. **- sm**



**EIGANDA LEITAÐ** Ingibjörg Finnbogadóttir, framkvæmdastjóri RFF, leitar að eiganda geisladisks sem rapparinn Ghostface Killah áritaði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ

# Gæðavörur

*á góðu verði*



**Leggingsbuxur**
Margar stærðir og gerðir
**999–4.990**






**Dömu bómullarbolir**
Stærðir XS-XL
**999**



**Herra bómullarbolir**
Stærðir XS-XXXL
**999**



**Herra bómullarbolir**
Stærðir XS-XXXL
**999**






**Jakkaföt**
Nokkrir litir, stærðir 46–64
**14.990**

GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8

*Opið 11–19 alla daga vikunnar, nema sunnudaga 12–17 / Sími 534 4451*

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Edda hafði betur

Gettu betur festi sig í sessi sem vinsælasti spurningaþáttur landsins um síðustu helgi þegar úrslitin í spurningakeppni framhaldsskólanna fóru fram. Þetta kemur fram í nýjustu áhorfskönnun Capacent Gallup en tæplega 36 prósent þjóðarinnar horfðu á **Eddu Hermannsdóttur** spyrja fluggáfaða menntaskólanema spjörunum úr. Eins og flestum er enn í fersku minni lagði lið Kvennaskólans Menntaskólann í Reykjavík í æsispennandi keppni. Gettu betur hafði betur í slagnum við lokaþátt Útsvars en munurinn var vart mælanlegur. Vinsælasti þáttur landsins er sem fyrr Tími nornarinnar, fyrsta sjónvarpsþáttaröð Friðriks Þórs Friðrikssonar.



### Sonur Helga gerir það gott

Blendingshljómsveitin The Musik Zoo hefur vakið nokkra athygli upp á síðkastið og nýtt lag hennar, Cold Killer, þykir líklegt til vinsælda. Þekktustu meðlimir sveitarinnar eru Kristinn og Guðlaugur Júníussynir, sem áður voru í Vínyl, og Egill Ólafur Thorarensen, betur þekktur sem MC Tiny, sem rappaði með Quarashi undir það síðasta. Á hljómborð í bandinu leikur svo Björn Halldór Helgason, sem hefur ekki verið áberandi í tónlistarlífi landsmanna fram til þessa. Hann á hins vegar ekki langt að sækja músíkina, því faðir hans er enginn annar en stórsöngvarinn **Helgi Björnsson.**



- fgg / kh

## Mest lesið vísir

1. Mér leið hræðilega og ég hafði ekkert að borða
2. Fararstjóri dæmdur fyrir að káfa á unglingsstúlku
3. Fjórtán ára fangelsi fyrir árásina á Ólaf
4. Svona er hinn fullkomni dagur – sjón er sögu ríkari
5. Sunneva og Snorri Páll sýknuð





VORTILBOÐ

20-50% AFSLÁTTUR

FAGLEG RÁÐGJÖF OG
FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?
- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.



Vertu örugg/ur.
Komdu í greiningu

FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM

MINNUM Á OKKAR FRÁBÆRU FERMINGARTILBOÐ!

Veldu það besta! Kauptu íslenskt

ROYAL OG CLASSIC
Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm

Bjóðum 6 mánaða vaxtalausa
VISA / EURO greiðsludreifingu



VORTILBOÐ
Frí heimsending á hjónarúmum!
Tökum gamla rúmið upp í nýtt!

ÞÚ GÆTIR UNNIÐ IPHONE 4



VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM
Rúmgott er eini framleiðandi landsins í svæðaskiptum heilsudýnum

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is